

Stofnun fyrirtækja

- Formreglur, réttindi og skyldur -

Útgefendur:

Impra nýsköpunarmiðstöð

Háskólinn í Reykjavík

Ax hugbúnaðarhús

Stofnun fyrirtækja - Formreglur, réttindi og skyldur

Höfundur: Lilja Dóra Halldórsdóttir

© Iðntæknistofnun, Háskólinn í Reykjavík og Ax hugbúnaðarhús

Prentun: Prentmet

Umbrot og hönnun: Ólafur Angantýsson

Prófarkalesari: Margrét Ísdal

Útgefendur: Impru nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun og Háskólinn í Reykjavík

Stuðningsaðilar bókarinnar eru Ax hugbúnaðarhús og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið

ISBN 9979-9252-9-9

Verkefnisstjórn:

Karl Friðriksson, verkefnisstjóri, Iðntæknistofnun

Lilja Dóra Halldórsdóttir, höfundur, Háskólanum í Reykjavík

Sigríður Ingvarsdóttir, Impru nýsköpunarmiðstöð

Eygló Harðardóttir, Ax hugbúnaðarhúsi

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti án skriflegs leyfis útgefanda.

Vefur Iðntæknistofnunar: www.iti.is

Vefur Háskólans í Reykjavík: www.ru.is

Vefur Ax hugbúnaðarhúss: www.ax.is

Efnisyfirlit

Inngangsorð **7**

Formáli **9**

Fyrirtækið **11**

Rekstrarform	11
Einstaklingsfyrirtæki (firma)	11
Sameignarfélög	13
Hlutafélög	16
Önnur rekstrarform	24
Starfsleyfi	27
Verslunarleyfi	27
Leyfi frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd	28
Leyfi frá Vinnueftirliti ríkisins	30
Iðnaðarleyfi	32
Löggilding	32
Innflutnings- og útflutningsleyfi	33
Ýmis önnur leyfi	33

Ábyrgð stjórnenda **35**

Helstu skyldur stjórnar	35
Helstu skyldur framkvæmdastjóra	37
Skaðabóta- og refsíabyrgð	38
Skaðabótaábyrgð	38
Refsíabyrgð	40

Bókhald og reikningsskil **42**

Einhliða og tvíhliða bókhald	43
Skráning og varðveisla	44

Bókhaldslyklar	47
Ársreikningur og skýrsla stjórnar	48

Skattar og gjöld **51**

Skráningarskyldan	51
Tekjuskattur, eignaskattur o.fl.	52
Virðisaukaskattur	53
Útskattur og innskattur	54
Uppgjör virðisaukaskatts	55
Vörugjald	57
Iðnaðarmálagjald og búnaðargjald	58
Staðgreiðsla tekjuskatts og tryggingagjalds	58
Reiknað endurgjald	60
Fjármagnstekjuskattur	62
Tollar	63

Hugverkavernd **65**

Einkaleyfi	66
Hönnunarvernd	67
Höfundaréttur	69
Vörumerki	69
Félagamerki	71
Lénsheiti á Netinu	71

Kröfur til vöru **73**

Alþjóðleg lög, EES	73
Viðurkenningarferli vöru	74
Almennar reglur um kröfur til vöru	76
Eftirlit með öryggi vöru	78

Gallaðar vörur	80
----------------	----

Samkeppni og neytendavernd **81**

Samkeppnislög	81
Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd	82
Auglýsingar	83
Merkingar vöru eða þjónustu	83
Ábyrgðaryfirlýsingar og leiðbeiningar	84
Atvinnuheiti	84
Gjafir	85
Almennt um ósanngjarna samningsskilmála	85
Neytendalán	86
Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga	87
Lög um persónuupplýsingar	88
Lög um vexti og dráttarvexti	89
Lög um útboð	90

Starfsfólk **92**

Ráðning starfsmanns	92
Ráðning erlendra starfsmanna	94
Starfsmaður ekki ríkisborgari EES	94
Starfsmaður er ríkisborgari EES-ríkis	95
Skattar erlendra starfsmanna	96
Þjónusta veitt af hálfu erlendra aðila	96
Um réttindi og skyldur ráðningarsambands	99
Hlýðniskylda	99
Trúnaðarskylda	100
Réttur til launa	100
Vinnutími	101

Vinna barna og ungmenna	102
Orlof	103
Jafnrétti og samræming vinnu og fjölskyldulífs	104
Veikindi og vinnuslys	106
Fæðingar- og foreldraorlof	107
Uppsagnir og hópuppsagnir	109
Greiðslur skatta og gjalda vegna starfsmanna	111
Samningsbundin skyldutrygging	113
Verktakar	113

Húsnæði og vinnuumhverfi **116**

Staðsetning	116
Öryggi og vinnuumhverfi	117

Félagslegt öryggi atvinnurekenda **120**

Lífeyrissjóðir	120
Atvinnuleysisbætur	121
Almannatryggingar	122
Frjálsar tryggingar	124

Stuðningsumhverfi fyrirtækja **126**

Opinber stuðnings- og átaksverkefni	127
Frumkvöðlasetur	128
Sókn á erlenda markaði	128

Inngangsorð

Að stofna fyrirtæki á Íslandi er tiltölulega einfalt mál. Engu að síður er mikilvægt að hafa við höndina lög og reglugerðir og ýmislegt fleira sem málið varðar. Bókin *Stofnun fyrirtækja*, sem nú kemur út í annað sinn, er mikilvægt tæki til að gera stofnendum fyrirtækja auðveldara að takast á við verkefnið. Bókin hefur verið uppfærð og endurskrifuð með tilliti til breyttra aðstæðna og í henni er einnig að finna mikilvæg atriði er varða daglegan rekstur.

Það er von mín að þessi bók muni reynast þeim sem hyggjast hrinda viðskiptahugmyndum sínum í framkvæmd og stofna og reka fyrirtæki leiðarvísir og nytsamlegt uppfletti-rit. Nýsköpun er ein helsta forsenda þess að unnt sé að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Vel rekin fyrirtæki, stór og smá, eru undirstaða öflugs efnahagslífs.

Með ósk um gott gengi,
Valgerður Sverrisdóttir,
Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Formáli

Stofnun fyrirtækis fylgir að jafnaði nokkur áhætta og alltaf ábyrgð. Frumkvöðlar þurfa að kynna sér vel gildandi lög og reglur sem taka þarf tillit til við stofnun og rekstur fyrirtækja. Upplýsingar er víða að finna, hjá opinberum stofnunum, félagasamtökum, fagaðilum og menntastofnunum, en heildstætt safn upplýsinga hefur þó vantað. Markmiðið með þessu riti er að draga saman á einn stað upplýsingar um helstu formreglur varðandi stofnun fyrirtækja. Ritið er í handbókarformi og vísar textinn oftast en ekki á ítarefni, heimasíður eða stofnanir sem veita frekari upplýsingar. Einstakar reglur eru breytingum háðar og ávallt er öruggast að leita í frumgögn, eins og lög og reglugerðir. Þá vil ég benda sérstaklega á heimasíðu Impru nýsköpunarmiðstöðvar, www.impra.is, þar sem finna má margvíslegt stuðningsefni.

Samstarfsmönnum mínum í ritnefnd þakka ég stuðning og samstarf, þeim Karli Friðrikssyni, framkvæmdastjóra Iðntæknistofnunar, en hann sá um stjórn þessa verkefnis, Sigríði Ingvarsdóttur, upplýsingafulltrúa Impru nýsköpunarmiðstöðvar og Eygló Harðardóttur, viðskipta og söluráðgjafa hjá Ax Hugbúnaðarhúsi hf., en öll lögðu til efni og komu með fjölmargar góðar ábendingar við yfirlestur. Við gerð bókarinnar var eldra rit Iðntæknistofnunar, Viðskiptaráðuneytisins og Aflvaka, *Stofnun fyrirtækja* (1995) haft til hliðsjónar hvað varðar uppbyggingu og framsetningu efnisins.

Þá vil ég þakka Magnúsi Orra Schram, doktorsnema í nýsköpunarfræðum og Aðalsteini Leifssyni, forstöðumanni markaðs- og kynningasviðs Háskólans í Reykjavík fyrir ráðleggingar. Elínu R. Jónsdóttur og Borghildi Erlingsdóttur hjá Einkaleyfastofu þakka ég yfirlestur og góðar ábendingar varðandi hugverkakaflann og Jónasi Fr. Jónssyni, hdl. fyrir yfirlestur. Viðskiptaráðuneyti þakka ég stuðninginn.

Reykjavík, 17. ágúst 2005.

Lilja Dóra Halldórsdóttir, lögfræðingur MBA.

Rekstrarform

Þegar stofnað er til reksturs er mikilvægt að formið henti umfangi og áhættustigi hans. Skattareglur geta verið mismunandi, sem og reglur um bókhald og reikningsskil, ábyrgð eigenda, ákvörðunartöku og stofnkostnað, svo eitthvað sé nefnt. Þannig þarf að taka mið af stærð rekstursins, uppbyggingu hans og þeirri starfsemi sem hann fæst við.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir algengustu rekstrarformum og skráningarreglum. Tæpt verður á skattareglum en nánar er fjallað um skattamál fyrirtækja í sérstökum kafla. Ítarefni, s.s. skráningareyðublöð og leiðbeiningar um útfyllingu þeirra má finna á vef Impru nýsköpunarmiðstöðvar á Iðntæknistofnun, www.impra.is, og vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir *Fyrirtækjaskrá*.

Einstaklingsfyrirtæki (firma)

Einstaklingsfyrirtæki er fyrirtæki sem einn aðili á og rekur á eigin kennitölu.

Ábyrgð: Einstaklingsfyrirtæki er fyrirtæki sem einn aðili á og rekur á eigin kennitölu. Ábyrgð eigandans á skuldbindingum rekstursins er bein og ótakmörkuð og að öllu leyti samþæringleg öðrum, persónulegum skuldbindingum.

Ábyrgð eigandans er bein og ótakmörkuð.

Skráning: Firma¹⁾ einstaklings á að vera fullt nafn hans en skammstafa má skírnarnafn. Einnig má reka einstaklingsfyrirtæki undir öðru nafni en þá verður að skrá reksturinn í firmaskrá til að tryggja viðskiptaaðilum og lánardrottnum upplýsingar um hver beri ábyrgð á fyrirtækinu og hver hafi heimild til að stofna til skuldbindinga fyrir hönd þess. Nafn fyrirtækisins má ekki vera of líkt öðru skráðu nafni hér á landi og skal það samrýmast íslensku málkerfi. Þá má nafnið

¹⁾Hugtakið firma merkir heiti tiltekins fyrirtækis sem stundar atvinnustarfsemi.

Einstaklingsrekstur þarf að skrá í fyrirtækjaskrá.

alls ekki gefa til kynna að ábyrgðin sé takmörkuð, eins og um önnur rekstrarform sé að ræða. Þannig má einkafirma ekki heita Rekstur ehf, eða Hlutafélagið Rekstur! Skrá þarf einstaklingsrekstur í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra og þar er einnig hægt að fá upplýsingar um hvort heiti hafi þegar verið skráð eða sé of líkt skráðu nafni.

Ef reksturinn er undir öðru nafni en eigin, þarf að skrá hann í firmaskrá.

Ef skrá þarf reksturinn í firmaskrá skal það gert í því umdæmi þar sem skrifstofa þess er. Sýslumenn hvers umdæmis halda utan um skráninguna. Upplýsingar um skráningar-kostnað má finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir *Fyrirtækjaskrá*¹⁾.

Eftir atvikum þarf að skrá rekstur á launagreiðendaskrá og fá virðisaukaskattsnúmer.

Fyrirtæki sem greiðir laun þarf að skrá á launagreiðendaskrá hjá Ríkisskattstjóra eða skattstjóra viðkomandi umdæmis. Þá þarf fyrirtæki sem ætlar að stunda virðisaukaskattskylda starfsemi að tilkynna um það til skattstjóra viðkomandi umdæmis og fá úthlutað hjá honum virðisaukaskattsnúmeri áður en starfsemi hefst.

Tekjuskattsprósenta er sú sama og hjá einstaklingum.

Tekjuskattur: Skattprósenta einstaklingsfyrirtækja er sú sama og hjá einstaklingum og í raun er ekki gerður greinarmunur á skatti sem lagður er á eigandann sem einstakling og skatti sem lagður er á einstaklingsfyrirtæki hans. Upplýsingar um skatta má finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is.²⁾ Eigendur einstaklingsfyrirtækja skulu skila sérstökum rekstrarreikningi með einstaklingsframtali sínu til skattýfirvalda (eyðublað RSK 4.11). Á rekstrarreikning skal færa tekjur og gjöld, þar með talið reiknað endurgjald (fjallað er um reiknað endurgjald í kaflanum um skatta og gjöld). Reiknað endurgjald og hagnað, ef um hann er að ræða, skal

¹⁾M.v. 1. 1. 2005 er skráningarkostnaður firma 44.000 kr. auk 1.868 kr. vegna birtingar tilkynningar um skráningu í Lögbirtingablaði.

²⁾Almennur tekjuskattur hjá einstaklingum er 24,75% (vegna tekna ársins 2004). Skv. lögum um tekju- og eignaskatt á þessi upphæð að lækka í áföngum og verða 21,75% (vegna tekna ársins 2007) en við bætist útsvar sem getur verið breytilegt eftir sveitarfélögum en er 12,98% í staðgreiðslu árið 2005. Síðan getur hátekjuskattur bæst við. Skatthlutfall í staðgreiðslu er því að lágmarki 37,73% á árinu 2005.

færa inn á persónuframtal. Tap er ekki fært inn á framtal, því má safna upp og draga frá hagnaði næstu ára. Yfirfært tap fýrnist á 10 árum.

Helstu kostir eru einfalt lagaumhverfi, sjálfstæði eigenda og litill stofnkostnaður.

Þetta form hentar e.t.v. best viðalitlem og áhættulitlem rekstri.

Kostir og gallar: Helstu kostir einstaklingsfyrma eru einfalt lagaumhverfi, mikið sjálfstæði eigenda og oft á tíðum lítill stofnkostnaður. Varnaglar eru þó ýmsir, mörgum finnst erfitt að skilja á milli rekstursins og einkafjármála, ótakmörkuð áhætta getur komið sér illa ef reksturinn verður viðamikill eða felur í sér áhættu og erfiðara getur verið að selja hann eða fá samstarfsaðila til liðs við hann. Þá eru skattar á einstaklingsfyrirtæki töluvert hærrí hér á landi en á aðrar tegundir af fyrirtækjum. Þetta form hentar því kannski best litlum (viðalitlem eða tímabundnum) persónulegum rekstri sem felur í sér litla áhættu.

Sjá nánar: Lög nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð, gjaldskrá fyrirtækja- og hlutafélagaskrár (www.rsk.is), lög um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003.

Sameignarfélög

Ábyrgð eigenda er bein, óskipt og ótakmörkuð.

Ábyrgð: Sameignarfélag er fyrirtæki þar sem eigendur eru tveir eða fleiri, hvort heldur einstaklingar eða aðrir lögaðilar¹⁾. Ábyrgð eigenda á skuldbindingum félagsins er bein, óskipt og ótakmörkuð, ekki ósvipuð einkunnarorðum skyttanna þriggja: „Einn fyrir alla og allir fyrir einn!“. Bein ábyrgð þýðir að kröfuhafar geta gengið beint að persónulegum eignum eigenda og þurfa því ekki fyrst að reyna að fá greitt hjá félaginu sem slíku. Óskipt ábyrgð þýðir að hver eigandi fyrir sig ábyrgist allar skuldir félagsins — og með ótakmörkuðum hætti þýðir að eigandinn gerir það með öllum sínum eignum.

¹⁾Lögaðili er hver sá aðili sem réttarskipunin viðurkennir að geti átt réttindi, borið skyldur og gert löggæringa, þar með talið fyrirtæki, stofnanir og samtök.

Vegna hinnar ríku ábyrgðar er mikilvægt að eigendur geri ítarlegan stofnsamning í upphafi.

Stofnsamningur: Um sameignarfélög gilda engin sérstök lög en ýmis ákvæði sem taka til þessa félagaforms er að finna á víð og dreif í löggjöf. Vegna hinnar ríku ábyrgðar er mikilvægt að eigendur geri nákvæman og ítarlegan stofnsamning við upphaf rekstrar. Þar ætti til dæmis að koma fram hvert stofnframlag hvers eiganda er og hvernig skipta skal tapi eða hagnaði af rekstrinum. Algengt er að skiptin séu í réttu hlutfalli við eignaraðild. Í stofnsamningi gæti einnig komið fram hvernig ákvarðanir skuli teknar ef eigendur eru ekki á einu máli því ef ekki er beinlínis samið um annað er meginreglan sú að allir félagar þurfa að vera sammála um skuldbindingar. Rétt er þó að ítreka að ákvæði stofnsamnings eru að jafnaði aðeins bindandi milli eigenda sameignarfélagsins en takmarka á engan hátt fulla ábyrgð hvers eiganda gagnvart þriðja aðila.

Sameignarfélag skal skrá í firmaskrá hjá sýslumanni.

Skráning: Sameignarfélag skal skrá í firmaskrá hjá sýslumanni þess umdæmis þar sem skrifstofa rekstursins er og fást eyðublöð til skráningar þar. Tilgreina þarf nöfn og heimili allra félagsmanna við skráningu og upplýsa hver geti skuldbundið félagið með undirskrift — hverjir eru svokallaðir prókúruhafar¹⁾. Upplýsingar um skráningarkostnað má finna á heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir *Fyrirtækjaskrá*.²⁾ Fyrirtækið þarf að fá kennitölu og sér Ríkisskattstjóri um að úthluta henni gegn framvísun skráningarkvittunar frá sýslumanni³⁾. Þá þarf að greiða 2% stimpilgjald af stofnfé sem félaginu er lagt til skv. 23. grein laga um stimpilgjald nr. 36/1998.

Eftir atvikum þarf að skrá á launagreiðendaskrá og fá virðisaukaskattsnúmer.

Fyrirtæki sem greiðir laun þarf að skrá á launagreiðendaskrá hjá Ríkisskattstjóra eða skattstjóra viðkomandi umdæmis.

¹⁾Prókúruhafar eru þeir sem geta skuldbundið fyrirtækið innan vissra takmarka, t.d. gefið út ávísanir og skrifað undir lánaskuldbindingu. Breytingu á prókúruhöfum þarf að tilkynna til firmaskrár eigi undirritun þess fyrri ekki að binda aðra eigendur.

²⁾M.v. 1. 1. 2005 er skráningargjald fyrir sameignarfélag 55.000 kr. og gjald vegna birtingar tilkynningar um skráningu í Lögbirtinga- blaði er 1.868 kr.

³⁾... og 5000 kr. gjaldi m.v. gjaldskrá 1. 1. 2005.

Slíkri tilkynningu þarf að skila eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst. Þá þarf fyrirtæki sem ætlar að stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi að tilkynna um það til skattstjóra viðkomandi umdæmis og fá úthlutað hjá honum virðisaukaskattsnúmeri.

Tekjuskattur er 26% hafi fyrirtækið verið skráð sem sjálfstæður skattaðili.

Tekjuskattur: Tekjuskattur á sameignarfélag er 26% hafi það verið skráð sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt beiðni en ella eru einstakir félagsmenn skattlagðir eftir eignarhluta í félaginu sem einstaklingar. Hjón (ein og sér eða með ófjárráða börnum sínum) sem eiga og reka sameignarfélag eru þó alltaf skattlögð sem einstaklingar. Þegar borin er saman skattlagning á sameignarfélag og (einka)hlutafélag er rétt að geta þess að enginn skattur er greiddur af úttekt úr sameignarfélagi, sbr. 10% fjármagnstekjuskatt sem greiddur er af arði hlutafélaga. Til samanburðar er heildarskattprósenta af fjármagni sem greitt er til hluthafa hlutafélags sem arður, um 26,2%.

Enginn skattur er greiddur af úttekt úr sameignarfélagi.

Kostir og gallar: Fjöldi skráðra sameignarfélaga hefur staðið nokkuð í stað en segja má að flestir þeir ókostir sem fylgja einstaklingsrekstri eigi við um sameignarfélagaformið. Þar ber auðvitað hæst hina víðtæku ábyrgð eigenda sem verður jafnvel enn víðtækari en í einstaklingsrekstrinum þar sem hún nær einnig yfir skuldbindingar sem sameigendur gera í nafni félagsins. Það verður því aldrei of mikil áhersla lögð á varkárni og það að gengið sé vel frá öllum lausum endum varðandi samstarf, strax við stofnun félagsins. Þá geta breytingar sem tengjast t.d. brotthvarfi og fjölgun félaga og misætti félagsmanna valdið vandkvæðum.

Gæta þarf sérstaklega að ríkri ábyrgð eigenda.

Helstu kostir eru lítill stofnkostnaður, einfalt lagaumhverfi, rúmar heimildir til að taka fé út úr rekstri og hagstæð skattlagning.

Kostir þessa félagsforms eru ýmsir, stofnkostnaður getur verið lítill, lagaumhverfi þess er einfalt — það lýtur ekki sömu kröfum um form, eftirlit o.fl. og hlutafélag, einfalt er að slíta því, rúmar heimildir eru til að taka út úr því fjármuni og

skattlagning er hagstæð ef hagnaður er af rekstri. Þetta rekstrarform hefur hentað til dæmis samrekstri sérfræðinga, eins og lækna, lögfræðinga, arkitekta og verkfræðinga, og almennt má segja að þetta umhverfi eigi vel við áhættulítinn og umsvifaminni rekstur.

Sjá nánar: Lög nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, heimasíðu Ríkisskattstjóra, *www.rsk.is*, og lög um stimpilgjald nr. 36/1998.

Hlutafélög

Fjárhagsleg ábyrgð takmarkast við hlutafé eigenda.

Ábyrgð: Hlutafélag nefnist sú tegund félagaforms þar sem enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þannig er fjárhagsleg ábyrgð þeirra takmörkuð við það hlutafé sem þeir leggja fram. Eigendur hlutafélaga eru nefndir hluthafar og er framlagi þeirra skipt í eignarhluti og fer um réttindi þeirra og áhrif samkvæmt hlutaeign. Um helmingur skráðra fyrirtækja í landinu er rekinn undir hlutafélagaforminu¹⁾ og verður þessu formi því gerð nokkuð ítarlegri skil en öðrum. Um réttindi og skyldur eigenda hlutafélaga fer samkvæmt lögum og þeim samþykktum sem félaginu ber að setja sér.

Hlutafélög geta verið tvenns konar. Annars vegar hlutafélög (hf.) og hins vegar einkahlutafélög (ehf.). Lagaramminn er að mestu leyti sá sami en þó er munurinn sá að í einkahlutafélagi getur verið einn hluthafi, lágmarkshlutafé er lægra og ýmsar reglur eru einfaldari. Rétt er að taka fram að ekkert hámark er á hlutafé eða fjölda hluthafa ehf. og getur það félagaform því hentað jafnt stærri sem minni fyrirtækjum. Hf.-formið hentar fyrst og fremst stærri og viðameiri

¹⁾Um 20.000 af 44.700 árið 2003 skv. skráningu Hagstofu Íslands. Af 3300 nýskráðum fyrirtækjum á árinu voru 2400 hlutafélög.

rekstri sem markmiðið er að skrá í kauphöll. Ekki verður vikið að sérreglum sem kunna að gilda fyrir félög sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Eigendur einkahlutafélags geta verið einn eða fleiri.

Fjöldi hluta og lágmarkshlutfé: Hlutfé í hf. skal skipt í tvo eða fleiri hluti¹⁾ og skal vera minnst fjórar milljónir króna. Ehf. getur verið í eigu eins eða fleiri hluthafa en lágmarkshlutfé er fimm hundruð þúsund krónur. Heimilt er að hækka eða lækka hlutfé félags með sérstakri ákvörðun hluthafafundar²⁾ en það má þó aldrei vera lægra en sem nemur þessu tilgreinda lágmarki.

Við stofnun skuldbinda hluthafar sig til að greiða hlutfé. Ef greiða á með öðru en peningum þarf að tiltaka það sérstaklega.

Stofnun og greiðsla hlutfjár: Markmið reglna um stofnun hf./ehf. er að tryggja jafnræði milli tilvonandi hluthafa, tryggja að skýrar upplýsingar liggi fyrir um félagið við stofnun, tryggja hagsmuni viðskiptamanna og opinbera/þjóðfélagslega hagsmuni af því að fylgt sé ákveðnum leikreglum á markaði. Reglurnar kveða meðal annars á um að við stofnun skuldbinda væntanlegir hluthafar sig til þess að greiða það hlutfé sem þeir skrá sig fyrir, innan tilskilins tíma. Ef greiða á fyrir hluti með öðru en peningum þarf að tiltaka það sérstaklega í stofnsamningi og sérfróðir aðilar skulu meta verðgildi greiðslunnar. Þannig mætti til dæmis greiða hlutfé með tölvu- og tækjabúnaði, bókasafni, skrifstofuhúsgögnum og þ.h. Greiðsla má ekki felast í skyldu til að vinna verk eða veita þjónustu (í framtíðinni) en kröfur á hendur stofnendum eða væntanlegum hluthöfum³⁾ geta talist greiðsla.

Í hf. eru gefin út sérstök hlutabréf sem uppfylla að jafnaði skilyrði viðskiptabréfa⁴⁾. Hlutabréf eru hins vegar ekki gefin

¹⁾Hluthafar skulu því fæstir vera tveir.

²⁾Hluthafafundur getur einnig veitt stjórn heimild til að taka slíka ákvörðun innan ákveðinna marka.

³⁾Í hlutfélögum geta stofnendur verið aðrir en væntanlegir hluthafar þótt yfirleitt fari það saman. Í einkahlutafélagi skulu stofnendur jafnframt skrá sig fyrir hlutum.

⁴⁾Viðskiptabréf eru venjulega grundvöllur peningakrafna og fær framsalshafi þann rétt sem bréfið bendir til að hann eigi. Dæmi um viðskiptabréf önnur en hlutabréf eru skuldabréf, tékkar og víxlar.

út í einkahlutafélögum, heldur er látið nægja vottorð úr hlutaskrá félagsins um eignaraðild og jafnvel hlutaskírteini en vottorðin og skírteinin eru ekki viðskiptabréf.

Hlutafélag er skráð í Hlutafélagaskrá hjá Ríkisskattstjóra.

Skráning félags: Hlutafélag skal tilkynna til skráningar hjá Hlutafélagaskrá (fyrirtækjaskrá) hjá Ríkisskattstjóra, Laugavegi 166, Rvk. innan tiltekins tíma en óskráð félag getur hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Þar til félag er skráð bera þeir sem gera samninga í nafni þess því óskipta persónulega ábyrgð á efnudum. Við skráningu tekur félag við þeim skyldum sem ákveðnar eru á stofnfundi eða það hefur tekið á sig eftir stofnfund.

Hf. skal tilkynna til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings og skal þá minnst helmingur hlutafjár vera greiddur. Ehf. skal skrá innan tveggja mánaða frá dagsetningu stofnsamnings og skal þá allt hlutafé vera greitt. Einnig þarf að tilkynna til Hlutafélagaskrár ýmsar ákvarðanir og breytingar á áður tilkynntum upplýsingum (s.s. stjórn, tilgangi, hækkun eða lækkun hlutafjár. Þá þarf að senda ársreikninga og ársskýrslu ásamt skýringum). Tilkynningar skulu fara fram á sérstökum eyðublöðum og er gjald innheimt fyrir skráningar, sbr. upplýsingar á vefsíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir Fyrirtækjaskrá¹⁾.

Upplýsingar úr Hlutafélagaskrá eru opinberar, s.s. um stjórn, tilgang og ársreikninga.

Upplýsingar úr Hlutafélagaskrá eru opinberar þannig að almenningur (hugsanlegir fjárfestar) og viðskiptamenn félags geti kynnt sér málefni þess. Almennum fyrirspurnum er svarað í síma Hlutafélagaskrár, 563 1250, svo sem upplýsingum um nafn og heimilisfang félags. Því má einnig slá upp á heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/leita.asp.

¹⁾Gjaldið fyrir ehf. er 82.500 kr. m.v. gjaldskrá 1. 1. 2005 og kennitala á sama stað kostar 5.000 kr. Gjald vegna birtingar tilkynningar um skráningu í Lögbirtingablaði er 4.980 kr. Skráningargjöld hf. eru 165.000 kr. auk gjalda vegna kennitölu og birtingar.

Eftir atvikum þarf að skrá á launagreiðendaskrá og fá virðisaukaskattsnúmer.

Fyrirtæki sem greiðir laun þarf að skrá á launagreiðendaskrá hjá Ríkisskattstjóra eða skattstjóra viðkomandi umdæmis að lágmarki átta dögum áður en starfsemi hefst. Þá þarf fyrirtæki sem ætlar að stunda virðisaukaskattsskylda starfsemi að tilkynna um það til skattstjóra viðkomandi umdæmis og fá úthlutað hjá honum virðisaukaskattsnúmeri áður en starfsemi hefst.

Stofngögn: Formkröfur hlutafélagalaga gera ráð fyrir ýmsum pappírurum sem ganga þarf frá við stofnun og skráningu félaga. Þannig þarf að skila stofnskrá/stofnsamningi, samþykktum og stofngerð/stofnfundargerð með skráningar-eyðublaði til Ríkisskattstjóra. Þar sem það á við þarf skýrsla um mat á eignum líka að fylgja.

Stofnskrá/stofnsamningur inniheldur ýmsar grunnupplýsingar.

Í ehf. eins aðila er talað um stofnskrá en í félögum fleiri aðila stofnsamning. Samkvæmt hlutafélagalögum skulu þar koma fram ákveðnar grunnupplýsingar. Einfaldir stofnsamningar innihalda nöfn, kennitölu og heimilisföng eigenda, fjárhæð hvers hlutar og fresti til áskrifta og greiðslu hluta, upplýsingar um hvenær og hvernig á að boða aðalfund og áætlaðan kostnað við stofnun¹⁾. Flóknari stofnsamningar gera að auki grein fyrir greiðslum á hlutafé í öðru en reiðufé, hverra sérréttinda hluthafar njóta í félaginu og hvort verið sé að yfirtaka eða kaupa rekstur. Þá skulu stofnsamningar innihalda drög að samþykktum.

Innihald samþykpta er að miklu leyti bundið í lög.

Drög að samþykktum (lögum félagsins) þurfa að innihalda ákveðnar grunnupplýsingar og reglur samkvæmt hlutafélagalögum. Þar þarf m.a. að koma fram hvert nafn og heimilisfang félagsins er og hver tilgangur þess sé. Þá eru þar upplýsingar um hlutafé, fjölda stjórnarmanna og reglur um stjórnarkjör, hvernig hluthafafundur skulu boðaðir og hver

¹⁾Í fyrstu skýrslu stjórnar skal svo tilgreina raunverulegan stofnkostnað.

dagskrá aðalfundar sé, hvert sé reikningsár félags, reglur um innlausn, hömlur á viðskipti, sérrettindi o. fl.

Í sérfræðiskýrslu er lagt mat á fjárhagslegt gildi greiðslu þegar greitt er fyrir hlutafé með öðru en peningum.

Þegar hlutafé er greitt með öðru en reiðufé þarf að greina frá því í sérfræðiskýrslu þar sem lagt er mat á fjárhagslegt gildi greiðslunnar af endurskoðanda eða lögmanni. Efnið þarf að vera lýsing á greiðslu, upplýsingar um aðferð við mat og forsendur og upplýsingar um endurgjaldið. Óheimilt er að greiða með verkframlagi en greiða má með kröfum á hendur stofnendum.

Stofngerð/stofnfundargerð staðfestir formlega stofnun félagsins.

Staðfest endurrit af stofngerð einkahlutafélags eins aðila eða stofnfundargerð fleiri aðila þarf einnig að fylgja með skráningu til að sýna fram á að stofnfundur hafi farið fram og að félagið teljist því formlega stofnað.

Tilkynningareyðublað þurfa allir stjórnarmenn að undirrita og votta þarf undirskriftir. Samþykktir og stofnfundargerð þurfa að vera undirritaðar af meirihluta stjórnar og þurfa stofnendur að undirrita stofnsamning .

Eyðublöð, sýnishorn að stofngögnum og annað ítarefni má finna á vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, Viðskiptaráðuneytisins (undir afgreiðsla), www.vidskiptaraduneyti.is, og Impru nýsköpunarmiðstöðvar, www.impra.is.

Meginreglan er að allir hlutir í félaginu hafi jafnan rétt og er yfirleitt miðað við fjárhæð hluta.

Hluthafar: Aðalreglan í félögum er að allir hlutir í félaginu hafi jafnan rétt og er þá yfirleitt miðað við fjárhæð hluta. Frá þessu má þó víkja með ákvæðum í samþykktum félags og skipta hlutum í flokka, t.d. þannig að hlutir eigi mismunandi rétt til arðs eða beri mismunandi atkvæðisrétt.

Hluthafar eru frjálsir að því að selja eða veðsetja hluti en þennan ráðstöfunarrétt má þó takmarka í samþykktum með

ákvæðum um annað hvort forkaupsrétt annarra hluthafa eða að samþykki félags¹⁾ þurfi til.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í hlutafélögum.

Stjórnun félaga: Í félögum eru almennt þrjár stjórnareiningar; hluthafafundur, stjórn og framkvæmdastjóri. Hluthafafundur, sem sérhver hluthafi hefur rétt til að mæta á, fer með æðsta vald í félögum og hefur einn vald til þess að taka ákveðnar lykilákvarðanir, svo sem kjósa stjórn²⁾, staðfesta ársreikninga og ákvarða hvernig fara skuli með hagnað eða tap af rekstri.

Stjórn félags stýrir félaginu á milli hluthafafunda, mótar stefnu til lengri tíma og ber að hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra. Í hf. skulu stjórnarmenn vera minnst þrír. Í ehf. geta stjórnarmenn verið einn eða tveir ef hluthafar eru fjórir eða færri.

Framkvæmdastjóri félags stjórnar daglegum rekstri þess. Í hf. skulu ávallt vera einn til þrír framkvæmdastjórar en í ehf. þarf ekki að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórar mega jafnframt sitja í stjórn félags en mega þó ekki vera í meirihluta nema í ehf., í tilvikum þar sem einn eða tveir menn sitja í stjórn.³⁾

Nánar er fjallað um störf stjórnar og framkvæmdastjóra í kafla um ábyrgð stjórnenda.

Við yfirfærslu hagnaðar til eigenda þarf að fylgja reglum um arðgreiðslur og fjármagnstekjuskatt.

Skattar: Upplýsingar um skattprósentur má finna á vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is.⁴⁾ Ekki er hægt að flytja hagnað

¹⁾ Sé samþykki sýnjað getur sá hluthafi sem um ræðir gert kröfu um að félagið leysi hlutinn til sín á verði sem samkomulag næst um eða samkvæmt matsverði.

²⁾ Rétt er að taka fram að samþykktir félags geta kveðið á um að ákveðinn aðili tilnefni ákveðinn fjölda manna í stjórn. Hins vegar skal meirihluti stjórnarmanna alltaf kjörinn af aðalfundi.

³⁾ Í síðara tiloikinu má annar stjórnarmannanna jafnframt vera framkvæmdastjóri.

⁴⁾ Tekjuskattur hf. og ehf. er 18% fyrir gjaldaárið 2004.

félagsins yfir til eigenda, eins og tíðkast í einstaklings- eða sameignarfélögum, án þess að fylgja reglum um útgreiðslu arðs.

Um greiðslu arðs í einkahlutafélögum gilda takmarkandi reglur auk þess sem lagt er almennt bann við lánum til hluthafa í einkahlutafélögum. Arðgreiðslur bera fjármagnstekjuskatt (10% fyrir gjaldaárið 2004). Rétt er að nefna sérstaklega reiknað endurgjald en samkvæmt lögum um tekju- og eignaskatt þurfa einstaklingar að reikna sér ákveðnar lágmarks-tekjur fyrir vinnu sína að eigin atvinnurekstri og greiða fullan tekjuskatt af þeirri upphæð. Hægt er að sækja um undanþágu eða lækkun á þessum viðmiðunum en almennt má segja að þetta ákvæði þýði að það borgi sig ekki fjárhagslega fyrir einstakling að stofna hlutafélag um rekstur sinn, nema tekjustreymi fari yfir ákveðið lágmark. Nánar er fjallað um reiknað endurgjald í kafla um skatta.

Félagsslit: Formlegur endir getur verið bundinn á starfsemi félags með samruna eða skiptingu, með gjaldþroti samkvæmt gjaldþrotalögum eða með slitum samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Í síðastnefnda tilvikinu er það hluthafafundur sem tekur ákvörðun um að félaginu skuli slitið af einhverjum ástæðum og geta þá skipti ýmist verið framkvæmd af til þess kosinni skilanevnd (einkaskipti) eða af héraðsdómi (opinber skipti). Við slit félags (fyrir utan samruna/slit) fá hluthafar greitt úr búi félags í samræmi við eignarhlutdeild sína af því sem eftir stendur þegar öllum lánardrottnum hefur verið greitt. Nokkur kostnaður getur fylgt því að slíta félagi en vakin er sérstök athygli á þeim möguleika að slíta skuldlausum einkahlutafélögum með einföldum og ódýrum hætti, sbr. gr. 83a í lögum um einkahlutafélög.

Skuldlausum einkahlutafélögum má slíta með einföldum og ódýrum hætti.

Kostir og gallar: Helsti kostur hlutafélagformsins er hin ljósa og takmarkaða ábyrgð eigenda á rekstri og áhættu.

Helsti kostur er takmörkuð ábyrgð og áhætta eigenda og hagstætt skattaumhverfi.

Hentar helst viðameiri og áhættusamari rekstri, enda fylgir þessu formi töluverður stofnkostnaður og strangar formkröfur.

Hún gerir mönnum kleift að ráðast í fjárfrekar og áhættusamar framkvæmdir, án þess að hætta fjárhagslegu öryggi sínu og fjölskyldunnar, svo framarlega sem menn trúá hugmyndina að baki félaginu og vilja leggja því til fé. Auðveldara getur verið að kaupa og selja rekstur eða hluta af rekstri (hlutafé) í hlutafélagiforminu þar sem strangar lögfestar formkröfur eiga að tryggja öruggar og skýrar upplýsingar um fjárhagslega stöðu rekstursins og einfalda eignaryfirfærslu. Skattaumhverfi getur verið hagstætt, hvort sem um er að ræða hagnað eða tap á rekstrinum. Helstu gallarnir eru hár stofnkostnaður, ekki síst í formi þess lágmarkshlutfjár sem leggja þarf fram í upphafi. Þá eru hinar ströngu formkröfur mörgum fjötur um fót og skattareglur geta verið flóknar og óhagstæðar, sérstaklega fyrir einstaklinga sem hyggja á einfaldan, veltulítinn rekstur.

Stundum getur verið vert að hugleiða kaup á svokölluðu tómu hlutafélagi¹⁾. Með því móti má losna við umstang og kostnað sem leiðir af stofnun hlutafélags, auk þess sem skattalegt hagræði getur fylgt gamla félaginu.²⁾ Fara þarf þó varlega við slík kaup, enda hvílir sú skylda á stjórn hlutafélags, þegar eigið fé er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé, að grípa til ráðstafana. Tómt félag má því að öllum líkindum ekki hafa verið „tómt“ of lengi þegar það er selt og ný stjórn slíks félags tekur við skyldum til aðgerða.

Sjá nánar: Lög nr. 138/1994 um einkahlutafélög, lög nr. 2/1995 um hlutafélög, lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá, reglugerð nr. 474/2003 um útgáfu kennitölu við skrásetningu í fyrirtækjaskrá, vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, og bók Stefáns Más Stefánssonar (2003): Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir. Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag.

¹⁾Með tómu hlutafélagi er átt við eignalaust hlutafélag sem hætt hefur rekstri en hefur ekki verið formlega slitið þannig að það er enn skráð í hlutafélagaskrá.

²⁾Varðandi skattalegt hagræði, sjá nánar 51. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt.

Önnur rekstrarform

Samvinnufélög miða að því að efla hag félagsmanna, s.s. með því að útvega félagsmönnum vörur og þjónustu og selja framleiðslu félagsmanna.

Samvinnufélög: Eins og nafnið bendir til eru samvinnufélög stofnuð á samvinnugrundvelli og miða að því að efla hag félagsmanna eftir viðskiptalegri þátttöku þeirra í félaginu. Þekktust þeirra eru líklega kaupfélögin. Sérstök lög gilda um samvinnufélög og samkvæmt þeim er starfssvið þeirra meðal annars að útvega félagsmönnum og öðrum vörur og hvers konar þjónustu og að vinna og selja afurðir sem félagsmenn framleiða í eigin atvinnurekstri.

Félagatala samvinnufélaga er óbundin (þó þarf að jafnaði lágmark 15 stofnendur) og geta allir gerst félagsmenn sem vilja starfa í félaginu og hlíta samþykktum þess. Stofnfé er ekki ákveðin tala og félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Þannig takmarkast ábyrgð félagsmanna við greiðslu aðildargjalds og eign þeirra í sjóðum félagsins. Tekjuskattshlutfall samvinnufélaga er 18%.

Samvinnufélög eru skráð í fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Samvinnufélög þarf að skrá í fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra og má finna upplýsingar um skráningarkostnað á heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, undir *Fyrirtækjaskrá*.¹⁾ Þessum félögum hefur farið mjög fækkandi.²⁾

Sjálfsseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur þarf að skrá í sjálfsseignarstofnanskrá Ríkisskattstjóra.

Sjálfsseignarstofnanir: Sjálfsseignarstofnanir eru stofnaðar til þess að vinna að framgangi sérgreinds (göfugs) markmiðs sem mælt er nánar fyrir um í stofnskrá. Það sem gerir slíka stofnun sérstaka er að hún á sig sjálf en sérstakri stjórn er falin meðferð hagsmuna hennar. Sjálfsseignarstofnun er sett upp með ákveðnu stofnfé og bera hvorki stofnendur né

¹⁾M.v. gjaldskrá 1. 1. 2005 kostar skráning 165.000 kr., kennitala á sama stað 5.000 kr. og gjald vegna tilkynningar um skráningu í Lögbirtingablaði er 4.980 kr.

²⁾Hagstofa Íslands: Landshagir 2004. Flest samvinnufélög eru starfrækt um matoælaframleiðslu og verslun.

stjórn beina ábyrgð á skuldbindingum hennar. Fjármuni (stofnfé og hagnað) stofnunarinnar skal nota í þágu markmiðs hennar og verða þeir ekki greiddir út til stofnenda. Félagaform þetta er því fyrst og fremst notað í því skyni að styðja við ófjárhagsleg markmið, s.s. menntun, listir o.þ.h.

Sjálfsseignarstofnunum má skipta í tvennt; þær sem stunda atvinnurekstur og þær sem gera það ekki. Sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur skal skrá í sjálfsseignarstofnanaskrá Ríkisskattstjóra (lágmarksfjárhæð stofnfjár 1.000.000 kr.), nema þær stofnanir sem eru sérstaklega undanskildar í lögum. Í lögum er að auki að finna ákvæði um stofnun, meðferð fjármuna, stjórnendur, endurskoðendur o.fl.¹⁾

Sjá nánar: Lög nr. 33/1999 um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur og lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samlagsfélag er n.k. blanda af sameignarfélagi og hlutafélagi.

Samlagsfélög: Að lokum er rétt að nefna samlagsfélög — n.k. blöndu af sameignarfélagi og hlutafélagi þar sem að minnsta kosti einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags en aðrir geta borið takmarkaða ábyrgð miðað við tiltekna fjárhæð eða hlutfall. Samlagshlutafélag er enn eitt félagaformið og um það gilda reglur um hlutafélög að öðru leyti en því að að minnsta kosti einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum, sbr. 159 gr. hlutafélagalaga.

Sjá nánar: Vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, lög um samvinnufélög nr. 22/1991, lög 33/1999 um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, lög nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, lög nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá og reglugerð nr. 474/2003 um útgáfu kennitölu við skrásetningu í fyrirtækjaskrá.

¹⁾M.v. gjaldskrá 1. 1. 2005 kostar skráningin 82.500 kr. og kennitalan 5.000 kr. en gjald vegna tilkynningar um skráningu í Lögbirtinga-
blaði er 4.980 kr. Tekjuskattur vegna sjálfsseignarstofnana í atvinnurekstri samkvæmt sérstökum reglum er 18%.

Samanburður á rekstrarformum (miðað við 1.1. 2005)

	Einkafirma	Sameignarfélag	Einkahlutafélag	Hlutafélag
Eigendur	Rekstur í eigin nafni	A.m.k. tveir	Einn eða fleiri	A.m.k. tveir
Ábyrgð	Bein og ótakmörkuð	Bein, óskipt og ótakmörkuð	Með hlutafé	Með hlutafé
Skráning	Skráð hjá firmaskrá undir sér nafni	Skráð hjá firmaskrá, sýslumanni	Skráð hjá Hluta-félagaskrá, Ríkis-skattstjóra	Skráð hjá Hluta-félagaskrá, Ríkis-skattstjóra
Skráningarkostnaður	45.868 kr. (ef skráð í firmaskrá)	61.868 kr.	92.480 kr.	174.980 kr.
Hlutafé	Nei	Nei	500.000 kr.	4.000.000 kr.
Tekjuskattur	Lagðir á eigandann (37,73%)	26% ef sjálfstæður skattaðili	18% (10% fjármagnstekjuskattur af arði)	18% (10% fjármagnstekjuskattur af arði)
Formreglur	Mjög einfaldar	Einfaldar	Ítarlegar sbr. lög nr. 138/1994	Mjög ítarlegar sbr. lög nr. 2/1995
Ákvörðunartaka	Mjög einföld — eigandinn ræður	Allir þurfa að vera sammála nema annað sé ákveðið í stofnsamningi	Skv. lögum: 1. Framkvæmdastjóri 2. Stjórn 3. Hluthafafundur	Skv. lögum: 1. Framkvæmdastjóri 2. Stjórn 3. Hluthafafundur
Opinberir reikningar	Nei	Nei	Já	Já
Endurskoðun	Val	Val	Löggiltur endurskoðandi eða 2 skoðunarmenn	Löggiltur endurskoðandi
Sala fyrirtækis	Erfitt getur verið að selja rekstur sem er svo tengdur persónu	Erfitt getur verið að selja vegna persónulegrar ábyrgðar og náns samstarfs	Skýrar reglur — sala á hlutum	Skýrar reglur — sala á hlutum
Slit	Tilkynnt til firmaskrár	Tilkynnt til firmaskrár. Fyrir þarf að liggja samkomulag eða byggt á ákvæðum stofnsamnings	Skýrar reglur. Tilkynnt til Hluta-félagaskrár. Skilanefnd/opinber skipti	Skýrar reglur. Tilkynnt til Hluta-félagaskrár. Skilanefnd/opinber skipti

Starfsleyfi

Starfsleyfi eru nauðsynleg viðurkenning yfirvalda svo að reksturinn geti hafið starfsemi.

Ekki er ólíklegt að rekstur sem stofna á til þurfi á sérstökum leyfum eða réttindum að halda. Starfsleyfi geta gengið undir ýmsum nöfnum, t.d. leyfi, eftirlit, sveins- eða meistarabréf, skráning, löggilding, skipun, vottun o.fl. Þótt nöfnin séu ólík ber þau í sama stað niður; þau eru nauðsynleg viðurkenning yfirvalda svo að reksturinn geti hafið starfsemi sína.

Meginástæður fyrir starfsleyfum eru tvær. Í fyrsta lagi eiga þau að tryggja að tiltekinn rekstur geti uppfyllt þær skyldur sem hann ber gagnvart viðskiptavinum og samfélaginu og í öðru lagi nota stjórnvöld leyfin sem tæki til að stjórna fjölda fyrirtækja í greininni.

Á vef Impru nýsköpunarmiðstöðvar, www.impra.is, má finna ítarlega samantekt á nauðsynlegum starfsleyfum fyrir aðskildan rekstur. Ýmis ráðuneyti hafa upplýsingar á heimasíðu sinni um starfsleyfi sem þau bera ábyrgð á og mörg sveitarfélög eru með góðan upplýsingavef. Þá má oft finna eyðublað og upplýsingar á heimasíðum opinberra stofnana sem gefa út eða hafa eftirlit með starfsleyfum. Þá geta hagsmunasamtök og starfsgreinasambönd gefið upplýsingar.

Verslunarleyfi

Ekki þarf lengur sérstök verslunarleyfi til að reka verslun.

Ekki þarf lengur sérstök verslunarleyfi til að reka verslun. Óheimilt er þó að hefja verslun nema atvinnurekstur sé skráður í firmaskrá, hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða skrá á grundvelli löggjafar um sjálfseignarstofnanir.

Sjá nánar: Lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.

Leyfi frá Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd

Sækja þarf um starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir flest fyrirtæki.

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 gera ráð fyrir að Umhverfisstofnun annars vegar og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hins vegar gefi út starfsleyfi fyrir og hafi eftirlit með mengandi rekstri og rekstri sem snertir hollustuhætti. Umhverfisstofnun, Suðurlandsbraut 24, Rvk. (áður Heilbrigðiseftirlit Ríkisins) hefur yfirumsjón með starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Að jafnaði verður að sækja um starfsleyfi heilbrigðisnefndar í viðkomandi sveitarfélagi eða, í einstaka tilfellum, leyfi Umhverfisstofnunar áður en rekstur hefst. Flestar tegundir fyrirtækja þurfa að sækja um leyfi af þessu tagi en helstu undantekningar eru ýmiss konar þjónustustarfsemi, s.s. skrifstofu- og bankastarfsemi.

Samkvæmt fyrrgreindum lögum er landinu skipt upp í 10 eftirlitssvæði og eru heilbrigðisnefndir kosnar í hverju sveitarfélagi eftir sveitarstjórnarkosningar.

Umsóknir sendist til heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis.

Heilbrigðiseftirlit: Þær stofnanir sem taldar eru upp í fylgiskjali 1 við reglugerð um heilbrigðiseftirlit nr. 941/2002 (má finna á vefnum www.reglugerd.is) skulu hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðisnefnd. Umsóknir um starfsleyfi þarf því að senda til heilbrigðisnefndar viðkomandi svæðis og þeim þurfa að fylgja upplýsingar um rekstraraðila, lýsing á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, uppdrættir af staðsetningu og önnur nauðsynleg gögn. Ef rekstraraðili hyggur á einhverjar breytingar í starfseminni eða á húsnæði þarf hann að senda heilbrigðisnefnd upplýsingar um það og metur þá nefndin hvort endurnýja þurfi starfsleyfið miðað við nýjar forsendur.

Heilbrigðisnefnd lítur t.d. til húsnæðis og hreinlætis miðað við þá starfsemi sem fara á fram.

Þeir þættir sem heilbrigðisnefnd skoðar eru: Húsnæði, lóðir og umhirða, salernisaðstaða, hreinlæti og snyrtingar starfsfólks, hreinlæti og þrif mannvirkja, hald á dýrum, hreinlæti á lóðum og opnum svæðum og hávaði. Þá skoðar heilbrigðisnefnd sérstaklega húsnæði sem ætlað er fyrir íbúðir, starfsmannabústaði og starfsmannabúðir, gisti- og samkomustaði, kennslustaði, gæslu- og leikvelli, daggæslu í heimahúsum, önnur heimili og stofnanir fyrir börn, snyrtistofur, nuddstofur og sambærilega starfsemi, dvalarheimili, heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, vistarverur fanga, heilsuræktar- og íþróttastöðvar, íþróttahús, almenn samgöngutæki og hunda- og kattahald.

Til að sýna dæmi um kröfur sem heilbrigðisnefndir gera má nefna fjölda salerna á veitinga- og samkomuhúsum. Fyrir 25 gesti er lágmarkið ein fullbúin snyrting þar sem tekið er tillit til þarfa fatlaðra. Fyrir 26-100 gesti, tvö salerni og tekið sé tillit til þarfa fatlaðra, a.m.k. varðandi annað þeirra. Fyrir hverja 50 gesti umfram 100 komi eitt salerni og fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna. Nánari umfjöllun um kröfur heilbrigðisnefnda má finna í kafla um húsnæði og vinnuumhverfi.

Mengunarvarnir: Umhverfisstofnun fer með mengunarvarnareftirlit gagnvart atvinnurekstri sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka reglugerðar um mengunarvarnir nr. 785/1999. Viðkomandi heilbrigðisnefnd ber síðan ábyrgð á mengunarvarnareftirliti með atvinnurekstri sem talinn er upp í fylgiskjali 2 og liðum 6,4-6,6 í I. viðauka sömu reglugerðar.

Umhverfisstofnun og sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald af eftirlitsskyldri starfsemi. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd

sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Gjaldskrár eru birtar í B-deild stjórnartíðinda og má finna á vefnum www.stjornartidindi.is.

Framleiðendur og dreifendur matvæla skulu hafa starfsleyfi.

Matvælaeftirlit: Þeir sem framleiða eða dreifa matvælum skulu hafa starfsleyfi. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, sjá um útgáfu og eftirlit með slíkum leyfum og þarf að sækja um þau áður en starfsemi hefst og þegar eigendaskipti verða. Í umsókn þarf að koma fram hvernig innra eftirliti skv. reglugerð um matvælaeftirlit nr. 522/1994 verður háttað. Þá verður leyfishafi að tilkynna umfangsmiklar breytingar á starfsemi eða húsnæði og þegar hann eða dreifiaðili ráðgerir að taka í notkun framleiðslutækni sem ekki hefur áður verið almennt í notkun.

Sjá nánar: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, reglugerð nr. 785/1999 um mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Leyfi frá Vinnueftirliti ríkisins

Markmið laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu og að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Leita þarf umsagnar Vinnueftirlits um nánast allan rekstur.

Samkvæmt lögnum skal sérhver sem hyggst hefja rekstur fyrirtækis eða breyta rekstri eldra fyrirtækis, leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með uppdráttum af húsakynnum og fyrirkomulagi véla, tækja og annars búnaðar, og öðrum upplýsingum sem máli kunna að skipta. Þannig skulu allir sem hafa með höndum starfsemi sem lögin ná til, hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins og er óheimilt að hefja rekstur fyrr en slíkt leyfi er fengið. Lögin ná til nánast allrar starfsemi en undanskilin eru siglingamál, loftferðir og heimilisstörf. Nauðsynleg eyðublöð fást hjá Vinnueftirlitinu, Bíldshöfða 16, Reykjavík og á heimasíðu eftirlitsins: www.vinnueftirlit.is.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum leggja ýmsar skyldur á atvinnurekendur og er rétt fyrir þá að kynna sér lögin vel.

Lög 46/1980 kveða á um margskonar skyldur atvinnurekenda og er rétt að kynna sér efni þeirra vel. Starfsmönnum eftirlitsins er skylt að fara í eftirlitsheimsóknir og skulu þá jafnan hafa fullan aðgang að vinnustöðum, skjölum og upplýsingum sem eiga að vera fyrir hendi. Fjölmargar reglugerðir hafa stoð í lögnum og kveða þær nánar á um skyldur atvinnurekenda, viðmið og eftirlit Vinnueftirlits. Hægt er að nálgast þær á slóðinni www.vinnueftirlit.is/page/reglur#1.

Almennt þarf ekki að greiða sérstaklega fyrir leyfi Vinnueftirlits.

Kostnaður af starfsemi Vinnueftirlits greiðist með hlutdeild í tryggingagjaldi og þarf því að jafnaði ekki að borga fyrir leyfi eða eftirlit. Þó þarf að greiða fyrir sérstakar mælingar.

Sjá nánar: Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, heimasíðu Vinnueftirlits ríkisins: www.vinnueftirlit.is.

Sækja þarf um leyfi fyrir öllum iðnaðarrekstri nema heimilisiðnaði.

Löggiltar iðngreinar skulu reknar undir forstöðu meistara.

Handhafi löggildingar uppfyllir kröfur um menntun og hæfni.

Iðnaðarleyfi

Samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 má enginn reka iðnað í atvinnuskyni hér á landi nema hann hafi fengið leyfi til þess. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuiðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Heimilisiðnaður er þó undanskilinn ákvæðum laganna.

Iðngreinar sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð iðnaðarráðherra skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistara, sveinar og nemendur í iðngreininni. Það er lögreglustjóri í hverju umdæmi sem veitir meistara-réttindi og iðnaðarleyfi.

Sjá nánar: Lög nr. 42/1978 um iðnað.

Löggilding

Löggilding starfsheita tryggir að handhafi leyfisbréfs uppfyllir ákveðnar kröfur um menntun og hæfni. Dæmi um starfsstéttir sem hafa löggilt starfsheiti eru arkitektar, húsa-meistara og byggingafræðingar, hagfræðingar, iðnfræðingar, raffræðingar, skipulagsfræðingar, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar, verkfræðingar og verðbréfamiðlarar.

Skilyrði fyrir löggildingunni eru mismunandi milli sviða og ýmis embætti sjá um veitingu hennar. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra veitir til dæmis ofangreind starfsleyfi. Fasteignasalar fá hins vegar löggildingunni hjá dómsmálaráðuneytinu, vigtarmenn hjá Löggildingarstofu, lögmenn hjá dómsmálaráðuneyti o.s.frv.

Sjá nánar: Reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999, reglugerð um starfsheitið raffræðingur nr. 660/2002, lög um löggildingunokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, reglugerð um rétt manna til að kalla sig húsasmíðameistara nr. 94/1994 o.fl.

Innflutnings- og útflutningsleyfi

Inn- og útflutningur er almennt ekki háður leyfum.

Almenna reglan er sú að inn- og útflutningur er ekki háður leyfum. Varðandi innflutning segir í lögum að innflutningur á vöru og þjónustu skuli vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Varðandi útflutning segir í lögum að utanríkisráðuneytinu sé heimilt að ákveða að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

Sjá nánar: Lög nr. 88/1992 um innflutning, lög nr. 4/1988 um útflutning, reglugerð nr. 70/1993 um útflutningsleyfi og www.tollur.is.

Ýmis önnur leyfi

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu sérstakrar heimildar. Það borgar sig því að leita álit Persónuverndar varðandi kerfisbundna skráningu eða aðra meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. sölu eða aðra afhend-

ingu á nafnalistum, markaðskannanir og skoðanakannanir, áður en lagt er í hana.

Bílasalar þurfa að uppfylla viss skilyrði sem fram koma í lögum um verslunaratvinnu frá 1998. Eitt skilyrðanna er að viðkomandi þarf að hafa sótt námskeið og staðist próf í sölu notaðra ökutækja. Að uppfylltum kröfum, getur viðkomandi fengið starfsleyfi til fimm ára hjá lögreglustjóra umdæmisins og mega þeir einir kalla sig bifreiðasala sem hafa slíkt leyfi upp á vasann.

Sérstakt leyfi Ferðamálastofu (www.ferdamalastofa.is) þarf til þess að starfa sem ferðaskipuleggjandi eða reka ferðaskrifstofu auk þess sem ferðaskrifstofur þurfa að hafa sérstaka tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni sem viðskiptavinir geta orðið fyrir vegna ferða sem ekki eru farnar eða sem ljúka þarf. Ef menn vilja reka bókunarþjónustu eða upplýsingamiðstöð um ferðamál þarf að tilkynna slíkt til Ferðamálastofu (skráningarskylda).

Í einstaka tilvikum nota stjórnvöld starfsleyfi til að takmarka fjölda fyrirtækja í starfsgrein.

Í sumum tilvikum nota stjórnvöld starfsleyfi til að takmarka fjölda fyrirtækja í starfsgrein. Þá geta umsækjendur starfsleyfa uppfyllt öll hæfisskilyrði fyrir veitingu leyfis en vegna þess að ekki er „pláss“ á markaðnum eða „sérstakar aðstæður“ eru til staðar, er synjað um leyfi. Dæmi um slík starfsleyfi eru leyfi til leigubílaaksturs, leyfi til fólksflutninga og leyfi til reksturs veitingahúsa. Til að reka veitinga- og/eða gistihús þarf starfsleyfi lögreglustjóra.

Sjá nánar: Lög nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, IV. kafla um sölu notaðra ökutækja, lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála, lög nr. 77/2000 um persónuupplýsingar, reglugerð nr. 90/2001 um tilkynningaskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði.

Ábyrgð stjórnenda

Í hnotskurn má segja að ábyrgð stjórnenda felist í því að sjá til þess að starfsemi fyrirtækja sé í samræmi við tilgang félagsins og stefnu hluthafa, að reksturinn sé í heilbrigðu horfi og starfsemin sé í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Með því að taka að sér stjórnendastörf gangast menn undir ábyrgð að rækja þær skyldur sem slíkt felur í sér.

Hópi stjórnenda má skipta í tvennt; stjórnarmenn og framkvæmdastjóra (forstjóra).

Hópi stjórnenda má skipta í tvennt; annars vegar stjórnarmenn og hins vegar framkvæmdastjóra (forstjóra) og nánustu samstarfsmenn hans. Hinir fyrrnefndu eru sérstakir fulltrúar hluthafa/eigenda sem fylgjast með meginatriðum í starfsemi félagsins en hinir síðarnefndu sjá um að reka hina eiginlegu starfsemi frá degi til dags.

Ef stjórnendur bregðast ábyrgð sinni eru þeir yfirleitt búnir að brjóta gegn starfsskyldum samkvæmt ráðningarsamningi en þeir geta einnig orðið skaðabótaskyldir eða unnið til refsingar samkvæmt hegningarlögum.

Hér verður fyrst og fremst litið til laga um hlutafélög og einkahlutafélög, auk reglna sem tengjast fyrirtækjum sem hafa gefið út verðbréf sem skráð eru á verðbréfamarkaði. Svipuð sjónarmið myndu gilda um brot stjórnenda í öðrum félögum sem eru í eigu einhvers hóps aðila og kjósa sérstaka stjórn, t.d. samvinnufélögum og sameignarfélögum. Rétt er að taka fram að sérlög um ákveðna tegund félaga, t.d. fjármálafyrirtæki, geta kveðið á um ríkari ábyrgð stjórnenda.

Helstu skyldur stjórnar

Stjórnarmenn bera almennt sameiginlega ábyrgð, engu skiptir þótt þeir skipti með sér verkum.

Stjórnarmönnum ber almennt að gæta þess að rækja skyldu sína með hagsmuni félagsins (og allra hluthafa) að leiðarljósi og við ákvörðunartöku leitast við að breyta í samræmi við það sem „gegn og skynsamur“ maður myndi gera í sömu

aðstöðu. Þeir bera sameiginlega ábyrgð á störfum sínum og skiptir engu þótt þeir hafi skipt með sér verkum, t.d. þannig að hver fylgist nánar með mismunandi starfssviðum fyrirtækisins. Ef stjórnarmaður er ósammála ákvörðun eða gerðum félagsins og vill firra sig ábyrgð ber honum að bóka slíkt sérstaklega í gerðarbók félagsins og breyta í samræmi við það ef ástæða er til.

Helstu skyldur stjórnar eru að sjá til þess að starfsemin sé í góðu horfi.

Stjórnarmönnum ber að sjá til þess að starfsemi og skipulag félagsins sé í réttu og góðu horfi, svo sem að nauðsynlegar reglur, eftirlit og ferlar séu til staðar. Þeim ber að móta stefnu félagsins til lengri tíma, hafa eftirlit með bókhaldi, rekstri og fjárreiðum félagsins og störfum framkvæmdastjóra. Stjórninni ber að sjá til þess að saminn sé ársreikningur og skulu stjórnarmenn undirrita hann.

Stjórn tekur ákvarðanir um óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir.

Stjórnarmönnum ber að taka ákvörðun um óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir sem falla ekki undir daglegan rekstur félagsins, s.s. meiri háttar fjárfestingar, breytingar á starfsemi eða veðsetningu eigna. Í ákveðnum tilvikum, t.d. þegar um er að ræða ákvarðanir sem eru mjög óvenjulegar í starfsemi félagsins eða geta haft verulega miklar fjárhagslegar afleiðingar, kynni að vera rétt fyrir stjórn að bera slíkt undir hluthafafund.

Stjórn skal boða til hluthafafunda samkvæmt lögum, samþykktum félagsins eða þegar hún telur þörf á. Samkvæmt 84. gr. hlutafélagalaga er skylt að boða til fundar þegar eigið fé félags er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess, til að ræða stöðuna og nauðsynlegar ráðstafanir.

Stjórnarmenn skulu gæta jafnræðis meðal hluthafa og forðast hagsmunaárekstra.

Stjórnarmenn hafa trúnaðarskyldu gagnvart félaginu, skulu gæta jafnræðis meðal hluthafa og forðast hagsmunaárekstra. Þannig er í 76. gr. hlutafélagalaga kveðið á um að stjórnarmönnum séu óheimilar ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótil-

hlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Í 72. gr. hlutafélagalaga er sérstaklega tiltekið að stjórnarmönnum sé óheimilt að taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra sjálfra (eða annarra þar sem þeir hafa verulegra hagsmuna að gæta). Jafnframt verður að telja að stjórnarmönnum sé óheimilt að nýta sér upplýsingar um viðskiptamöguleika félagsins sjálfum sér (eða fyrirtæki sínu) til hagsbóta.

Stjórnarmenn mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum.

Stjórnarmenn mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu eða félögum innan sömu samstæðu, skv. 67. gr. hlutafélagalaga, svo sem að veita misvísandi upplýsingar í því skyni að hafa áhrif á verð hluta í viðskiptum eða eiga viðskipti í ljósi upplýsinga sem þeir hafa en hafa ekki verið gerðar opinberar og væru líklegar til að hafa áhrif á verð hlutanna. Efnismeiri ákvæði gilda um félög sem skráð eru á markaði sbr. lög nr. 33/2003 um verðbrefaviðskipti.

Formaður stjórnar ber sérstakar skyldur skv. lögum, meðal annars að boða til stjórnarfunda (tímanlega og á tryggilegan hátt) og stýra fundum. Jafnframt getur hann sinnt öðrum verkefnum sem stjórnin eða aðalfundur kann að fela honum sérstaklega, t.d. að vinna að ákveðinni samningagerð eða stefnumörkun.

Helstu skyldur framkvæmdastjóra

Í hlutafélögum skal ráða sérstakan framkvæmdastjóra en sama skylda er ekki fyrir hendi í einkahlutafélögum þar sem mögulegt er að sami maðurinn sitji bæði í stjórn og sé framkvæmdastjóri.

Að flestu leyti gilda svipaðar almennar reglur um skyldur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Þannig ber framkvæmdastjóra að starfa með hagsmunum félagsins að leiðar-

ljósi og uppfylla trúnaðarskyldu gagnvart félaginu, gæta jafnræðis hluthafa, forðast hagsmunaaárekstra og er óheimilt að misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti í félaginu. Honum ber jafnframt að framkvæma störf sín í samræmi við stefnu og fyrirmæli stjórnar.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins.

Stjórn félags, ásamt framkvæmdastjóra, fer með stjórn félags en þó er sú verkaskipting að framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins. Hvað telst til daglegs reksturs fer eftir eðli og umfangi starfsemi félagsins.

Framkvæmdastjóra ber þannig að sjá til þess að meðferð eigna sé forsvaranleg og hefðbundinn rekstur félagsins sé í góðu horfi og í samræmi við gildandi lög. Í því skyni ber honum að sjá til þess og hafa eftirlit með því að ferlar, bókhald, ráðning starfsmanna og starfsemi að öðru leyti sé í lagi. Þannig ber framkvæmdastjóra til dæmis að sjá til þess að skattar séu innheimtir og þeim skilað til hins opinbera og að félagið brjóti ekki gegn samkeppnislögum, til dæmis með þátttöku í samráði eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Skaðabóta- og refsíbyrgð

Í ráðningarsamningi framkvæmdastjóra er kveðið nánar á um skyldur hans og réttindi. Brot á helstu skyldum geta varðað uppsögn eða, séu vanefndir verulegar, fyrirvaralausri og bótalausri riftun. Um slíkt fer nánar eftir ákvæðum laga og samningsins.

Skaðabótaábyrgð

Stjórnendur geta, með ásetningi eða gáleysi, bakað sér bótaskyldu gagnvart félaginu, hluthöfum og öðrum aðilum.

Hafi athafnir eða athafnaleysi stjórnenda, sem rekja má til ásetnings eða gáleysis, leitt til bótaskylds tjóns geta þeir orð-

ið skaðabótaskyldir gagnvart félaginu, hluthöfum og öðrum aðilum samkvæmt almennum reglum. Hvað fellur undir gáleysi verður að meta í hverju tilviki fyrir sig en rétt er að taka fram að meira þarf til en að ákvarðanir hafi reynst „rangar“. Þannig geta stjórnendur bakað sér bótaskyldu með því að vanrækja að kynna sér fyrirbyggjandi eða auðfinnanleg gögn, fylgja ekki ráðum starfsmanna eða sérfræðinga, brjóta gegn lögum eða starfsskyldum eða láta stjórnast af persónulegum hagsmunum.

Skaðabótakröfur koma oftast til vegna þess að stjórnendur vanrækja eftirlits-skyldur.

Helst reynir á skaðabótaábyrgð stjórnenda þegar þeir vanrækja eftirlitsskyldur er tengjast starfsemi félagsins en stjórnendum ber að þekkja til meginatriða í rekstri félags og geta ekki borið fyrir sig vanþekkingu, að þeir hafi ekki tekið þátt í stjórnarstörfum eða stjórnarfundir hafi ekki verið haldnir.

Í einu dómsmáli¹⁾ hafði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fyrirtækis ráðstafað aflahlutdeild skips í ósamræmi við veðrétt í því. Var talið að aðrir stjórnarmenn væru bótaskyldir vegna tjóns veðhafa þar sem þeir hefðu vitað um veðrétt hans og hefði borið að ganga úr skugga um að hann hefði samþykkt framsal aflahlutdeildar. Í dómnum kom fram að stjórnarmennirnir gátu ekki borið fyrir sig vanþekkingu á lögum né að minni kröfur væru gerðar til stjórnarmanna í „fjölskyldufélögum“. Stjórnarmenn geta jafnframt orðið bótaskyldir ef þeir láta félagið takast á herðar fjárskuldbindingar sem þeim má vera ljóst að það geti ekki staðið undir eða ráðstafa eignum til tjóns fyrir lánardrottna.

Ákvæði sérlaga geta kveðið á um frekari bótaábyrgð en leiðir af almennum reglum, s.s. 28. gr. virðisaukaskattslaga sem kveður á um óskipta ábyrgð stjórnarmanna á vangreiddum virðisaukaskatti.

¹⁾Hrd. 1999:4453.

Refsíabyrgð

Það getur varðað fangelsi allt að tveimur árum að skýra vísitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags.

Í hlutafélagalögum er að finna sérstök refsíákvæði er varða brot á þeim lögum. Þannig varðar það fangelsi allt að tveimur árum að skýra vísitandi rangt eða villandi frá högum hlutafélags eða öðru er það varðar í ýmiss konar opinberum tilkynningum frá félagi. Sama refsing á við vegna brota á ýmsum ákvæðum laganna, t.d. varðandi eigin hluti eða boðun hluthafafundar ef eigið fé er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé. Það er jafnframt refsivert að skapa vísitandi rangar hugmyndir um hag félagsins eða annað sem getur haft áhrif á verð hluta þess eða að hafa, á ólög-mætan hátt, áhrif á atkvæðagreiðslu innan félagsins. Vanræksla varðandi tilkynningar til hlutafélagaskrár varðar fangelsi allt að einu ári.

Stjórnendur geta jafnframt bakað sér refsíabyrgð samkvæmt ákvæðum ýmissa laga vegna starfa sinna, til dæmis hegningarlaga, skattalaga eða samkeppnislaga. Fyrir dómstólum hefur einkum reynt á tilvik þar sem stjórnarmenn hafa ekki sinnt eftirlitsskyldum sínum á fullnægjandi hátt.

Þannig var stjórnarmaður dæmdur sekur um verðlagsbrot, jafnvel þótt sannað væri að viðkomandi hefði lítinn þátt tekið í störfum félagsins og hefði verið ókunnugt um sakar-efnið þar sem hann hefði átt að þekkja rekstur félagsins í höfuðdráttum. Í sömu átt hafa fallið dómar vegna vanskila á opinberum gjöldum eða lífeyrissjóðsgreiðslum sem stjórnar-menn áttu að gera sér grein fyrir.

Dómar í refsimálum taka einkum á vanrækslu eftirlitsskyldna.

Að síðustu má nefna að í sumum tilvikum kveða lög á um að sekta megi lögaðilann sjálfan. Slík refsíabyrgð er yfirleitt bundin því skilyrði, sbr. 19. gr. c. hegningarlaga, að fyrir-svarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans

vegum hafi með sagnæmum hætti unnið refsinaeman og ólögsmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Ef hægt er að sýna fram á að einhver þessara aðila hafi framið verknaðinn er hægt að sekta lögaðilann þó svo að ekki sé staðreynt hver þeirra það sé. Í ýmsum sérlægum eru hins vegar ákvæði um að dæma megi lögaðila í sekt jafnvel þótt ekki sé sönnuð sök á fyrirvarsmann eða starfsmann lögaðila, s.s. í 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og 40. gr. virðisaukaskattslaga.

Bókhald og reikningsskil

Bókhaldsskyld eru hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sameignarfélag, bankar og verðbréfafyrirtæki, ríkisstofnanir, þrotabú og hvers konar félag og einstaklingar í atvinnurekstri.

Miklar breytingar hafa orðið á færslu bókhalds síðustu ár. Áður var bókhald fært í þar til gerðar bækur en í dag hafa sérhæfð tölvukerfi að mestu tekið við hlutverki bókkanna. Löggin sem fjalla um bókhald eru nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Gott bókhaldskerfi auðveldar stjórnendum að gera sér grein fyrir stöðu fyrirtækisins.

Gott kerfi utan um bókhald er nauðsynlegt til að stjórnendur og eigendur geti gert sér grein fyrir fjárhagslegri stöðu fyrirtækisins og rakið viðskipti og notkun fjármuna þess.

Bókhald fyrirtækis á að gefa skýra og rétta mynd af tekjum, gjöldum, eignum og skuldum sem opinberir aðilar og jafnvel viðskiptaaðilar og aðrir viðsemjendur eiga að geta treyst. Rekstraraðilar þurfa því að uppfylla lög og reglur um bókhald, gerð ársreikninga og virðisaukaskatt hverju sinni og gæta þess að „bækur“ séu færðar í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju. Engu skiptir hvort bókhaldið er fært í fyrirtækinu sjálfu, hjá bókhaldsstofu eða löggiltum endurskoðanda; ábyrgðin á bókhaldinu er alltaf hjá stjórnendum.

Ábyrgð á bókhaldi liggur alltaf hjá stjórnendum.

Reglur um bókhald er að finna í lögum og reglugerðum sem t.a.m. má nálgast á vef Fjármálaráðuneytisins, www.fjarmaladaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/, en lög um bókhald eru nr. 145/1994, með síðari breytingum.

Sé um virðisaukaskattsskyldan rekstur að ræða, þarf einnig að haga bókhaldinu í samræmi við lög og reglugerðir um virðisaukaskatt sem m.a. má finna á vef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is.

Einhlíða og tvíhlíða bókhald

Tvíhlíða bókhald er meginreglan.

Langflestir rekstraraðilar eru skyldugir til að halda tvíhlíða bókhald¹⁾. Tvíhlíða bókhald felst í dagbók þar sem allar færslur koma fram í færsluröð, hreyfingalista, þar sem allar færslur dagbókar eru flokkaðar á bókhaldsreikninga, og aðalbók, þar sem fram kemur staða hvers reiknings. Þessar bækur nefnast einu nafni fjárhagsbókhald.

Þar að auki skal gera ársreikning og eftir atvikum skal haldin sjóðbók yfir inn- og útborganir úr sjóði og bók fyrir viðskiptamannabókhald. Þó má falla frá færslu í sjóðbók þegar fyrir liggur annað jafnöruggt skráningarkerfi innborgana og útborgana.

Undanþegnir frá reglunni um tvíhlíða bókhald eru einstaklingar sem nota ekki meira aðkeypt vinnuafli að jafnaði en sem svarar einum starfsmanni og rekstur þeirra felst í:

1. útgerð á bátum undir 10 rúmlestum,
2. verkun sjávarafila ef meirihluti sölu hans fer fram fyrir milligöngu afurðasölufyrirtækis,
3. búrekstri ef meirihluti sölu afurða fer fram fyrir milligöngu afurðafyrirtækis,
4. rekstri leigu-, sendi-, vöru- og fólksflutningabifreiða, svo og rekstri vinnuvéla,
5. iðnaði, þar með taldri viðgerðastarfsemi,
6. þjónustu þar sem fyrst og fremst er seld vinna eða fagleg þekking og ekki er um fjárvörslu að ræða í tengslum við selda þjónustu.

Þessir aðilar skulu samt sem áður færa sjóðbók yfir allar inn- og útborganir úr sjóði og sundurliðunarbók þar sem hreyf-

¹⁾Í tvíhlíða bókhaldi er stillt upp mismunandi reikningum og notkun þeirra greinilega afmörkuð, t.d. sjóðsreikningur, vörusölureikningur, innkaupareikningur o.s.frv.

ingar ársins á eignum og skuldum, tekjum og gjöldum eru flokkaðar eftir tegundum.

Ársreikningar eru síðan samdir upp úr þessum bókum.

Skráning og varðveisla

Skipulag og stjórnun bókhalds skal miðast við að tryggja sem best vörslu bókhaldsgagna og eðlilegt innra eftirlit. Með innra eftirliti er átt við verklagsreglur um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkskiptingu sem tryggja örugga meðferð og vörslu fjármuna, áreiðanlegt bókhald og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum og misnotkun.

Viðskipti skal skrá strax í bókhald og eiga færslur að vera í númeraröð.

Skylt er að skrá viðskipti í bókhald jafnskjótt og þau fara fram, enda sé það í samræmi við góða bókhaldsvenju. Önnur atvik skal skrá svo fljótt sem unnt er eftir að þau hafa átt sér stað. Þannig þarf sérhver færsla að byggja á áreiðanlegum og fullnægjandi innri sem ytri gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri gögn geta verið reikningur, afreikningur, gíróseðill, greiðsluseðill, samningur, myndrit, skeyti eða önnur frumgögn. Þessi gögn skulu vera skilmerkilega merkt útgefanda og öðrum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar kunna að vera til að sannreyna að viðskipti hafi farið fram. Innri gögn eru gögn sem hafa orðið til hjá hinum bókhaldsskylda, s.s. samrit reikninga, afreikningar, greiðsluseðlar, gíróseðlar, greiðslukvittanir o.s.frv. sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs. Færslurnar eiga að vera í númeraröð og endurspegla tímaröð viðskiptanna og annarra færslutilefna. Þá þarf að geyma fylgiskjöl¹⁾ með bókhaldi í samfelldri töluröð og vísa til þeirra þegar fært er í bækur. Mikilvægt er að færslurnar vísi til

¹⁾Fylgiskjöl eru til dæmis afrit útgefna sölureikninga og frumrit innkaupareikninga.

viðeigandi frumgagna og geymi skýrar upplýsingar um efni viðskipta eða annarra atvika, reikningsheiti og dagsetningu.

Allar færslubækur þarf að varðveita í sjö ár.

Allar lögbundnar færslubækur bókhalds, bókhaldsgögn og fylgiskjöl, þar með talin gögn sem varðveitt eru á tölvutæku formi, skulu varðveitt á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Strímlum úr sjóðsvélum má þó farga eftir þrjú ár, enda liggi þá fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur. Vissan hluta bókhalds getur þó þurft að geyma lengur en í sjö ár vegna virðisaukaskatts.

Fullfrágengið bókhald þarf að liggja til grundvallar framtalskilum.

Fullfrágengið og fullnægjandi bókhald þarf að liggja til grundvallar framtals- og skýrsluskilum. Skattyfirvöld geta hvenær sem er kallað inn bókhaldið og gögn þess til skoðunar. Ef það er ófullnægjandi ber skattstjóra að áætla skatta og beita viðurlögum. Fáist bókhald ekki afhent eða ef bókhald hefur ekki verið fært ber að vísa málinu til Skattrannsóknarstjóra eða Ríkislögreglustjóra.

Tekjuskráning í bókhald byggir ætíð á formlegu skjali.

Um leið og fyrirtæki er stofnað þarf að skrá allan kostnað og tekjur í bókhaldið samkvæmt lögum og reglugerðum. Mismunandi getur verið hvernig fyrirtæki skrá og bóka tekjur sínar en skráningin byggir þó ætíð á formlegu skjali. Algengasta formið er reikningur en önnur form eru m.a. samningar, kassauppgjör og gíróseðlar.

Undanþegin meginreglunni um fyrir fram tölusetta reikninga eru fyrirtæki sem hafa rafræn bókhaldskerfi.

Meginreglan er sú að gefa skal út sölureikning við sérhverja afhendingu eða skrá söluna í sjóðvél jafnskjótt og hún fer fram. Sölureikningar eiga að vera fyrir fram tölusettir og má ekki nota sama fyrir fram áprentaða númerið oftari en einu sinni á ári. Undanþága frá því að hafa reikningana fyrir fram tölusetta er ef bókhaldskerfið er skilgreint sem rafrænt bókhaldskerfi af Ríkisskattstjóra. Verður þá að liggja fyrir yfir-

Lýsing í bókhaldi þess efnis að viðkomandi bókhaldskerfi uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 598/1999 um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Að öllu jöfnu á að nota sömu tekjuskráningaraðferð við skráningu á allri sölu. Þannig eiga rekstraraðilar annaðhvort að nota sölureikninga eða sjóðvél. Þeir sem skrá tekjur sínar í sjóðvél eiga þó jafnhliða innstimplun í sjóðvél að gefa út sölureikning til virðisaukaskattsskylds viðskiptavinar sem þess óskar. Þá þarf að hefta greiðslukvittun sjóðvélar við reikninginn.

Í bókhaldskerfum sem eru ekki rafræn eru tekjur bókaðar þannig að í lok ákveðins tímabils (dagsins, vikunnar, mánaðarins) eru færslur fluttar úr sölukerfi yfir í fjárhagsbókhaldið.

Í fjárhagsbókhaldi eða sérstöku viðskiptamannabókhaldi, sem tengist fjárhagsbókhaldinu, skal hafa reikninga yfir viðskipti við hvern viðskiptamann önnur en þau sem hönd selur hendi. Þó er heimilt að sameina óveruleg viðskipti á einn eða fáa reikninga.

Við færslu gjalda er mikilvægt að athuga að fært sé inn á rétta gjaldalykla með tilliti til endurgreiðslu virðisaukaskatts. Ekki má færa á sama gjaldareikning kaup á vörum og þjónustu sem ber frádráttarbæran virðisaukaskatt og kaup á vörum og þjónustu sem ber ekki frádráttarbæran virðisaukaskatt. Einnig þarf að aðgreina innlend og erlend vorkaup.

Sjá nánar á www.rsk.is.

Bókhaldslyklar

Í lögum nr. 145/1994 um bókhald er fjallað sérstaklega um reikningaskipan, eða bókhaldslykla. Vel skipulagður bókhaldslykill getur einfaldað vinnu við bókhaldið og gert hana mun skilvirkari en ella. Í bókhaldslögunum segir að að jafnaði skuli haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar. Færa skal þá reikninga í bókhaldinu sem nauðsynlegt er til að eðlileg sundurliðun náist með tilliti til tegundar og stærðar starfseminnar.

Með flestum nútímabókhaldskerfum fylgja uppsettir reikningar sem hægt er að aðlaga starfsemi fyrirtækisins. Er þá búið að gefa reikningunum númer og heiti, tengja þá við réttan virðisaukaskattsflokk, skilgreina hvort þeir tilheyra efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi, ásamt almennri lýsingu á eiginleikum reikninganna. Suma lykla er hægt að færa beint á og kallast þeir bóknarreikningar. Aðrir reikningar eru fyrirsagnir, samtölur og þess háttar vegna uppsetningar á rekstrar- og efnahagsreikningi.

Algennt er að flokka reikningana niður í eftirtalda flokka:

Rekstur:

- Sala
- Vörunotkun
- Annar rekstrarkostnaður
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Efnahagur:

- Varanlegir rekstrarfjármunir
- Skammtímakröfur
- Handbært fé

- Eigið fé
- Langtímaskuldir
- Skammtímaskuldir

Síðan er notast við undirflokkka þar sem t.d. vörunotkun er skipt í vörukaup með vsk., vörukaup án vsk., umbúðir, birgðir í upphafi árs, birgðir í lok árs o.s.frv.

Oft bjóða endurskoðendur og bókhaldsstofur fyrirtækjum upp á uppsetta reikninga sem henta viðkomandi rekstri.

Ársreikningur og skýrsla stjórnar

Öll hlutafélög þurfa að skila ársreikningum til Ríkisskattstjóra.

Ríkisskattstjóri starfrækir ársreikningaskrá og þangað skulu öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og samvinnufélög skila ársreikningum sínum til opinberrar birtingar. Sú skylda tekur einnig til sameignarfélaga ef þau fara yfir ákveðin stærðarmörk eigna, veltu og ársverka.

Heimilt er að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum, sbr. reglugerð nr. 694/1996 með síðari breytingum um framsetningu ársreikninga á samandregnu formi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um eignir, veltu og fjölda ársverka.

Almenningur hefur aðgang að gögnum í ársreikningaskrá.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á gerð árlegs ársreiknings.

Það eru stjórn og framkvæmdastjóri sem bera ábyrgð á gerð árlegs ársreiknings og undirrita hann. Slíkur reikningur skal innihalda rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og nauðsynlegar skýringar. Í félögum sem hafa ekki formlega stjórn hvílir þessi skylda á öllum félagsaðilum sameiginlega. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Reikningsárið skal vera 12 mánuðir en við upphaf rekstrar má fyrsta tímabilið vera allt að 18 mánuðir. Ársreikninga þarf að varðveita í 25 ár.

Lög um ársreikninga gera ítarlegar kröfur um innihald ársreikninga.

Lög um ársreikninga, nr. 144/1994, gera ítarlegar kröfur um innihald ársreikninga, hvaða matsreglum skal beita í einstökum tilvikum og hvaða skýringar skulu fylgja.

Skýrsla stjórnar skal gera grein fyrir atriðum sem ekki koma fram í ársreikningi en eru mikilvæg fyrir mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á fjárhagsárinu. Þar skal einnig gera grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu og þar skal gerð tillaga um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps á síðasta reikningsári. Gefa þarf upplýsingar um fjölda hluthafa eða félagsaðila og, eftir því sem við á, skal fjalla um framtíðarhorfur, rannsóknar- og þróunarstarfsemi og mikilvæg atvik sem orðið hafa eftir lok reikningsársins. Í stuttu máli sagt mynda ársreikningur og skýrsla stjórnar, heillega og glögga mynd af fyrirtækinu.

Sjá nánar: Lög nr. 145/1994 um bókhald, lög nr. 144/1994 um ársreikninga, reglugerð um skil og birtingu ársreikninga nr. 319/2003, lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskatts-skyldra aðila, reglugerð nr. 598/1999 um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa og heimasíðu Ríkisskattstjóra: www.rsk.is.

Nokkur grunnhugtök í bókhaldi	
Debet	Vinstri hlið bókhaldsreiknings, eða + tala
Kredit	Hægri hlið bókhaldsreiknings, eða - tala
Bókhaldsreikningur	Færslur eru bókaðar á þar til gerða reikninga (einnig nefndir bókhaldslyklar)
Eignir	Verðmæti sem fyrirtækið ræður yfir og hafa orðið til á grundvelli viðskipta eða atburða sem hafa átt sér stað
Skuldir	Kvaðir á fyrirtæki til að láta af hendi eignir eða veita þjónustu í framtíðinni vegna viðskipta eða atburða sem hafa átt sér stað
Eigið fé	Sú fjárhæð sem eftir er þegar skuldir hafa verið dregnar frá eignum
Tekjur	Aukning eigna og/eða lækkun skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar vara eða vegna annarra verkefna í meginstarfsemi fyrirtækisins
Gjöld	Eignaskerðing eða aukning skulda á tilteknu tímabili vegna afhendingar vara og þjónustu eða vegna annarra verkefna í meginstarfsemi fyrirtækisins
Hagnaður (tap) fyrirtækisins	Tekjur - gjöld
Efnahagsreikningur	Eignir og skuldir tilheyra efnahagsreikningi
Rekstrarreikningur	Tekjur og gjöld tilheyra rekstrarreikningi
Loka árinu	Bókhaldsárinu lýkur og fjárhæðir á tekju- og gjaldaliðum flytjast yfir á eigið fé í efnahagsreikningnum og hefjast á núlli á nýju ári.

Skattar og gjöld

Nauðsynlegt er fyrir stofnendur fyrirtækja að kynna sér vel skattareglur er varða reksturinn, enda eru skattareglur um atvinnurekendur og tekjuskattur rekstraraðila oftast mun flóknari en skattareglur launþega með launatekjur. Skattalegt umhverfi fyrirtækja á Íslandi þykir almennt hagstætt, tekjuskattar á fyrirtæki eru lágir og launatengd gjöld eru lægri en víða tíðkast. Eins og áður hefur verið fjallað um, skiptir þó verulegu máli hvaða form er á rekstrinum og eðli og umfang rekstrar kallar á mismunandi gjöld sem ríki og sveitarfélög leggja á.

Hér verður hlaupið á helstu skyldum atvinnurekenda í skattalegum efnum en nánari upplýsingar fást m.a. á upplýsingavef Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, og í ýmsum leiðbeiningum útgefnum af Ríkisskattstjóraembættinu. Þá eru margir einstaklingar og fyrirtæki sem sérhæfa sig í skattalegri ráðgjöf, s.s. lögmenn, endurskoðendur og rekstrarráðgjafar.

Skráningarskyldan

Skattskyldan rekstur þarf að tilkynna til skattfirvalda.

Þeir sem stunda atvinnurekstur þurfa að tilkynna slíkt til skattfirvalda á sérstökum eyðublöðum, enda ber þeim í flestum tilvikum að standa skil á ýmsum opinberum gjöldum sem nánar verður vikið að síðar.

Tekjuskattur og tryggingagjald: Til að standa skil á staðgreiðslu tekjuskatts og tryggingagjalds ber að tilkynna starfsemi til launagreiðendaskrár hjá skattstjóra viðkomandi umdæmis innan átta daga frá því að fyrsta launagreiðsla var innt af hendi.

Virðisaukaskattur: Ef um virðisaukaskattsskylda starfsemi er að ræða skal tilkynna hana til virðisaukaskattsskrár hjá skattstjóra, einnig átta dögum áður en starfsemin hefst.

Vörugjald: Vörugjaldsskylda starfsemi skal tilkynna til vörugjaldsskrár hjá skattstjóranum í Reykjavík 15 dögum fyrir upphaf rekstrar.

Fjármagnstekjuskattur: Í þeim tilvikum sem atvinnurekandi getur verið skilaskyldur vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur þarf hann að tilkynna sig til skráningar hjá Ríkisskattstjóra. Þá verður að tilkynna um breytingar á rekstri, einkum lok hans.

Tekjuskattur, eignaskattur o.fl.

Allar tekjur fyrirtækisins eru tekjuskattskyldar, að frádregnum kostnaði.

Allar tekjur sem verða til í atvinnurekstri eru tekjuskattskyldar, að frádregnum rekstrarkostnaði sem er þau gjöld sem ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við (sjá einnig 31. gr. laga 90/2003).

Rekstraraðilum ber að standa skil á tekjuskatti, eignaskatti og fleiri sköttum árlega. Þessir aðilar skila skattframtali vegna rekstrar fyrra árs og eru skattar síðan lagðir á í lok júlí. Gjald dagar álagningarinnar eru 1. hvers mánaðar á tímabilinu ágúst-desember.

Lögaðilar, eins og til dæmis hlutafélög og einkahlutafélög, eru sjálfstæðir skattaðilar og skila sínu eigin skattframtali, þ.e. skattframtali rekstraraðila. Ef rekstraraðili er ekki sjálfstæður skattaðili, eins og til dæmis er með einkafirma, eru skattar af rekstrinum gerðir upp á persónuframtali viðkomandi einstaklings.

Fyrirtækjum ber að greiða fyrir fram upp í tekju- og eignaskatt ársins.

Fyrirtækjum ber að greiða fyrir fram upp í tekju- og eignaskatt ársins. Er skatturinn þá greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju, fyrsta dag hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur. Við skiptingu fyrirfram-

greiðslu og eftirstöðva álagningar á gjalddaga er þó við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga. Þar til álagning liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundr- aðshluta skatta er honum bar að greiða árið áður. Skal þessi hundr- aðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár (er 10% fyrir árið 2005).

Sjá nánar: Lög um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003, reglu- gerð nr. 1041/2004 um innheimtu þinggjalda og jöfnunar- gjalds vegna alþjónustu á árinu 2005 og reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálf- stæðri starfsemi.

Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur er vörsluskattur og almennur neyslu- skattur sem innheimtur er af innlendum viðskiptum á öllum stigum og við innflutning á vörum og þjónustu.

Rekstraraðilum ber að skila virðisauka- skatti af allri sölu nema slíkt sé sérstak- lega undanþegið skv. lögum.

Fyrirtækjum og einstaklingum í rekstri ber að innheimta og skila virðisaukaskatti af allri sölu á vörum og þjónustu nema slíkt sé sérstaklega undanþegið skv. lögum.

Sem dæmi um undanþegna starfsemi má nefna lækniþjón-ustu og aðra heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, flesta kennslustarfsemi, íþróttastarfsemi, fólksflutninga, fasteigna- leigu og þjónustu lánastofnana.

Það lágmark gildir þó fyrir allar tegundir rekstrar að sé velta á hverju tólf mánaða tímabili undir ákveðnu lágmarki (220.000 krónum árið 2005) þarf ekki að innheimta virðis- aukaskatt. Frekari upplýsingar er að finna á vef Ríkisskatt- stjóra, www.rsk.is, undir Skattar og gjöld.

Vörur og þjónusta falla í tvö virðisaukaskattsprep, 24,5% og 14%.

Vörur og þjónusta falla í tvö virðisaukaskattsprep, almennt þrep sem ber 24,5% skatt og sérstakt þrep sem ber 14% skatt. Í hið sérstaka þrep falla eftirtaldir vörur og þjónusta:

- Útleiga hótél- og gistiherbergja og önnur gistiþjónusta.
- Afnotagjöld hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva.
- Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða.
- Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýddra.
- Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- Sala á flestum matvælum, s.s. kjöti, nýlenduvörum, morgunkorni o.fl. vörum til manneldis sem tæmandi eru taldir upp í viðauka við virðisaukaskattslög.
- Aðgangur að vegamannvirkjum (Hvalfjarðargöng).

Virðisaukaskattur bætist ofan á það verð sem fyrirtækið setur upp.

Virðisaukaskattur reiknast af heildarverði vöru/þjónustu án virðisaukaskatts (svokallað skattverð). Hann er því viðbót við það verð sem fyrirtækið setur upp. Til skattverðs telst m.a. umbúðakostnaður, sendingarkostnaður, váttryggingar og skattar og gjöld innheimt á fyrri stigum (t.d. vörugjald). Virðisaukaskattur reiknast af allri skattskyldri veltu virðisaukaskattsskylds aðila. Sala á vissri vöru og þjónustu telst þó ekki til skattskyldrar veltu og því reiknast ekki útskattur á alla sölu skattskyldra aðila. Í þeim tilvikum reiknast „núllskattur“ á viðskiptin.

Dæmi um undanþegin viðskipti eru útflutningur á vöru/þjónustu, vöruflutningar á milli landa og sala og útleiga loftfara og skipa.

Útskattur og innskattur

Sama vara og þjónusta er ekki margsköttuð því hvert fyrirtæki skilar einungis skatti af verðmætaaukningunni sem

Virðisaukaskattur er einungis innheimtur af virðisaukanum sem verður til í starfseminni.

verður til í starfsemi fyrirtækisins. Það þýðir að fyrirtækið má draga frá virðisaukaskatt sem innheimtur hefur verið á fyrri stigum.

Því er talað um útskatt og innskatt.

Útskattur er sá skattur sem seljandi vöru og þjónustu innheimtir af skattskyldri veltu. Skatturinn leggst á skattverðið og er ýmist 24,5% eða 14%. Almenna reglan er sú að útskattur er lagður á alla vöru sem afhent er og þá þjónustu sem innt er af hendi á uppgjörstímabilinu, óháð því hvenær eiginleg greiðsla fer fram.

Innskattur er virðisaukaskattur sem skráður aðili greiðir öðrum skattskyldum aðilum (og tollstjóra) við öflun aðfanga til rekstrar síns. Innskattur vegna vörukaupa er frádráttarbær frá útskatti (á uppgjörstímabili) miðað við dagsetningu reiknings kaupanna og skiptir þá engu þótt vörurnar séu ennþá hluti af birgðum kaupanda eða ógreiddar. Þegar innskattur hefur verið dreginn frá útskatti, liggur fyrir sú upphæð sem skila skal í ríkissjóð (eða fæst endurgreidd ef innskattur er hærri).

Útskattur mínus innskattur gefur þá upphæð sem skila skal í ríkissjóð.

Í upplýsingariti Ríkisskattstjóra, *Virðisaukaskattur, leiðbeiningar og dæmi* má finna ágæt dæmi til útskýringar á samspili innskatts og útskatts. Ritið má finna á heimasíðu embættisins, www.rsk.is, undir *Bæklingar og leiðbeiningar*.

Uppgjör virðisaukaskatts

Gjalddagi virðisaukaskatts.

Uppgjörstímabil virðisaukaskatts er almennt tveir mánuðir (þ.e. janúar/febrúar, mars/apríl o.s.frv.). Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabilsins, þ.e. greiða á virðisaukaskatt vegna janúar/febrúar eigi síðar en 5. apríl.

Önnur tilhögun gildir um bændur, sem greiða virðisaukaskatt með sex mánaða uppgjörstímabilum, og nýbyrjaðir eða smáir rekstraraðilar gera upp virðisaukaskatt einu sinni á ári, svo fremi sem velta þeirra er undir 800.000 kr. á ári (verði veltan meiri þarf að gera leiðréttingu og uppgjör verður almennt).

Til viðbótar þessu er mögulegt að sækja um styttra uppgjörstímabil (einn mánuð) þegar útskattur er yfirleitt lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti af sölu fyrirtækisins er undanþeginn skattskyldri veltu. Þetta gæti til dæmis komið sér vel fyrir fyrirtæki sem fyrst og fremst stundar útflutning. Jafnframt er hægt að sækja um tímundið uppgjörstímabil þegar starfsemi er tímabundin (t.d. sala flugelda).

Virðisaukaskattsskýrslu er hægt að skila rafrænt.

Gera skal sérstaka virðisaukaskattsskýrslu við skil á skattinum og er mögulegt að skila henni rafrænt. Ef virðisaukaskatti er ekki skilað á réttum tíma, eða ekki er skilað núllskýrslu þegar rekstur liggur tímabundið niðri, verður skatturinn innheimtur með dráttarvöxtum og álagi auk þess sem atvinnurekstur kann að verða stöðvaður.

Ársuppgjör og skattframtalsskil.

Við ársuppgjör og skattframtalsskil þurfa virðisaukaskattskyldir aðilar að gæta þess, þegar við á, að standa skil á samanburðarskýrslu, leiðréttingarskýrslu og afstemmingarblaði. Skila á samanburðarskýrslu ef ekki er notast við skattframtal rekstraraðila við tekjuskattsuppgjör, afstemmingarblaði ef um er að ræða bæði virðisaukaskattsskylda og undanþegna starfsemi og leiðréttingarskýrslu ef fram kemur mismunur á þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum annars vegar og bókhaldi og ársreikningi hins vegar.

Sjá nánar: Lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, reglugerð nr. 667/1995 um framtal og skil á virðisaukaskatti, reglugerð nr.

192/1993 um innskatt, reglugerð nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila. Sjá einnig www.rsk.is og www.fjarmalaraduneyti.is.

Vörugjald

Vörugjald leggst á gjaldskyldar vörur við innflutning eða framleiðslu.

Vörugjald er gjald sem leggst á gjaldskyldar vörur við innflutning. Gjaldskyldar vörur eru taldar upp með tollskrárnúmerum í viðauka við lög um vörugjald en þær eru m.a. kaffi, te, sælgæti, kex, drykkjarvörur, sultur, súpur, grautar, ís, gúmmívörur, ýmis byggingarefni, bílahlutar, vinnuvélar, lyftur, teppi, lampar, ljósaskilti og heimilis-tæki.

Vörugjald skiptist í magn- og verðgjald.

Vörugjald skiptist í magn- og verðgjald. Magngjald er ákveðið krónugjald (mismunandi eftir flokkum) á kíló eða lítra en verðgjald er prósentugjald (mismunandi eftir flokkum) á toll- eða framleiðsluverð. Hvert gjaldið er á hverri vörutegund er nánar tilgreint í Viðauka I við lög nr. 97/1987 um vörugjald.

Almenna reglan er sú að greiða ber vörugjald við tollafgreiðslu. Frá þessu eru þó þær undantekningar að aðili sem er á vörugjaldsskrá fær gjaldfrest sem miðast við tveggja mánaða uppgjörstímabil (sömu og fyrir framleiðendur) og að aðili með greiðslufrest hjá tollstjóra (tollkrít) má gera vörugjald upp á gjalddaga frestsins.

Gjaldskyldir framleiðendur, þ.e.a.s. þeir sem framleiða, vinna að eða pakka gjaldskyldum vörum innanlands, greiða vörugjald af afhentum gjaldskyldum vörum á uppgjörstímabili á gjalddaga viðkomandi tímabils. Uppgjörstímabil eru janúar og febrúar, mars og apríl o.s.frv. og gjalddagi er 28. dagur annars mánaðar eftir lok viðkomandi tímabils.

Gjalddagi vörugjalds.

Gera skal sérstakar vörugjaldsskýrslur við skil og ef vörugjaldi er ekki skilað (né heldur núllskýrslu) á réttum tíma verður það innheimt með dráttarvöxtum og e.t.v. álagi.

Sjá nánar: Lög um vörugjald nr. 97/1987, reglugerð um vörugjald nr. 436/1998, reglugerð um birgðabókhald o.fl. og www.rsk.is.

Iðnaðarmálagjald og búnaðargjald

Iðnaðarmálagjald leggst á veltu allra iðnaðarfyrirtækja.

Iðnaðarmálagjald leggst á veltu allra iðnaðarfyrirtækja, sbr. þær atvinnugreinar sem taldar eru upp í viðauka við lög um iðnaðarmálagjald, og er einungis innheimt við álagningu. Iðnaðarmálagjald er 0,08% af veltu. Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins sem eiga að verja þeim til eflingar iðnaði og iðnþróun í landinu.

Búnaðargjald leggst á veltu vsk-skyldra búvöruframleiðenda.

Búnaðargjald er 2% og leggst á veltu virðisaukaskattskyldra búvöruframleiðenda í flestum atvinnugreinum landbúnaðar og skógræktar. Búnaðargjald er bæði innheimt fyrir fram og við álagningu. Tekjur af búnaðargjaldi renna aðallega í Búnaðarsjóð, Lánasjóð landbúnaðarins og til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Sjá nánar: Lög nr. 134/1993 um iðnaðarmálagjald og lög 84/1997 um búnaðargjald.

Staðgreiðsla tekjuskatts og tryggingagjalds

Atvinnurekendum ber að halda eftir af launum starfsmanna staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars.

Atvinnurekendum ber að halda eftir af launum starfsmanna staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars. Að auki þurfa þeir sem vinna við eigin atvinnurekstur að reikna sér laun eftir sérstökum reglum, útgefnum af Ríkisskattstjóra, um reiknað

endurgjald (sjá síðar) og standa skil á staðgreiðslu af því. Ef maki aðila sem stundar eigin atvinnurekstur vinnur við atvinnureksturinn skal einnig reikna honum endurgjald skv. reglum Ríkisskattstjóra.

Persónuafsláttur.

Við útreikning á staðgreiðslu ber að taka tillit til skattaafsláttar launamanns, svokallaðs persónuafsláttar (28.321 kr. á mánuði á árinu 2005) auk þess sem ekki reiknast staðgreiðsla af lífeyrissjóðsiðgjaldi þeirra. Forsenda þess að persónuafsláttur verði dreginn frá staðgreiðslu er að launþegi afhendi launagreiðanda skattkort sitt.

Staðgreiðslu ber að skila mánaðarlega og hægt er að gera það á rafrænan hátt.

Afdreginni staðgreiðslu ber almennt að skila mánaðarlega og er eindagi 15. hvers mánaðar vegna launa greiddra fyrir mánuðinn á undan. Staðgreiðslu skal skilað með sérstakri skilagrein og sundurliðun upplýsinga um launagreiðslur. Hægt er að gera slíkt með lítilli fyrirhöfn á rafrænan hátt í gegnum heimasíðu Ríkisskattstjóra, www.rsk.is, með svokölluðum vefskilum.

Launakerfi bjóða einnig upp á að skila staðgreiðslu í gegnum skeytaskil og eru þá upplýsingar um staðgreiðslu og tryggingagjald sendar beint úr launakerfinu inn á vefsíðu Ríkisskattstjóra. Í báðum tilvikunum verður til greiðsluseðill í fyrirtækjabankanum til að inna af hendi greiðslu.

Sækja þarf um lykilorð til Ríkisskattstjóra til að skila rafrænt og þarf að gera ráð fyrir nokkrum dögum frá skráningu inn í rafrænt skilakerfi þar til lykilorð inn í kerfið berst launagreiðanda í pósti.

Dráttarvextir og álag er reiknað vegna vanskila staðgreiðslu.

Ef staðgreiðslu er ekki skilað á réttum tíma og ekki berast upplýsingar um að launagreiðslur hafi legið niðri á umræddu tímabili er gripið til innheimtuaðgerða sem geta þýtt dráttarvexti og álag.

Tryggingagjald.

Launagreiðendur skulu inna af hendi sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, reiknuðu endurgjaldi og öðrum tegundum greiðslna og launa. Skatthlutfall tryggingagjalds er 5,73% fyrir árið 2005. Staðið er skil á því í sömu skilagrein og staðgreiðslu og greiðsla þess fer fram á sömu gjalddögum og staðgreiðsla. Tekjur af tryggingagjaldi renna í Atvinnuleysistryggingasjóð, Staðlaráð, Icepro, Fæðingarorlofsjóð o.fl. Ef launagreiðslur eða reiknað endurgjald fer ekki yfir 505.000 krónur á ári er heimilt að greiða það einu sinni á ári.

Upplýsingar um hlutfall tekjuskatts í staðgreiðslu og tryggingagjald má fá hjá Ríkisskattstjóra, www.rsk.is.¹⁾

Sjá nánar: Lög nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt, lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu skatta, lög nr. 113/1990 um tryggingagjald, reglugerð nr. 13/2003 um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds, reglugerð nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu og reglugerð nr. 539/1987 um launabókhald í staðgreiðslu. Sjá einnig www.rsk.is og www.fjarmalaraduneyti.is.

Eigandi rekstrar getur ekki reiknað sér lægri laun en hann myndi fá greidd annars staðar fyrir sambærilegt starf.

Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi getur ekki reiknað sé lægri laun fyrir það en óskyldur eða ótengdur aðili hefði greitt honum fyrir sama starf. Sama gildir um vinnu maka manns og barna þeirra við atvinnureksturinn. Þetta lágmarksendurgjald sem menn verða að reikna sér til tekna er kallað reiknað endurgjald og gefur Ríkisskattstjóri út reglur um það og þær fjárhæðir sem miða skal við fyrir mismunandi störf, sbr. reglur Ríkisskattstjóra frá janúar 2005.

¹⁾Fyrir árið 2005 er staðgreiðsluhlutfallið 37,73% og skatthlutfall tryggingagjalds 5,73% en að auki bætist við hjá útgerðum fiskiskipa, vegna launa sjómanna, 0,65% vegna slysatryggingar og er gjald þeirra alls 6,38%.

Ef menn teljast hafa ráðandi stöðu í atvinnurekstri annarra vegna eignar- eða stjórnunaraðildar skulu þeir á sama hátt reikna sér til tekna (sem reiknað endurgjald) mismun á greiddum launum og reiknuðu endurgjaldi sem þeim hefði borið að reikna sér hefði starfið verið innt af hendi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem maki manns, barn hans, venslamaður eða nákominn ættingi innir af hendi fyrir framangreinda aðila.

Viðmiðunarfjárhæðir Ríkisskattstjóra eru miðaðar við tegund atvinnurekstrar eða starfsemi og eru þær lágmarksfjárhæðir sé viðkomandi ekki í öðru launuðu föstu starfi eða starfi sem reikna skal endurgjald fyrir. Nokkur dæmi um flokka og fjárhæðir:

Flokkur A	Sérfræðipjónusta	452 - 632 þús. kr./mán.
Flokkur B	Almenn starfsemi, iðnaður verslun, útgerð, þjónusta	299 - 598 þús. kr./mán.
Flokkur C	Fjölmíðlun, listamenn, skemmtikraftar, útgefendur o.fl.	362 - 579 þús. kr./mán.
Flokkur D	Iðnaðarmenn	241 - 289 þús. kr./mán.
Flokkur E	Ýmis starfsemi einyrkja, ófaglærðra og vélstjórnenda	194 - 263 þús. kr./mán.
Flokkur F	Sjómennska	241 - 362 þús. kr./mán.
Flokkur G	Landbúnaður	89 - 178 þús. kr./mán.
Flokkur H	Makar og börn	73 - 363 þús. kr./mán.

Ef menn eru í öðrum störfum samhliða er heimilt að lækka viðmiðunarfjárhæðirnar um þá upphæð sem laun eða reiknað endurgjald fyrir önnur störf er umfram 50% af viðmiðunarfjárhæðinni, þó þannig að það verði aldrei lægra en 25% af viðmiðunarfjárhæðinni.

Þegar hjón eða samskattað sambúðarfólk stendur saman að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þarf hvort hjóna um

sig að telja fram á sig reiknað endurgjald og skiptist rekstrarhagnaður milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra.

Standa skal skil á staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi eins og um greidd laun hafi verið að ræða.

Þeir sem eiga að reikna sér endurgjald skulu tilkynna skattstjóra í skattumdæmi sínu um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluárinu og standa skil á staðgreiðslu af þeirri fjárhæð eins og um greidd laun hafi verið að ræða. Ef skattstjóri telur að áætlun sé lægri en lágmark viðmiðunarfjárhæða, skal hann ákveða endurgjaldið og staðgreiðslu af því á grundvelli skriflegra skýringa og nauðsynlegra gagna frá framteljanda og/eða launagreiðanda.

Hægt er að óska eftir lækkun á reiknuðu endurgjaldi.

Þeir sem eiga að reikna sér endurgjald geta óskað eftir því að þeim sé ákveðið lægra endurgjald en svarar til viðmiðunarfjárhæða. Í skriflegri beiðni skulu koma fram upplýsingar um umfang og eðli starfseminnar og starfs, upplýsingar um önnur launuð störf og, eftir því sem við á, upplýsingar um verð á útseldri vinnu. Jafnframt skal gera grein fyrir afkomu rekstrarins á síðastliðnu ári og leggja fram áætlun um rekstur og tekjur á staðgreiðsluárinu, svo og gera grein fyrir hvaða fjármagn sé bundið í rekstrinum.

Staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars á tekjuári. Endanleg ákvörðun reiknaðs endurgjalds fer fram við endurskoðun skattframtala.¹⁾

Fjármagnstekjuskattur

Fjármangstekjur, s.s. vaxtatekjur, eru skattlagðar og ber skilaskildum aðilum að skila staðgreiðslu af þeim sem og öðrum tekjum.

¹⁾Ef áætlað reiknað endurgjald af starfseminni er innan við 215.000 krónur á árinu 2005 fellur það utan staðgreiðslu.

Skilaskyldir aðilar.

Skylda til að skila staðgreiðslu skatts af vaxtatekjum hvílir á lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lög- mönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðil- um sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

Þá hvílir skylda á hlutafélögum og öðrum félögum með takmark- aðri ábyrgð félagsmanna að skila staðgreiðslu skatts af arði.

Skilaskyldir aðilar þurfa að draga 10% staðgreiðslu af fjár- magnstekjum.

Stofn til staðgreiðslu.

Stofn til staðgreiðslu af vaxtatekjum eru vextir, verðbætur, afföll, gengishækkun hlutdeildarskírteina og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum. Gengishagnaður af gjaldeyrisreikningum og kröfum í erlendri mynt er þó undan- þeginn staðgreiðslu. Stofn til staðgreiðslu af arði er sú fjár- hæð sem hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna greiða eða úthluta í arð.

Skilaskyldir aðilar fá í janúar sendar áritaðar skilagreinar vegna staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Skil á greiðslu skal inna af hendi hjá innheimtumönnum ríkissjóðs eða bönkum, sparisjóðum og pósthúsum. Greiðslutímabilið er almanaksárið, gjalddagi 15. janúar árið eftir og eindagi 15 dögum síðar.

Sjá nánar: Lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatta af fjár- magnstekjum.

Tollar

Tollar skv. tollskrá leggjast á við innflut- ning vöru.

Tollar eru sérstök gjöld sem leggjast á vörur við innflutning (eða hugsanlega útflutning) vegna þess eins að vara fer yfir

landamæri. Tollar eru lagðir á samkvæmt tollskrá og er tollverð það verðmæti vöru sem notað er til álagningar tolls. Með aukinni fríverslun í heiminum hefur innheimta tolla lækkað mikið. Þannig eru t.d. engir tollar lagðir á vörur upprunnar í EES-ríkjum sem falla undir samningssvið EES-samningsins (þ.e. vörur í tollflokkum 25-97).

Þótt ekki þurfi að greiða tolla við innflutning kunna önnur gjöld að vera innheimt, s.s. vörugjald eða virðisaukaskattur. Öll gjöld sem greidd eru við innflutning eru kölluð samheitinu aðflutningsgjöld.

Innflytjendum ber að fylla út innflutningsskýrslu og skila ásamt viðeigandi fylgiskjöllum. Fyrirtæki geta almennt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, verið í rafrænum skilum og notið greiðslufrests á gjöldum. Útflytjendur þurfa að fylla út útflutningsskýrslu og skila henni ásamt fylgiskjöllum áður en vara fer frá landinu.

Í ákveðnum tilvikum geta innflytjendur sótt um heimild til tímabundins innflutnings án nokkurra aðflutningsgjalda, s.s. þegar vörur eru nýttar til sýninga eða vísindastarfsemi.

Sjá nánar: Tollalög nr. 55/1987, www.tollur.is.

Hugverkavernd

Í iðnaði og atvinnulífi er nauðsynlegt að hafa í huga hvort og á hvern hátt hægt er að verja tæknilega uppfinningu, hönnun eða vörumerki fyrir samkeppnisaðilum. Í lögfræði er talað um hugverkavernd og er þar átt við réttarreglur sem vernda m.a. rétt á tækni og nýjungum, vörumerkjum, hönnun, bókmenntum og listum. Aðaltilgangurinn er að örva sköpun á þessum sviðum en einnig að stuðla að dreifingu þeirra. Megininntak hugverkaverndar er að réttihafi hefur einkarétt á að gera eintak af og birta verk sín, hagnýta uppfinningu í atvinnuskyni, nota vörumerki í atvinnustarfsemi og nota hönnun í atvinnuskyni.

Hugverkavernd er oftast bundin skráningu Einkaleyfastofu.

Til að njóta hugverkaverndar þarf í langflestum tilvikum að skrá hugverkið. Einkaleyfastofan, Skúlagötu 63, Rvk., ríkisstofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra, er hinn opinberi skráningaraðili hér á landi. Þar er hægt að fá leiðbeiningar og umsóknareyðublöð um skráningu. Á heimasíðu hennar, www.einkaleyfastofan.is, eru ítarlegar upplýsingar um þessi mál og helstu eyðublöð.

Þá gefur Einkaleyfastofan mánaðarlega út á Netinu ritið ELS-tíðindi. Þar eru birtar umsóknir og skráningar hugverkaréttinda og þjónar þessi birting m.a. þeim tilgangi að almenn-ingur og fyrirtæki geti fylgst með því hvaða réttindi hefur verið sótt um hér á landi og hvort efni einhverra umsókna geti hugsanlega skert önnur réttindi.

Þá sinna ýmis hagsmunasamtök réttargæslu hugverka, þar má nefna Stef (Samtök tónskálda og eigenda flutningsréttar).

Hugverkaréttur er í eðli sínu þjóðarréttur, vernd hugverka er þannig að meginreglu takmarkaður við það land sem skráir hugverkið. Með aðild Íslands að alþjóðlegum stofnunum og samningum eru þó gagnkvæm réttindi milli landa tryggð og unnt er að sækja um alþjóðlegar skráningar.

Einkaleyfi

Einkaleyfi verndar tæknilegar nýjungar.

Einkaleyfi verndar tæknilegar nýjungar í vörum, aðferðum, tækjabúnaði og notkun. Sækja þarf um einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni og ef nýjungin á að njóta verndar, þarf hún að uppfylla kröfur sem settar eru fram í lögum um einkaleyfi nr. 17/1991. Þær eru meðal annars að uppfinningin sé tæknileg, ný og óþekkt á heimsvísu. Þannig má uppfinningin ekki hafa verið kynnt áður í ræðu eða riti, hún þarf að vera verulega frábrugðin því sem þegar er þekkt og hægt þarf að vera að hagnýta hana í atvinnulífi. Þannig eru hugmyndir einar sér, til dæmis um viðskiptaaðferðir, ekki einkaleyfishæfar.

Skráning veitir allt að 20 ára vernd.

Sé umsókn einkaleyfishæf er veitt leyfi til allt að 20 ára frá umsóknardegi. Lyf og plöntuvarnarefni geta þó notið verndar í allt að 25 ár. Leyfið veitir vernd á Íslandi gegn því að aðrir hagnýti uppfinninguna í heimildarleysi.

Hægt er að leggja inn alþjóðlega umsókn.

Með aðstoð Einkaleyfastofu er hægt að leggja inn alþjóðlega umsókn (PCT) um einkaleyfi sem nær til um 120 landa. Slíkt ferli getur tekið langan tíma, enda þarf umsóknin þá fyrst svonefnda alþjóðlega meðhöndlun og hvert ríki um sig þarf síðan að taka ákvörðun um veitingu einkaleyfis.

Gjaldskrá Einkaleyfastofu má finna á heimasíðu hennar. Umsóknargjald greiðist við innlögn umsóknar en til að viðhalda umsókn, og síðar einkaleyfi, þarf að greiða árlegt gjald sem fer stighækkandi.

Tæknilegar upplýsingar um uppfinningu sem óskað er einkaleyfisverndar á eru aðgengilegar öllum frá þeim degi sem umsókn hefur verið auglýst aðgengileg almenningi, sem er 18 mánuðum eftir að hún er lögð inn. Eftir að einkaleyfið fellur úr gildi getur hver sem er hagnýtt sér hugmyndina.

Ferlið getur verið langt og kostnaðarsamt, því er mikilvægt að vita hvað er verið að fara út í.

Einkaleyfi er oft eina leiðin til að vernda hagsmuni uppfinningamanna og annarra sem vilja leggja til fjármagn svo að uppfinning verði að veruleika. Dæmi um þetta eru lyf sem miklum tíma og fjármagni er varið í að þróa en eru tiltölulega einföld í framleiðslu eftir að framleiðslu- og söluleyfi er fengið. Einkaleyfið sjálft getur þó verið dýrt og tímafrekt í vinnslu og það veitir ekki fullkomna vernd. Þannig eru kröfur um frágang umsókna miklar og ferlið frá umsókn þar til einkaleyfi er veitt getur hæglega tekið nokkur ár. Það er því mikilvægt að kynna sér vel hvað er verið að fara út í áður en sótt er um einkaleyfi og í flestum tilvikum borgar sig að leita ráðgjafar hjá sérfræðingum í einkaleyfum og einkaleyfisumsóknum.

Árið 2004 voru einkaleyfisumsóknir hér á landi um 530 talsins, flestar frá erlendum aðilum sem sóttu um í alþjóðlega umsóknarferlinu (PCT). Veitt leyfi voru 64, þar af voru einungis 4 til íslenskra aðila.

Sjá nánar: Lög nr. 17/1991 um einkaleyfi og tilheyrandi reglugerðir, reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl. nr. 916/2001, www.einkaleyfastofan.is, vef Impru nýsköpunarmiðstöðvar, www.impra.is og bók Karls Friðriks-sonar (2004): *Vörubrúun - frá hugmynd að árangri*. Reykjavík: Iðntæknistofnun.

Hönnunarvernd

Hönnunarvernd verndar útlit á vöru.

Hönnunarvernd er ætlað að vernda útlit á vöru. Hún er mun einfaldari að sniðum en einkaleyfið sem verndar tækninýjung. Með vöru er hér til dæmis átt við húsgögn, fatnað, umbúðir, verkfæri, skartgrip, matvöru eða grafísk tákni, þar með talið útlit vefsíðu og skreytingu á nýtjahlutum og fatnaði. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að hönnunar-

vernd nær ekki til virkni vöru og ef einhver kemur með vöruhugmynd sem hefur sömu virkni í grundvallaratriðum en útlitið er frábrugðið, gildir verndin ekki.

Núgildandi lög um hönnun nr. 46 frá 2001 fjalla einungis um hönnunarvernd sem skapast við skráningu Einkaleyfastofu á grundvelli umsóknar. Ákvæði eldri laga um óskráða hönnunarvernd voru því felld brott en óskráð hönnun getur þó í ýmsum tilvikum enn notið verndar samkvæmt ákvæðum höfundarlaga og samkeppnislaga.

Rétthafi hefur einkarétt á útliti eða skreytingu.

Rétthafi hönnunarverndar hefur einkarétt á útliti eða skreytingu þannig að hann getur bannað öðrum að framleiða, nota í atvinnuskyni, markaðssetja, selja eða leigja vöruna, stunda inn- eða útflutning eða safna birgðum af henni.

Skilyrði sem sett eru, eru að hönnunin sé ný og skeri sig frá öðru á markaðnum. Einkaleyfastofa framkvæmir þó engan veginn sambærilega rannsókn á nýjunginni og varðandi einkaleyfi, heldur verður sá sem telur sig eiga betri rétt á hönnuninni að krefjast ógildingar verndar hjá Einkaleyfastofu eða jafnvel hjá dómstólum. Það má því leiða að því líkur að því frumlegri og sérstakari sem hönnunin er þeim mun sterkari sé verndin og líklegri til að hindra eftirlíkingar.

Hönnunarvernd vegna skráningar hjá Einkaleyfastofunni gildir einungis hér á landi en ef ætlunin er að markaðssetja vöru erlendis getur sú skráning komið sér vel því að ef lögð er inn umsókn um vernd í öðrum ríkjum, innan sex mánaða frá umsóknardegi hérlendis, nýtur hönnunin verndar í þeim ríkjum frá og með umsóknardeginum á Íslandi.

Verndin nær til fimm ára í senn og hana má endurnýja fjórum sinnum.

Almennt stendur vernd í fimm ár í senn en hana má endurnýja fjórum sinnum, allt þar til 25 ára verndartíma er náð.

Með umsókn til Einkaleyfastofu skal fylgja tilskilið umsóknargjald og ef skráning er endurnýjuð þarf að greiða endurnýjunargjald um leið.

Sjá nánar: Lög nr. 46/2001 um hönnun, reglugerð nr. 706/2001 um skráningu hönnunar og www.einkaleyfastofan.is.

Höfundaréttur

Höfundaréttur verndar rétt höfunda listaverka, bókmenntaverka og hugbúnaðar.

Höfundaréttur samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972 verndar rétt höfunda listaverka, bókmenntaverka og hugbúnaðar (tölvuforrit). Samkvæmt honum hefur höfundur einkarétt á að gera eintök af verki sínu og birta í upprunalegri eða breyttri mynd. Á þessum rétti eru þó víðtækar og lögbundnar takmarkanir.

Vegna höfundaréttar á forritum er í höfundalögum ákvæði um að sé gerð tölvuforrita liður í ráðningarskilmálum þá eignist atvinnurekandinn höfundaréttinn að forritinu nema sérstaklega sé samið um annað.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um höfundarétt.

Ekki þarf að sækja sérstaklega um skráningu á höfundarétti eða greiða fyrir höfundarétt. Hann er í gildi alla ævi höfundar og 70 ár eftir lát hans.

Sjá nánar: Lög nr. 73/1972.

Vörumerki

Vörumerki eru sérstök auðkenni vöru eða þjónustu til að nota í atvinnustarfsemi.

Vörumerki eru sérstök auðkenni fyrir vöru eða þjónustu til að nota í atvinnustarfsemi. Þau geta verið hvers konar sýnileg tákn sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annars. Þannig geta vöru-

merki t.d. verið orð eða orðasambönd, eins og nöfn á fyrirtækjum eða slagorð, bókstafir eða tölustafir, myndir eða teikningar, útlit, búnaður eða umbúðir vöru.

Vörumerki eru oft nátengd ímynd fyrirtækja.

Vörumerkjaréttur verndar tengslin á milli fyrirtækja og viðskiptavina þeirra. Hann veitir eiganda merkis rétt á að nota það hér á landi og bannar öðrum að nota það eða lík merki í atvinnustarfsemi sinni. Þannig geta merkin þjónað mikilvægu hlutverki við markaðssetningu vöru eða þjónustu, t.d. við aðgreiningu vöru eins framleiðanda frá öðrum eða við auglýsingu. Í vörumerki geta verið fólgnar upplýsingar um uppruna vörunnar og í huga neytenda getur vörumerki jafnvel verið trygging fyrir gæðum. Vörumerki er oft nátengt ímynd fyrirtækja og mikil verðmæti geta verið fólgin í þekktu merki.

Vörumerkjaréttur getur stofnast bæði með skráningu vörumerkis hjá Einkaleyfastofu og með notkun þess.

Vörumerkjaréttur getur stofnast bæði með skráningu vörumerkis hjá Einkaleyfastofu og með notkun þess. Þannig geta menn öðlast vörumerkjarétt þótt merkið sé ekki skráð ef það hefur náð að festa sig í sessi á markaði. Einkaleyfastofan heldur utan um skráningu vörumerkja og má finna skráningareyðublöð á heimasíðu hennar. Við umsókn skal tilgreina fyrir hvaða vöruflokk eða þjónustu merkið óskast skráð og er réttarvernd bundin við þá flokka. Skráningu má endurnýja á 10 ára fresti. Réttur sem byggður er á notkun er í gildi svo lengi sem notkunin er við lýði.

Núgildandi vörumerkjalög eru nr. 45/1997. Þau voru sett í kjölfar endurskoðunar á eldri lögum vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga okkar skv. EES-samningnum. Ísland hefur verið aðili að Madrid-bókuninni um alþjóðlega skráningu vörumerkja frá árinu 1997.

Samningurinn felur í sér að með einni alþjóðlegri umsókn er hægt að sækja um skráningu í öllum aðildarríkjum Madrid-

bókunarinnar. Flest iðnríki heims eru aðilar að þessu alþjóðlega skráningarkerfi, þar á meðal Evrópusambandið. Evrópusambandið rekur sérstaka skráningaskrifstofu fyrir vörumerki í Alicante á Spáni og þar er hægt að sækja um skráningu á s.k. ESB-vörumerki (Community Trademark) sem gildir í öllum ríkjum sambandsins.

Þá má geta þess að meginreglan er sú að vörumerkjarétturinn fylgir með við framsal atvinnustarfsemi, nema um annað hafi verið samið.

Félagamerki

Gæðamerki falla undir svokölluð félagamerki.

Sérstök lög gilda um félagamerki, sbr. nr. 155/2002. Lögin kveða á um að félög eða samtök geti öðlast einkarétt fyrir félagsmenn sína til að nota í atvinnuskyni sameiginlegt auðkenni fyrir vörur eða þjónustu og að stjórnvöld, stofnanir, félög eða samtök sem hafa eftirlit með eða ákveða staðla fyrir vörur eða þjónustu geti öðlast einkarétt til að nota eða heimila notkun auðkennis fyrir þær vörur eða þjónustu (áður nefnd gæðamerki). Flestar reglur vörumerkjalaga gilda fyrir þessi merki og er t.d. notað sama skráningareyðublað fyrir þau og fyrir vörumerki. Í lok árs 2003 voru um 50 félagamerki skráð hér á landi.

Lénsheiti á Netinu

Nokkur umræða hefur verið um réttindi til lénsheita¹⁾ á Netinu. Lénsheiti er auðkenni sem telja verður að sé nátengt vörumerkjarétti. Lén eru þó í eðli sínu alþjóðleg en vörumerkjaréttur er landsbundinn.

¹⁾Lén er notað yfir umdæmi á Internetinu (á ensku: „Domain“). Dæmi um lén er *iti.is*.

Internet á Íslandi, ISNIC, sér um skráningu og úthlutun léna undir þjóðarléninu *.is*. Hægt er að nálgast reglur um skráningu á heimasíðu þeirra, *www.isnic.is*. ISNIC starfrækir úrskurðarnefnd og má finna úrskurði hennar á heimasíðu samtakanna.

Sjá nánar: Vörumerkjalög nr. 45/1997, lög um félagamerki nr. 155/2002, *www.einkaleyfastofan.is* og heimasíðu Internet á Íslandi: *www.isnic.is*.

Kröfur til vöru

Flestar reglur varðandi framleiðslu, gæði og eiginleika vöru eru til að vernda neytendur.

Til að hægt sé að markaðssetja vöru þarf hún að uppfylla þær kröfur sem opinberir aðilar gera til framleiðslu, gæða og eiginleika hennar. Flestar eiga þessar reglur sameiginlegt að vernda neytendur, t.d. öryggi þeirra og heilbrigði, en líka er verið að tryggja ákveðin lágmarksgæði og að neytendur séu þokkalega upplýstir um hvaða vöru þeir eru í raun að kaupa. Auk opinberra krafna, veitir löggjöfin neytendum ýmis úrræði til að tryggja rétt þeirra gagnvart framleiðendum og seljendum vöru.

Opinberar kröfur geta verið allt frá sérstakri prófun og vöruvottun á einstökum hlut framleiðslunnar til innihaldslýsingar á vöru. Segja má að því meiri hætta sem neytendum kann að stafa af vörunni eða þjónustunni á sviði heilbrigðis- og öryggismála því strangari kröfur séu gerðar til vörunnar og þjónustunnar.

Íslensk stjórnvöld þurfa að innleiða flesta þá staðla og kröfur sem gerðar eru til vara á EES-svæðinu.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu erum við skuldbundin til að innleiða flesta þá staðla og kröfur sem gerðar eru til vara á hinum svokallaða innri markaði (sameiginlegum markaði ríkja Evrópusambandsins, auk Íslands, Noregs og Lichtenstein).

Stöðug vinna fer fram á sviði vöruvottunar og því verður einungis stiklað á stóru hvað þetta efni varðar.

Alþjóðleg lög, EES

Áður en vara er markaðssett er nauðsynlegt að afla sér upplýsinga um þær kröfur sem gerðar eru til hennar á viðkomandi markaðssvæði. Slíkar kröfur geta verið margvíslegar, allt eftir því hvaða eiginleika varan hefur eða hvert notagildi hennar er. Almennt má þó ætla að svipaðar kröfur séu gerðar til vöru í flestum ríkjum EES þótt það sé ekki algilt. Rétt

er því að leita sér upplýsinga hjá stjórnslustofnunum, atvinnugreinasamtökum eða Staðlaráði Íslands, eftir því sem við á hverju sinni.

Svokölluð „nýaðferð“ sem notuð er á EES-svæðinu byggir á notkun staðla.

Í hinum ýmsu tilskipunum Evrópusambandsins (sem eru hluti af EES, sbr. Viðauka II við samninginn) eru settar fram lágmarkskröfur til vöru. Flestar tilskipanirnar falla undir svokallaðar „nýaðferðartilskipanir“ en árið 1985 samþykkti framkvæmdastjórn ESB hina svokölluðu „nýaðferð“ sem átti að hraða samræmingu og fækka tæknilegum viðskiptahindrunum. Nýaðferð byggir á að grunnkröfur um heilsu og öryggi séu settar fram í tilskipunum á vörusviðinu en síðan séu nánari útlistanir settar fram í samræmdum, evrópskum stöðlum. Tengslin milli staðlanna og tilskipananna gera það að verkum að vara sem uppfyllir kröfur staðla uppfyllir sjálfkrafa ákvæði tilskipunar. Þar með er vörunni frjálst að fara um markaðssvæði EES-landa.

„Nýaðferð“ byggir á því að allir sem koma að vörunni séu ábyrgir fyrir því að hún uppfylli kröfur

Nýaðferð byggir líka á þeirri grundvallarreglu að ekki skiptir máli hvort viðkomandi er framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili, allir verða að tryggja að varan uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hennar samkvæmt viðkomandi tilskipun.

Tilskipanirnar ná til flestra vöruflokka, s.s. mælitækja, véla, snyrtivara, byggingavara og leikfanga. Sumar ná yfir mjög breiða vöruflokka á meðan aðrar taka aðeins til einnar einstakrar vöru.

Viðurkenningarferli vöru

Ef Evróputilskipun gildir um vöru sem á að framleiða þarf að fylgja henni nákvæmlega.

Ef í ljós kemur að tilskipanir gilda fyrir þann vöruflokk sem ætlunin er að framleiða eða selja þarf að byrja á því að verða sér úti um þá tilskipun sem varan fellur undir. Fremst í hverri

tilskipun er ávallt upptalning á þeim vörum sem undir hana falla. Tilskipunum verður síðan að fylgja nákvæmlega eftir. Auk krafna sjálfra er fjallað um leyfileg viðurkenningarferli vöru og byggjast þau á einni eða fleiri af eftirtöldum aðferðum:

Leyfileg viðurkenningarferli vöru.

Gerðarprófun (tegundarprófun). Viðurkennd prófunarstofa prófar og staðfestir að gerð og innihald vörunnar sé í samræmi við kröfur tilskipunarinnar. Sumar tegundir véla, t.d. hjólsagir, þarf að gerðarprófa. Hér á landi er best að leita til viðkomandi stjórnsýslustofnunar sem leiðbeinir um val á viðurkenndri prófunarstofu. Á milli EES-landa er um gagnkvæma viðurkenningu á prófunum og vottunum að ræða, prófun í einu landi er viðurkennd í öðrum löndum.

Yfirlýsing framleiðanda. Framleiðandinn getur sjálfur gefið út yfirlýsingu um að framleiðsla, gerð, eiginleikar og innihald vöru hans sé í fullu samræmi við tiltekna tilskipun.

Eftirlit. Hér er gerð viðbótarkrafa við yfirlýsingu framleiðanda um sérstakt eftirlit með vörunni. Oft getur verið um að ræða innra gæðaeftirlit framleiðanda sjálfs. Það getur verið skoðun á hverju einstöku eintaki vörunnar eða sýni tekin af handahófi. Þetta eftirlit getur verið í höndum framleiðanda sjálfs eða framkvæmt af viðurkenndri skoðunar- eða vottunarstofu.

Samkvæmt „nýaðferð“ má merkja vöru CE-merki þegar staðfest er að hún uppfylli allar kröfur.

Nýaðferðartilskipanir kveða á um að þegar viðurkenningarferli vöru hefur verið fylgt eftir og komin er staðfesting á því að öllum kröfum til vörunnar er fullnægt má eða á að merkja vöruna með CE-merki. Þar með á sala vörunnar að vera heimil á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. CE-merkið er ekki ábending til neytenda um að vara sé sérstaklega vönduð eða örugg, heldur varðar eingöngu þau stjórnvöld í aðildarríkjum sem bera ábyrgð á eftirliti með því að vara uppfylli

skilyrði ESB. Meginreglan er eftir sem áður sú að allir aðilar sem hafa vöru á boðstólum, til dæmis framleiðendur, bera ábyrgð á því að þær séu öruggar. Þeir verða því sjálfir að tryggja örugga framleiðslu.

Á heimasíðu Löggildingarstofunnar, www.ls.is, er að finna margvíslegar upplýsingar varðandi öryggi vöru og til hvaða vara eru gerðar sérkröfur. Þar er einnig að finna lista um hina ýmsu vöruflokkana sem gerðir hafa verið skv. „nýaðferðartilskipunum“ og reglum um CE-merkingar.

Sjá nánar: Heimasíðu löggildingarstofu, www.ls.is, og vefslóð með ítarlegum upplýsingum um „nýaðferðartilskipanir“ og staðla þeim tengdum: www.newapproach.org.

Almennar reglur um kröfur til vöru

Í lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995 er að finna almennar reglur um öryggi vöru sem boðin er neytendum. Í þeim er gerð sú almenna krafa til framleiðenda eða innflytjenda vöru að þeir markaðssetji einungis örugga vöru en með því er átt við að þær fullnægi kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna skv. opinberum reglum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.

Eftirlit með vöru skiptist í markaðseftirlit, þ.e. skipulagt eftirlit með vörum á markaði, s.s. með vöruskoðun og annarri upplýsingaöflun og töku stjórnsýsluákvæðana til að framfylgja reglum, t.d. ákvörðun um að dreifing vöru skuli stöðvuð.

Vara telst örugg ef hún telst hættulaus við eðlileg notkunarskilyrði.

Vara telst vera örugg ef hún, við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartími, svo og kröfur sem

gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu sem og umhverfis. Þannig telst vara t.d. ekki sjálfkrafa hættuleg þótt önnur öruggari vara sé á markaði eða þótt unnt sé með litlum tilkostnaði að auka öryggi hennar.

Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.
- Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.
- Framsetning vörunnar, merkingar og ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.
- Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.

Framleiðsla og dreifing vöru skal vera í samræmi við opinberar reglur um öryggi hennar. Vara telst örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum sem innleiða Evrópustaðla. Í þeim tilvikum þar sem ákvæði um öryggi vöru er ekki að finna í reglum eða stöðlum, skal öryggi hennar m.a. metið með hliðsjón af eftirfarandi:

1. Íslenskum stöðlum.
2. Tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins þar sem fram koma viðmiðunarreglur um mat á öryggi vöru.
3. Gildandi lögum og reglum um góðar starfsvenjur varðandi öryggi vöru innan viðkomandi atvinnugreinar.
4. Öðrum Evrópustöðlum.

- Öðrum viðeigandi atriðum, þar á meðal eðli vöru, öðrum vörum sem hún er notuð með, tæknistigi og tækni og því öryggi sem neytendur geta vænst með réttu.

Ef ekki eru til sérákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um öryggi tiltekinnar vöru telst viðkomandi vara örugg ef hún er í samræmi við sérreglur í landslögum þess EES-ríkis þar sem hún er markaðssett enda séu slíkar reglur í samræmi við grundvallarreglur Evrópusambandsins og EES-samningsins um leyfilegar takmarkanir að því er varðar öryggi vöru.

Sjá nánar: Lög um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995.

Eftirlit með öryggi vöru

Löggildingarstofan hefur umsjón með eftirliti með vörum.

Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald með öryggi vöru, bæði sem henni er falið sérstaklega að fylgjast með og sem ekki fellur undir önnur stjórnvöld. Á heimasíðu hennar, www.ls.is, er að finna eftirfarandi um ábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila:

Ábyrgð framleiðenda:

- Að markaðssetja einungis örugga vöru.
- Að veita neytendum nauðsynlegar upplýsingar til að meta hættu sem vara getur hugsanlega haft í för með sér.
- Að gera ráðstafanir til að tryggja upplýsingastreymi til neytenda um hættur af völdum vöru sem þeir hafa sett á markað og að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir hættur, m.a. að taka vöru af markaði þegar nauðsynlegt er.

Ábyrgð dreifingaraðila:

- Að láta ekki af hendi vöru sem þeir vita eða ættu að vita að eru hættulegar.

- Að vinna í samstarfi við aðra aðila að því að fylgjast með öryggi vöru sem þeir hafa á boðstólum og koma í veg fyrir, eftir því sem mögulegt er, að slík vara valdi tjóni.

Gátlisti fyrir framleiðendur:

- Hvaða reglur og lög gilda um þá vöru sem þú framleiðir eða flytur inn?
- Eru leiðbeiningar skýrar/aðgengilegar og á íslensku?
- Eru pakkingar samkvæmt reglum?
- Breyta pakkingar eiginleikum eftir síðasta framleiðslu- stig?
- Eru til nákvæmar skrár með upplýsingum um alla í aðfangakeðjunni, s.s. rað- og tegundanúmer vöru og upplýsingar um dreifingu?
- Skyld er að láta varúðarmerkingar fylgja hættulegri vöru.

Vöru sem ekki uppfyllir tilteknar kröfur, má afturkalla, taka af markaði eða banna.

Telji það stjórnvald sem fer með eftirlit að vara uppfylli ekki formleg skilyrði, s.s. um merkingar, leiðbeiningar, vottorð, yfirlýsingar um samræmi eða prófunar- og skoðunarskýrslur, getur það afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu vöru.

Það sama á við ef framleiðandi eða dreifingaraðili torveldar rannsókn eða skoðun vöru eða hefur ekki til staðar tiltækar upplýsingar. Leiki grunur á að vara sé ekki örugg má banna tímabundið sölu hennar á meðan rannsókn stendur yfir.

Samkvæmt lögum um öryggi vöru og almenna markaðsgæslu er Löggildingarstofu heimilt að fela óháðri skoðunarstofu framkvæmd eftirlits á markaði. Lista yfir slíkar viðurkenndar skoðunarstofur má finna á heimasíðu Löggildingarstofunnar, www.ls.is.

Gallaðar vörur

Vara sem ekki uppfyllir samningsbundnar kröfur er gölluð.

Upplýsingar um rétt neytenda vegna galla má meðal annars finna í *Handbók neytenda* sem hægt er að nálgast á heimasíðu Neytendasamtakanna, www.ns.is. Þar kemur fram að almenna reglan sé sú að uppfylli vara eða þjónusta ekki þær kröfur sem samningur neytanda við seljanda kveður á um sé um galla að ræða. Þannig getur vara verið gölluð, enda þótt hún sé fullnægjandi hvað gæði varðar, þar sem hún er ekki í samræmi við það sem neytandinn og seljandinn sömdu um. Vara er líka gölluð ef hún uppfyllir ekki heilsu- eða öryggis-kröfur og aðrar almennar kröfur sem gerðar eru til vöru þeirrar tegundar sem keypt er og gerðar eru af opinberum aðilum og sama gildir ef henni fylgja ekki fullnægjandi varúðar- og meðferðarmerkingar og leiðbeiningar um notkun.

Hafi seljandi lýst vöru og eiginleikum hennar á ákveðinn hátt er hann bundinn við þá yfirlýsingu og neytandinn á rétt á að varan standi undir henni. Vara er líka gölluð ef hún býr ekki yfir þeim kostum sem neytandinn má ætla að hún búi yfir.

Sé vara gölluð getur neytandi, eftir atvikum, gripið til ýmissa úrræða.

Neytandi hefur ýmis úrræði gagnvart seljanda gallaðrar vöru eða þjónustu. Hann getur t.d. neitað að greiða, krafist lagfæringar, krafist nýrrar, ógallaðrar vöru, afsláttar eða bóta vegna viðgerðarkostnaðar eða rift kaupum og fengið peningana til baka.

Sjá nánar: Handbók neytenda 2,0 á heimasíðu Neytendasamtakanna, www.ns.is.

Samkeppni og neytendavernd

Samkeppnislög

Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni.

Samkeppnislög nr. 44/2005 hafa það að markmiði að efla virka samkeppni og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Þannig er þeim ætlað að koma í veg fyrir skaðlega fákeppni og samkeppnishömlur, s.s. samráð fyrirtækja og misnotkun á markaðsráðandi stöðu og eiga þau að auðvelda aðgang nýrra aðila að mörkuðum. Samkeppniseftirlitinu ber að gæta þess að samkeppnislögum sé fylgt og getur það jafnframt bent stjórnvöldum á ákvæði í öðrum lögum sem stríða gegn markmiði samkeppnislaga eða torvelda samkeppni. Telji aðili að samkeppnislög séu brotin eða að ákvæði laga torveldi samkeppni getur hann sent erindi til Samkeppniseftirlitsins (sjá www.samkeppni.is).

Ólögmaett samráð.

Ólögmaett samráð eru hvers kyns samningar eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem er ætlað að takmarka eða geta takmarkað samkeppni. Sem dæmi má nefna samráð fyrirtækja um verð, önnur viðskiptakjör eða skiptingu markaða.

Markaðsráðandi fyrirtæki.

Fyrirtæki telst vera markaðsráðandi þegar það hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og getur að verulegu leyti starfað án þess að þurfa að taka tillit til samkeppnisaðila, viðskiptavina og neytenda. Slík yfirráð geta t.d. náðst vegna markaðshlutdeildar, tækilegrar sérþekkingar eða aðgangs að hráefni.

Misnotkun á markaðsráðandi stöðu.

Markaðsyfirráð ein sér eru þó ekki óheimil, heldur misnotkun þeirra. Misnotkunin felst í því að hið markaðsráðandi fyrirtæki notar styrk sinn gagnvart öðrum til að afla sér óeðlilegra hagsmuna. Sem dæmi má nefna tilraun til að verðleggja keppinauta út af markaði (t.d. með því að selja vöru með tapi), mismunun viðskiptamanna, neitun á við-

skiptum eða þegar ótengdar viðskiptaskuldbindingar eru gerðar að skilyrði fyrir viðskiptum.

Til að vinna gegn skaðlegri fákeppni er í lögnum heimild fyrir Samkeppniseftirlitið til að banna eða setja skilyrði fyrir samruna fyrirtækja. Þetta á þó einungis við ef samanlögð velta þeirra fyrirtækja sem sameinast er meiri en einn milljarður króna og samruninn leiðir til eða styrkir markaðsráðandi stöðu.

Samkeppnislögin taka til hvers kyns verslunar og þjónustustarfsemi, hvort sem um er að ræða rekstur einkaaðila eða opinberra aðila. Stundum er hluti af starfsemi fyrirtækis í samkeppni en hluti starfseminnar nýtur einkaleyfis, sérstakrar verndar eða fjárstuðnings opinberra aðila. Í þeim tilvikum er samkeppniseftirliti heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað þessara tveggja í því skyni að tryggja að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur.

Óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd

Þeim sem stunda rekstur ber að virða góða viðskiptahætti eins og þeir eru á hverjum tíma og forðast að gera eitthvað sem er óhæfilegt gagnvart hagsmunum neytenda. Er með þessu almenna ákvæði reynt að tryggja að samkeppni sé innan þeirra marka sem þjóðfélagið telur siðlegt á hverjum tíma. Undir þetta ákvæði gætu til dæmis fallið óréttmætir samningsskilmálar, framleiðslueftirlíkingar eða rangar upplýsingar til neytenda. Segja má að þessi meginregla sé frekar útfærð í ákvæðum um auglýsingar, ábyrgðir, atvinnuheiti sem finna má í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og í ákvæði um gjafir til starfsmanna sem finna má í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Auglýsingar

Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum.

Sú meginregla gildir um auglýsingar að óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum enda hafi slíkt áhrif á eftirspurn eða framboð vöru eða þjónustu. Auglýsingar mega ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum og þær ber að aðgreina frá öðru efni fjölmiðla þannig að ekki leiki vafi á að um auglýsingu sé að ræða. Sérstakt tillit ber að taka til þess að börn muni sjá eða heyra auglýsingar vegna trúgirni þeirra og áhrifa á þau. Auglýsingar sem höfða eiga til íslenskra neytenda skulu vera á íslensku.

Samanburðarauglýsingar vísa beint eða óbeint til keppinauta, vöru eða þjónustu keppinauta og eru leyfðar með ákveðnum skilyrðum, til að tryggja óhlutdrægan samanburð neytendum til hagsbóta.

Merkingar vöru eða þjónustu

Merkja skal vöru með söluverði á áberandi hátt á sölustað.

Fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu til neytenda skal merkja vöru sína og þjónustu með söluverði og sýna það á áberandi hátt á sölustað. Samkeppniseftirliti er heimilt að setja fyrirmæli um verðmerkingar og aðrar ráðstafanir sem gera neytendum betur kleift að meta verð, viðskiptakjör og gæði. Í slíkum reglum hefur m.a. verið mælt fyrir um að uppgefið söluverð skuli tilgreint sem endanlegt verð með virðisaukaskatti og ef annar kostnaður bætist við söluverðið skal taka það sérstaklega fram.

Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða söluveitingu. Þegar vara er seld í lausri vigt skal söluverð hennar gefið upp miðað við kíló, lítra eða aðra viðeigandi mælieiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á um-

búðirnar. Ef framangreint er ekki hægt má verðmerkja með hillumerki, skilti eða verðlista, enda sé ávallt tryggt að neytendur eigi auðvelt með að sjá verðið. Auk söluverðs er skylt að gefa upp mælieiningarverð, þ.e. verð á lítra ef vara er seld eftir rúmmáli, á kílógrammi ef vara er seld eftir þyngd, á metra ef vara er seld miðað við lengd eða á fermetra ef vara er seld miðað við flatarmál.

Ekki má auglýsa útsölu nema um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Einungis er heimilt að auglýsa útsölu eða lækkað verð ef um raunverulega verðlækkun er að ræða. Þá skal jafnframt tryggja að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vöru var (fyrir lækkun).

Ábyrgðaryfirlýsingar og leiðbeiningar

Ábyrgðaryfirlýsing þarf að veita betri rétt en leiðir af almennum reglum.

Ef sérstakar yfirlýsingar eru gefnar um ábyrgð á söluhlut, t.d. að ábyrgð sé tekin á göllum, er yfirlýsingin einungis gild ef hún veitir viðtakanda betri rétt en leiðir af almennum lögum. Sá sem veitir ábyrgðaryfirlýsingu skal upplýsa neytanda á skýran hátt um gildissvið og skilyrði ábyrgðarinnar, hvað í henni felist og fleiri atriði. Í sumum tilvikum kunna ábyrgðaryfirlýsingar í auglýsingum að vera lagalega bindandi.

Atvinnuheiti

Áður hefur verið fjallað um helstu reglur sem gilda um firma og vörumerki. Í lögum um óréttmæta viðskiptahætti er einnig að finna almenna vernd fyrir slík merki sem getur skipt máli ef hin sérstöku skilyrði sérlaga ná ekki yfir viðkomandi tilvik.

Óheimilt er að reka atvinnustarfsemi og nota villandi upplýsingar um firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt. Jafn-

framt er óheimilt að nota auðkenni, sem maður á með réttu, á þann hátt að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

Gjafir

Refsivert er að bjóða starfsmanni ávinning fyrir að gera eitthvað eða láta ógert, þvert á starfsskyldur hans

Í hegningarlögum, 264 gr. a, er lagt bann við að lofa eða bjóða stjórnanda eða þeim sem starfar fyrir fyrirtæki gjafir eða annan ávinning, sem hann á ekki tilkall til, fyrir að gera eitthvað eða láta ógert þvert á starfsskyldur hans. Refsing við slíkum mútum getur varðað fangelsi allt að tveimur árum. Það er jafnframt refsivert ef stjórnandi eða starfsmaður fer fram á mútur.

Telja verður að utan ákvæðisins falli hefðbundnar tækifærisgjafir sem ekki fela í sér ósk um að viðtakandi brjóti gegn starfsskyldum sínum. Öruggst er hins vegar fyrir starfsmenn að upplýsa vinnuveitanda um gjafir, a.m.k. ef verðmæti þeirra er verulegt.

Almennt um ósanngjarna samningsskilmála

Í einstaka tilvikum er heimilt að víkja til hliðar ósanngjörnum samningum.

Í samningalögum nr. 7/1936 er að finna ákvæði sem heimila að víkja til hliðar, í heild eða að hluta, eða breyta samningi ef talið yrði ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat á slíku skal m.a. líta til efnis samnings, stöðu aðila og atvika við samningsgerð. Sérstaklega er litið til staðlaðra samninga sem gerðir eru við neytendur og skulu slíkir samningar vera á skýru og skiljanlegu máli og teljast samningar ósanngjarnir ef þeir raska til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila neytendum í óhag.

Neytendalán

Neytendalán er lánssamningur við neytendur. Samningurinn þarf að uppfylla viss lágmarksskilyrði.

Það telst neytendalán þegar lánveitandi gerir lánssamning við neytanda í atvinnuskyni. Samningurinn þarf að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði (t.d. lengri en þrjú mánuðir og upphæð hærri en 15.000 krónur).

Slíkur samningur skal vera skriflegur og veita þarf neytanda ýmsar upplýsingar sem eiga að gera honum betur fært að meta umfang skuldbindingarinnar og kostnað við lántökuna, s.s. um fjárhæð útborgunar, vexti, heildarlántökukostnað, heildarupphæð sem greiða skal (samtala höfuðstóls, vaxta og lánskostnaðar), heimild til að greiða fyrir lokagjalddaga og hvort lánskostnaður eða önnur lánskjör séu breytileg og þá skilyrði breytinga).

Sérstaklega skal reikna svokallaða árlega hlutfallstölu kostnaðar, sem er heildarlántökukostnaður (lýst sem árlegri prósentu af upphæð höfuðstólsins, sem er reiknaður út samkvæmt ákveðnum fyrirmælum laganna).

Ef lántökukostnaður og vextir eru ekki tilgreindir í lánssamningi er óheimilt að gera kröfu um greiðslu þeirra. Ef hin árlega hlutfallstala kostnaðar er of lágt reiknuð er einungis heimilt að gera kröfu um hærri heildarlántökukostnað ef lánveitandi getur sannað að neytanda hefði mátt vera ljóst hver lántökukostnaðurinn átti að vera.

Lánveitandi skal upplýsa um árlega hlutfallstölu kostnaðar við lánssamninga í auglýsingum og á starfsstöð. Honum ber einnig að gefa upp staðgreiðsluverð þess selda ef hann er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu.

Sjá nánar: Lög um neytendalán nr. 121/1994.

Lög um húsgöngu- og fjarsölusamninga

Sala utan fastrar starfsstöðvar seljanda telst húsgöngusala.

Ef fjarskipti eru notuð við sölu telst hún fjarsala.

Sérstakar reglur gilda ef húsgöngu- eða fjarsala er notuð við sölu eða leigu á vöru og þjónustu til neytanda og seljandi hefur atvinnu af slíkri starfsemi. Það telst *húsgöngusala* þegar salan fer fram utan fastrar starfsstöðvar seljanda, svo sem á heimili neytanda eða vinnustað hans, og neytandi hefur hvorki óskað eftir né verið kunnugt um að afhending vöru eða þjónustu væri hluti af sölu- eða þjónustustarfsemi seljanda (einnig önnur farandsala). Það telst *fjarsala* þegar við söluuna er notuð ein eða fleiri fjarskiptaaðferð við gerð samnings.

Nokkrar undantekningar eru frá lögunum, s.s. að þau eigi ekki við um samninga þar sem verðmæti er 4000 krónur eða minna, þar sem gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptasambandi neytanda og umboðsmanns seljanda eða þar sem samið er um reglubundna afhendingu matvöru eða annarrar vöru til heimilisnota.

Neytandi á rétt á ýmsum upplýsingum vegna slíkra samninga, s.s. um seljanda, eiginleika vöru eða þjónustu, verð og tilfallandi kostnað, afhendingu og rétt til þess að falla frá samningi.

Húsgöngu- og fjarsölusamningur skuldbindur ekki neytanda fyrr en 14 dögum eftir gerð hans.

Húsgöngu- og fjarsölusamningur skuldbindur ekki neytanda fyrr en 14 dögum eftir gerð hans og er neytanda heimilt að falla frá samningi innan þess frests án þess að tilgreina nokkra ástæðu og án viðurlaga. Ef fallið er frá samningi skal neytandi, innan 30 daga, endurheimta aftur þær greiðslur sem hann hefur innt af hendi og skila þeirri vöru sem hann kann að hafa fengið afhenta.

Sjá nánar: Lög um húsgöngu og fjarsölusamninga nr. 46/2000.

Lög um persónuupplýsingar

Ríkar kröfur eru gerðar um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs sem hafa verður í huga við markaðssetningu. Sérstakri stofnun, Persónuvernd, er ætlað að fylgjast með því að lög um slíkt séu haldin.

Persónuupplýsingar eru upplýsingar sem rekja má til tiltekins einstaklings.

Persónuupplýsingar teljast upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Slíkum upplýsingum skal almennt ekki safnað nema að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, s.s. að hinn skráði hafi veitt samþykki, að slíkt sé nauðsynlegt til að efna samning milli aðila, til að uppfylla lagaskyldu eða að fengnu leyfi Persónuverndar. Sérstök skilyrði eru sett fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Við meðferð persónuupplýsinga skal gæta vissra meginreglna.

Við meðferð persónuupplýsinga skal gætt ákveðinna meginreglna, s.s. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum en afmáðar eða leiðréttar séu þær ófullkomnar. Einnig þarf að varðveita þær í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur, miðað við tilgang vinnslu.

Gæði og öryggi persónuupplýsinga ber að tryggja sérstaklega og jafnframt skal sá sem ábyrgð ber á vinnslu þeirra viðhafa sérstakt innra eftirlit til að tryggja að lög og reglur séu virtar.

Almenningur á rétt á upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga er varða hann.

Almenningur á rétt á ákveðnum upplýsingum frá ábyrgðar aðila um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum, hvaða upplýsingum hefur verið safnað um hann og í hvaða tilgangi.

Vöktun með myndavélum.

Þegar rafræn vöktun (t.d. upptökuvélar) fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal, með merki eða á annan áberandi hátt, gera glögglega viðvart um þá vöktun og greina frá ábyrgðaraðila.

Bein markaðssókn.

Þeir sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrár með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar, eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi, skulu áður en slík skrá er notuð bera hana saman við sérstaka „bannskrá“ Hagstofunnar til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku.

Hægt er að nálgast „bannskrána“ hjá þeim aðilum sem miðla þjóðskrárupplýsingum skv. samningi við Hagstofuna.

Tilkynna ber Persónuvernd um það ef beita á rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga. Þangað má jafnframt sækja um undanþágur frá ýmsum ákvæðum laganna.

Sjá nánar: Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, reglur nr. 698/2004 um tilkynningaskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, reglur nr. 36/2005 um skráningu einstaklinga sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetningarstarfsemi og notkun slíkrar skráar, og www.personuvernd.is.

Lög um vexti og dráttarvexti

Heimilt er að semja um það hvort peningakröfur skuli bera almenna vexti eða ekki og þá hvaða vexti. Sé hins vegar ekki um slíkt samið og það leiði hvorki af lögum eða venju bera þær ekki vexti. Almenna reglan er sú að krafa ber vexti frá stofndegi til gjalddaga.

Semja má um hvort peningakröfur beri almenna vexti eða aðra tilgreinda vexti.

Ef kröfur eru ekki greiddar á gjalddaga sem ákveðinn hefur verið fyrir fram er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti. Dráttarvextir skulu reiknast sem dagvextir og reiknast af ógreiddri kröfu frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi. Ef ekki er samið um gjalddaga kröfu er heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim degi þegar liðinn er mánuður frá því að kröfuhafi var sannanlega krafinn um greiðslu eða dómsmál er höfðað til innheimtu hennar. Dráttarvextir eru sérstaklega ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands (grunnur og vanefndaálag). Heimilt er að semja sérstaklega um að lán beri ákveðið vanefndaálag ofan á grunn dráttarvaxta Seðlabankans eða um fastan hundraðshluta dráttarvaxta, að undanskildum neytendalánnum.

Sjá nánar: Lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Lög um útboð

Í útboði leitar kaupandi eftir skriflegu, bindandi tilboði í verk, vöru eða þjónustu.

Það telst útboð þegar kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í verk, vöru eða þjónustu. Þá er tilboða aflað frá fleirum en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

Útboð skiptast að meginstefnu í tvennt, annars vegar almennt útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefin kostur á að gera tilboð og hins vegar í lokað útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.

Sérstök lög gilda um útboð, sem ná þó ekki til fjármagns- og verðbréfamarkaðar.

Sérstök lög gilda um útboð sem aðferð við að koma á viðskiptum milli tveggja eða fleiri aðila. Lögin ná þó ekki til útboða á fjármagns- og verðbréfamarkaði. Þar er m.a. kveðið á um auglýsingar um útboð, opnun tilboða, frest til að taka tilboði, val á tilboði, höfnun tilboðs, samþykki tilboðs og afleiðingar brots á lögnum.

Í stuttu máli eru meginreglurnar þær að útboðsgögn skulu innihalda nauðsynlegar upplýsingar og frest til þess að unnt sé að gera tilboð. Öll tilboð skulu opnuð samtímis að viðstöddum fulltrúum bjóðenda. Sé um almennt útboð að ræða er kaupanda heimilt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum en sé um lokað útboð að ræða er kaupanda einungis heimilt að taka hagstæðasta tilboði eða hafna þeim öllum. Í þeim tilfellum þegar hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt það lægsta ber kaupanda að senda bjóðendum sem áttu lægri tilboð en það sem tekið var, greinargerð með rökstuðningi um valið á tilboðinu eins fljótt og mögulegt er. Eftir að kaupandi hefur tekið tilboði bjóðanda og bjóðanda hefur verið formlega tilkynnt um það er kominn á samningur milli þeirra í samræmi við útboðsgögn og tilboðið.

Með gildistöku EES voru settar reglur til að tryggja framkvæmd útboðsreglna ESB sem skylda opinbera aðila, einkum ríki og sveitarfélög, til þess að láta fara fram útboð á öllu Evrópska efnahagssvæðinu ef verið er að bjóða út verk, vöru eða þjónustu að fjárhæð sem fer fram úr ákveðnum viðmiðunarmörkum. Sambærilegar reglur gilda innanlands fyrir útboð á verkum, vöru eða þjónustu fyrir lægri fjárhæðir.

Sjá nánar: Lög um opinber innkaup nr. 94/2001, www.rikis kaup.is.

Við ráðningu starfsfólks tekur atvinnurekandi að sér ýmsar skuldbindingar sem ýmist snúa beint að starfsmanninum, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum eða hinu opinbera. Þessar skuldbindingar snúa m.a. að réttindum og skyldum launamanna, s.s. í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Í annan stað snúa þær að innheimtu eða greiðslu ýmissa opinberra gjalda, s.s. staðgreiðslu og tryggingagjalds og skuldbindingu um innheimtu greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda og stéttarfélagsgjalda.

Ráðning starfsmanns

Þegar atvinnurekandi ræður starfsmann er slíkt gert með ráðningarsamningi sem oft er byggður á kjarasamningi.

Kjarasamningur kveður á um lágmarkskjör og ýmis réttindamál.

Kjarasamningur er heildarsamningur sem gerður er milli stéttarfélags starfsmanna og atvinnurekenda eða félags atvinnurekenda. Í honum er kveðið á um lágmarkskjör og ýmis réttindamál, s.s. orlof og laun, vinnutíma, veikindarétt, uppsagnarrétt o.fl.

Semja má um betri kjör í ráðningarsamningi en leiða mætti af kjarasamningi.

Ráðningarsamningur er persónubundinn samningur atvinnurekanda og launþega þar sem launþegi ræður sig til starfa undir stjórn atvinnurekanda, gegn launagreiðslu. Í ráðningarsamningi er heimilt að semja um betri kjör við starfsmann en leiða mætti af kjarasamningi.

Ráðningarsamningar geta bæði verið tímabundnir og ótímabundnir.

Ráðningarsamningar geta bæði verið tímabundnir (bundnir við ákveðið tímabil eða verkefni) og ótímabundnir en ef um það er deilt ber sá sönnunarbyrðina sem heldur því fram að þeir séu tímabundnir. Sé samningur tímabundinn verður honum almennt ekki sagt upp á samningstímanum nema sérstaklega hafi verið kveðið á um það í samningnum.

Ráðningarsamningar eiga að vera skriflegir.

Skipti fyrirtæki um eiganda tekur hinn nýi eigandi yfir réttindi og skyldur samkvæmt ráðningarsamningum við starfsmenn, sbr. lög nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Á Íslandi hefur löngum tíðkast sú almenna regla að ráðningarsamningar geti verið munnlegir jafnt sem skriflegir en af EES-tilskipun leiðir að ganga á frá skriflegum ráðningarsamningum við starfsmenn eða skriflegri staðfestingu ráðningar. Almennt má segja að eftirfarandi atriði komi til skoðunar við gerð ráðningarsamnings:

- Aðilar samnings.
- Menntun, starfsreynsla, áunnin réttindi frá fyrri atvinnurekanda.
- Starfsheiti, hæfniskröfur, starfslýsing.
- Starfstími, upphaf, lengd, reynslutími, hvort ráðning er tímabundin.
- Vinnutími, hvort vinnutími er sveigjanlegur, aukahelgidagar, yfirvinna.
- Undir stjórn hvers er unnið, þagnarskylda.
- Laun, föst laun, launabreytingar, hvernig yfirvinna er reiknuð, álagstímabil, yfirborgun, hlunnindi, bifreiðastyrkur.
- Gjaldldagi launa og greiðslufyrirkomulag.
- Orlof, hvernig með skuli fara á fyrsta ári, ákvörðun um orlof.
- Reglur um tilkynningar um veikindi eða aðrar vinnuhindranir, hvenær þörf er á læknisvottorði.
- Lífeyrissjóður og stéttarfélag.
- Samningsslit, uppsagnarfrestur, reglur um skriflega uppsögn.
- Tilvísun í lög og kjarasamninga.

Sjá nánar: Heimasíðu Alþýðusambands Íslands, www.asi.is.

Ráðning erlendra starfsmanna

Við ráðningu erlendra starfsmanna er ákveðinn munur á því hvort starfsmaður er ríkisborgari Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða kemur frá landi utan svæðisins. Jafnframt eiga mismunandi reglur við eftir því hvort erlendir starfsmenn leita til íslensks fyrirtækis eða hvort íslenskt fyrirtæki leitar eftir þjónustu erlendra aðila og starfsmanna þeirra.

Starfsmaður ekki ríkisborgari EES

Sækja þarf um tímabundið atvinnuleyfi þegar útlendingur kemur í fyrsta skipti til landsins til vinnu.

Ef ráða á erlendan starfsmann þarf atvinnurekandi að sækja um atvinnuleyfi og dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun þó svo að fyrrnefnda leyfið sé útgefið af Vinnumálastofnun. Þegar um er að ræða útlending sem er að koma í fyrsta skipti til landsins skal sótt um tímabundið atvinnuleyfi og þurfa ákveðin skilyrði að vera uppfyllt, s.s. að innlent vinnuafli sé ekki fánlegt, að leitað hafi verið eftir umsögn stéttarfélags, að fyrir liggja ráðningarsamningur, að atvinnurekandi sjúkra-tryggi erlendan starfsmann, að atvinnurekandi ábyrgist heimflutning starfsmanns og að fyrir liggja fullnægjandi heilbrigðisvottorð. Tímabundið atvinnuleyfi þarf að liggja fyrir áður en útlendingurinn kemur til landsins og er leyfið venjulega gefið út til eins árs í senn en þó aldrei lengur en tímamark ráðningarsamnings segir til um.

Áður en tímabundið atvinnuleyfi rennur út skal atvinnurekandi sækja um framlengingu atvinnu- eða dvalarleyfis ef hann vill hafa viðkomandi aðila áfram í vinnu. Heimilt er að framlengja leyfið í allt að tvö ár að uppfylltum sömu skilyrðum og við upphaflega veitingu leyfisins.

Útlendingur með atvinnu- og dvalarleyfi öðlast rétt til ótímabundins atvinnuleyfis eftir að hafa átt lögheimili og

Ótímabundið atvinnuleyfi fæst eftir samfellda fimm ára dvöl og lögheimilisfestu hér á landi.

dvalið samfellt hér á landi í fimm ár en með því getur hann ráðið sig til starfa á íslenskum vinnumarkaði án takmarkana.

Óheimilt er að ráða útlending til starfa eða hlutast til um að hann flytji til landsins án atvinnuleyfis.

Starfsmaður er ríkisborgari EES-ríkis

EES-samningnum er ætlað að tryggja rétt launafólks¹⁾ sem er ríkisborgarar EES-ríkis til að ráða sig til vinnu hvar sem er innan svæðisins (svk. „launþegafrelsi“).

EES-ríkisborgari þarf ekki sérstakt atvinnuleyfi.

EES-ríkisborgari þarf ekki sérstakt atvinnuleyfi og getur ráðið sig án sérstakra hindrana til fyrirtækis með staðfestu á Íslandi. Um réttindi og starfskjör gilda sömu reglur og almennt á íslenskum vinnumarkaði. Dveljist viðkomandi launþegi hér lengur en í þrjá mánuði á hann rétt á EES-dvalarleyfi frá Útlendingastofnun, að uppfylltum ákveðnum lágmarksskilyrðum.

Atvinnurekanda ber að tilkynna um ráðningu ríkisborgara annars EES-ríkis til Útlendingastofnunar áður en viðkomandi hefur störf (sbr. 110. gr. Reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003), nema ef um er að ræða norrænan ríkisborgara eða útlendinga sem hafa búsetuleyfi hérlendis.

Íbúar nýrra ríkja Evrópusambandsins þurfa að sækja um atvinnuleyfi til 1. maí 2006.

Rétt er að taka fram að íbúar nýrra ríkja Evrópusambandsins (þ.e. Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóveníu, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjalands) njóta „launþegafrelsisins“ frá og með 1. maí 2006.

¹⁾Með launafólki er átt við þá sem vinna undir stjórn annarra gegn greiðslu og gildir þá einu hvort um fullt starf eða hlutastarf er að ræða.

Útlendingum ber að greiða skatta á Íslandi eins og öðrum launamönnum.

Skattar erlendra starfsmanna

Útlendingum ber að greiða skatta á Íslandi eins og öðrum launamönnum og þurfa því að fá skattkort til að geta notið persónuafsláttar. Útlendingar sem flytja lögheimili sitt til landsins fá sent skattkort eftir að gengið hefur verið frá skráningu hjá Hagstofu Íslands hafi þeir ekki áður fengið útgefið skattkort. Þeir sem koma til landsins með það fyrir augum að dvelja í skemmri tíma en sex mánuði þurfa að snúa sér til Ríkisskattstjóra til að sækja um skattkort (ath. fyrst þurfa þeir að sækja um kennitölu). Skattkortið sem slíkt er hins vegar ekki ígildi atvinnu- eða dvalarleyfis.

Þjónusta veitt af hálfu erlendra aðila

Samkvæmt EES-samningnum hefur fyrirtæki eða sjálfstætt starfandi einstaklingur með staðfestu í einu aðildarríki EES heimild til að veita þjónustu hér á landi. Það er einkennandi fyrir þjónustu að hún er veitt tímabundið en á meðan skal þjónustuveitandinn vera jafnsettur fyrirtækjum í því ríki sem þjónustan er veitt.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur má koma og veita þjónustu hér án sérstaks leyfis í allt að þrjú mánuði.

Sjálfstætt starfandi einstaklingi sem hyggst veita þjónustu á Íslandi er heimilt að koma til landsins án sérstaks leyfis og dveljast og starfa hér á landi í allt að þrjú mánuði. Taki verk-ið lengri tíma þarf útlendingurinn að sækja um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar. Að sama skapi getur þjónustuaðili flutt starfsfólk sitt með sér hingað til lands til að veita þjónustu/framkvæma verk. Þegar starfsmennirnir eru ríkisborgarar innan Evrópska efnahagssvæðisins er þeim heimilt að dveljast og starfa hér á landi í allt að þrjú mánuði frá komu þeirra til landsins. Eftir þann tíma þurfa þeir að sækja um EES-dvalarleyfi til Útlendingastofnunar. Þegar um er að ræða starfsmenn frá ríkjum utan EES er viðkomandi heimilt

að koma hingað til lands án sérstaks leyfis til að veita þjónustu í allt að 90 starfsdaga á almanaksári hafi þeir leyfi sem jafngildir óbundnu atvinnuleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þjónustuveitandi þarf að geta sýnt fram á þjónustuviðskiptin og að ráðningarsamband sé milli hans og starfsmannanna.

Starfsmannaleigum frá öðrum EES-ríkjum er heimilt að veita þjónustu sína hér.

Á sama hátt og öðrum fyrirtækjum, er starfsmannaleigum með staðfestu í öðrum EES-ríkjum heimilt að veita þjónustu sína hér á landi. Starfsmannaleiga gerir þá þjónustusamning við fyrirtæki hér á landi (notendafyrirtæki) um leigu á tilteknum starfsmönnum.

Starfsmannaleigan er með ráðningarsamning við starfsmanninn sem sendur er til starfa hér á landi þann tíma sem hún þjónustar hið íslenska notendafyrirtæki en enginn samningur er milli notendafyrirtækisins og starfsmannsins.

Meginreglan er að löggjöf þess lands þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu gildir um ráðningarkjör starfsmanna hans. Undanþága frá meginreglunni gildir hins vegar þegar þjónustuveitandi sendir starfsmenn sína til annars lands.

Á þeim tíma þegar starfsmaður veitir þjónustu hér á landi gilda eftirtalin lög um starfskjör hans án tillits til þeirrar erlendu löggjafar sem að öðru leyti gildir um ráðningarsamband starfsmannsins og vinnuveitanda hans:

- Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.
- Lög um orlof, nr. 30/1987, sbr. þó 11. gr.
- Lög um eftirlit með skipum, nr. 35/1993, 4. gr.
- Lög um loftferðir, nr. 60/1998, VI. kafli.

- Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, 11., 29. og 30. gr.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, auk annarra ákvæða um bann við mismunun.

Sjálfstætt starfandi einstaklingur/fyrirtæki frá öðru EES-ríki skal tilkynna Útlendingastofnun fyrirhugaða veitingu þjónustu hér á landi.

Sjálfstætt starfandi einstaklingi/fyrirtæki með staðfestu í einu EES-ríki sem hyggst veita þjónustu á Íslandi er skylt að tilkynna til Útlendingastofnunar um að hann/það ætli að veita hér þjónustu og skal það gert áður en vinnan hefst.

Í tilkynningunni skulu felast upplýsingar um hvaða útlendingar koma hingað til starfa á þeirra vegum, fæðingardag þeirra, heimilisfang og ríkisfang og þá þjónustu sem ætlunin er að veita hér á landi. Tilkynningarskyldan gildir ekki um útlendinga sem eru norrænir ríkisborgarar eða sem fengið hafa búsetuleyfi hér á landi.

Komi útlendingur til starfa hér á landi á vegum erlends fyrirtækis sem tekið hefur að sér verkefni fyrir fyrirtæki hér á landi, skal hið innlenda fyrirtæki tilkynna Útlendingastofnun um það fyrir fram og tilgreina nafn hins erlenda vinnuveitanda.

Í báðum tilvikum gildir tilkynningarskyldan ekki um útlendinga sem eru norrænir ríkisborgarar eða sem fengið hafa búsetuleyfi hér á landi.

Sjá nánar: Lög nr. 96/2002 um útlendinga, lög nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga, lög nr. 54/2001 um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, lög nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, reglugerð nr. 339/2005 um atvinnuréttindi útlendinga, reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga, www.felagsmalaraduneyti.is, www.vinnumalastofnun.is og www.utlendingastofnun.is.

Um réttindi og skyldur ráðningarsambands

Ráðningarsamband vinnuveitanda og starfsmanns felur í sér ýmis réttindi og skyldur fyrir báða aðila. Helstu skyldur starfsmanns eru hlýðniskylda og trúnaðarskylda en atvinnurekanda ber að greiða starfsmanni umsamin laun á réttum tíma og á starfsmaður rétt á sundurliðuðum launaseðli.

Hlýðniskylda

Hlýðniskylda felur í sér að starfsmaður skal hlýða öllum eðlilegum og venjulegum tilmælum um vinnu.

Meginskyldur starfsmanns eru að hlýða öllum eðlilegum og venjulegum fyrirmælum atvinnurekanda um framkvæmd og tilhögun vinnunnar.

Starfsmanni ber skylda til að tryggja að bæði vinnuhraði og gæði vinnunnar séu í samræmi við kröfur atvinnurekanda og þess sem er eðlilegt miðað við aðstæður og forsendur ráðningarsamnings, s.s. menntun, starfsreynslu, þjálfun, vinnuaðstöðu og verkstjórn.

Sé ekki kveðið á um einn ákveðinn vinnustað í ráðningarsamningi og atvinnurekandi stundar starfsemi á fleiri en einum stað, ber starfsmanni að mæta til vinnu á þeim stað sem atvinnurekandi ákveður hverju sinni.

Almenna reglan er að afrakstur vinnu starfsmanns verður eign atvinnurekanda.

Almenna reglan er sú að afrakstur vinnunnar verður eign atvinnurekanda. Vilji starfsmaður áskilja sér höfundarétt eða rétt til hugmynda (t.d. sækja um einkaleyfi) þarf hann að semja um það í ráðningarsamningi.

Rétt er þó að geta þess að samkvæmt höfundaréttarlögum nýtur höfundur ætíð sámdarréttar að verkum sínum þó að hann geti framselt fjárhagslegan rétt (s.s. með vinnusamningi).

Starfsmanni er óheimilt að ljóstra upp um eða hagnýta sér atvinnuleyndarmál.

Trúnaðarskylda

Starfsmanni ber almennt að upplýsa atvinnurekanda um atriði sem varða starfið og skipt geta máli. Hann skal gæta trúnaðar gagnvart atvinnurekanda og þagmælsku um atriði sem gætu skaðað atvinnurekanda. Sérstakt ákvæði er í samkeppnislögum þess efnis að sá sem hefur fengið vitneskju um atvinnuleyndarmál í starfi sínu, megi ekki án heimildar veita upplýsingar eða hagnýta sér slík leyndarmál. Gildir bannið í þrjú ár frá því að starfi lýkur og getur brot varðað sektum eða fangelsi allt að fjórum árum.

Algengt er að samið sé um það í ráðningarsamningum að starfsmenn starfi ekki hjá samkeppnisaðila í ákveðinn tíma eftir að þeir láta af störfum. Slíkt er heimilt en gæta verður þess að samningarnir séu ekki óeðlilega íþyngjandi, enda segir í samningalögum að slíkir samningar séu ekki bindandi ef þeir eru „viðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni“ eða „skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessar skyldur á herðar“. Slík skuldbinding er jafnframt ógild ef starfsmanni er sagt upp án þess að hafa sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess.

Sé ekki um annað samið er starfsmanni heimilt að ráða sig í vinnu annars staðar (t.d. kvöld- eða helgarvinnu) eða reka eigin atvinnustarfsemi, svo framarlega sem slíkt bitnar ekki á fyrri vinnu.

Réttur til launa

Meginskylda atvinnurekanda er að greiða launþega umsamið endurgjald fyrir störf hans, þ.e. laun. Laun geta verið í ýmsu formi, s.s. fjármunir, hlunnindi eða kaupréttur. Kjarasamningar fela í sér lágmarkskjör fyrir viðkomandi starfsstétt en

launakjör eru nánar útfærð í ráðningarsamningum. Almennt tíðkast að greiða laun mánaðarlega og á launamaður rétt á launaseðli með sundurliðun á launaútreikningi sem jafnframt er kvittun hans fyrir staðgreiðslu skatta og lífeyrissjóðsiðgjalda.

Vinnutími

Meginreglur um lengd vinnutíma eru í lögum en frá þeim má víkja með samningum.

Með vinnutíma er átt við þann tíma sem starfsmaður er við störf, til taks fyrir atvinnurekanda og innir af hendi störf eða skyldur. Hámarksvinnutími starfsmanna á viku skal ekki vera umfram 48 klukkustundir að meðaltali á fjögurra mánaða tímabili en heimilt er með samningum að lengja þetta viðmiðunartímabil. Í hinum ýmsu kjarasamningum er að finna nánari útfærslu á lengd vinnutíma.

Almennt skal haga vinnutíma þannig að á hverjum 24 klukkustundum reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn að minnsta kosti 11 klukkustunda samfellda hvíld þótt heimilt sé að víkja frá þessu með samningum eða til að koma í veg fyrir tjón, enda fái starfsmaður samsvarandi hvíldartíma síðar. Á hverjum sjö dögum skal starfsmaður fá að minnsta kosti einn vikulegan frídag en frá þessu má einnig víkja með samningum eða til að koma í veg fyrir tjón.

Vinnutími næturstarfsmanna skal að jafnaði ekki vera lengri en átta klukkustundir á hverju 24 klukkustunda tímabili en heimilt er að víkja frá þessu með samningum. Þó skulu næturvinnustarfsmenn sem vinna sérlega áhættusöm störf eða störf sem fela í sér mikið líkamlegt eða andlegt álag ekki vinna lengur en átta stundir á hverju 24 stunda tímabili.

Sjá nánar: Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, kjarasamninga og Samtök atvinnulífsins, www.sa.is.

Vinna barna og ungmenna

Almenna reglan er að óheimilt er að ráða barn undir 15 ára í vinnu.

Almenna reglan er sú að óheimilt er að ráða barn undir 15 ára aldri til vinnu þó svo að undantekningar séu mögulegar, s.s. vegna menningar- og listastarfsemi, í tengslum við nám eða létt störf, t.d. garðyrkju.

Jafnframt er óheimilt, nema víkja megi frá því vegna starfsnáms, að ráða ungmenni (15-18 ára) til starfa:

- Sem telja má ofvaxin líkamlegu eða andlegu atgervi þeirra eða líkleg til að valda varanlegu heilsutjóni.
- Þar sem hætta er á skaðlegri geislun eða heilsa þeirra getur verið í hættu vegna óvenjumikils kulda, hita, hávaða eða titrings.
- Þar sem er slyshætta sem ungmenni gæti átt erfitt með að átta sig á eða forðast vegna andvaraleysis eða skorts á reynslu eða þjálfun.
- Þar sem hætta er á ofbeldi eða annarri sérstakri hættu, að því undanskildu að ungmennin starfi með fullorðnum.

Heimilt er að víkja frá því sem segir hér að ofan vegna tilfallandi vinnu eða vinnu sem varir í skamman tíma að því er varðar heimilisaðstoð á einkaheimilum eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum sem hvorki telst skaðleg né hættuleg ungmennum.

Ýmis ákvæði gilda um vinnutíma barna og ungmenna þar sem reynt er að koma í veg fyrir að vinnutími verði lengri en átta klukkustundir á dag og 40 stundir á viku og vinnutími skal vera enn styttri á þeim tíma sem skóli starfar. Jafnframt er í lögum ákvæði sem banna næturvinnu barna og ungmenna nema við sérstakar aðstæður, enda verði slíkt bætt með hæfilegum uppbótarhvíldartíma.

*Atvinnurekendur þurfa að láta áhættu-
meta störf sem þeir ætla að bjóða ung-
mennum.*

Atvinnurekendum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi og heilbrigði ungmenna með gerð mats á áhættu sem starf getur skapað þeim. Þetta mat skal fara fram áður en ungmenni hefja störf og í hvert sinn sem verulegar breytingar eru gerðar á starfsskilyrðum.

Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnurekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmennanna þeim að kostnaðarlausu.

Sjá nánar: Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga.

Orlof

*Lágmarksréttur til orlofs er lögbundinn
en semja má um betri rétt.*

Allir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum eiga rétt á orlofi og orlofslaunum. Lágmarksrétt til orlofs er að finna í lögum en heimilt er að semja um betri rétt í kjara- eða ráðningarsamningum.

Orlof skal vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi.

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Vinnuveitandi og launþegi geta samið um hvenær orlof skuli tekið en þó skal orlofi alltaf lokið fyrir lok orlofsárs. Ef ekki er um það samið skal orlof veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september og skal atvinnurekandi reyna að taka tillit til óska launþega um hvenær það skuli tekið.

Ef starfsmaður getur ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma sem vinnuveitandi ákveður skal hann sanna forföll sín með læknisvottorði. Ef starfsmaður getur ekki nýtt orlof vegna veikinda skal hann fá orlofslaun greidd.

Orlofslaun reiknast við hverja launagreiðslu þannig að af heildarlaunum reiknast orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof.

Orlofslaun skulu skráð sérstaklega á launaseðil við hverja launagreiðslu, bæði samtala áunninna orlofslauna frá upphafi orlofsárs og orlofslaun vegna þess greiðslutímabils. Venjulega eru orlofslaun greidd á meðan launþegi er í leyfi á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur.

Við lok ráðningartíma skal vinnuveitandi greiða launþega áunnin orlofslaun.

Ljúki ráðningarsamningi launþega og vinnuveitanda skal vinnuveitandi við lok ráðningartímans greiða launþeganum öll áunnin orlofslaun hans.

Jafnrétti og samræming vinnu og fjölskyldulífs

Samkvæmt jafnréttislögum skulu atvinnurekendur og stéttarfélag vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og skulu atvinnurekendur gæta þess að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Í fyrirtækjum með fleiri en 25 starfsmenn ber að setja jafnréttisáætlun og kveða skal sérstaklega á um jafnrétti kvenna og karla í starfsmannastefnu fyrirtækisins.

Atvinnurekendum ber að gæta þess að karlar og konur njóti jafnræðis í kjörum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Atvinnurekendum ber að gæta þess að karlar og konur njóti jafnræðis í kjörum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þannig mega t.d. viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunum ekki fela í sér kynjamismun. Gæta skal jafn-

ræðis á sama hátt varðandi aðra starfstengda þætti, s.s. stöðuhækkun, stöðubreytingar, endurmenntun, starfsþjálfun, námsleyfi, uppsögn, vinnuaðstæður og vinnuskilyrði. Atvinnurekandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að mismunur í starfskjörum eða meðhöndlun mála sambærilegra einstaklinga af mismunandi kyni skýrist af öðrum þáttum en kynferði.

Atvinnurekendur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni á vinnustað.

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að karlar og konur geti samræmt starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Slíkar ráðstafanir skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að tekið sé tillit til þarfa atvinnulífs og fjölskylduaðstæðna starfsmanna, þar með talið að þeim sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Atvinnurekendur skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað en undir hana fellur kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni verður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn.

Atvinnurekanda er óheimilt að segja starfsmanni upp störfum sökum þess að hann hafi krafist leiðréttingar á grundvelli jafnréttis laga eða hafi kært kynferðislega áreitni eða kynjamismunun. Hann ber sönnunarbyrðina fyrir því að svo sé ekki ef leiddar eru líkur að hinu gagnstæða og uppsögn hefur átt sér stað innan árs frá því að starfsmaður kvartaði undan broti á jafnréttislögum.

Veikindi og vinnuslys

Launamenn eiga almennt rétt til greiðslu launa í ákveðinn tíma þótt þeir séu frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Lágmarksákvæði um þessi efni er að finna í lögum en nánari (og e.t.v. mismunandi) ákvæði eru í kjarasamningum einstakra stéttarféлага. Að sjálfsgöðu er hægt að semja enn frekar um þetta efni í ráðningarsamningi.

Launþegi sem hefur starfað í tiltekinn tíma á rétt á launum þótt hann forfallist vegna veikinda eða slysa.

Hafi launþegi starfað í tiltekinn tíma hjá vinnuveitanda öðlast hann rétt til greiðslna ef hann getur ekki stundað vinnu vegna veikinda eða slysa. Er yfirleitt horft til þess að hann verði óvinnufær vegna þessa. Sama á við um forföll vegna aðgerða sem eru læknisfræðilega nauðsynlegar eða sem liður í að koma í veg fyrir smit. Réttur launamanns skv. lögum veitir hins vegar ekki rétt til greiðslu launa vegna veikinda annarra, s.s. barna, en hins vegar er ákvæði um slíkt að finna í sumum kjarasamningum.

Slys er skilgreint sem óvæntur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama.

Slys er skilgreint sem óvæntur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama. Tilurð slysa skiptir almennt ekki máli um rétt manna til greiðslu launa vegna slysaforfalla, svo framarlega sem hinn slasaði hefur ekki valdið þeim af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Við ákvörðun á því hvenær laun eru greidd í veikindaforföllum er venjulega litið til sjúkdómsskilgreininga læknisfræðinnar þó að það sé ekki algilt.

Sé slys eða veikindi ekki í neinum tengslum við vinnu eiga menn rétt á greiðslu heildarlauna í einn mánuð eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda. Eftir þriggja ára starf eiga menn rétt til mánaðar dagvinnulauna til viðbótar við eins mánaðar heildarlaun og eftir fimm ára starf eiga menn rétt á tveggja mánaða dagvinnulaunum til viðbótar við heildarlaunin í einn mánuð.

Ef forföllin eru vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóma eiga menn rétt á dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði. Sá réttur stofnast þegar við ráðningu. Til viðbótar öðlast menn réttindi í samræmi við almennan veikinda- og slysarétt miðað við starfstíma (þ.e. mest u.þ.b. sex mánaða rétt). Vinnuslys telst slys sem verður við framkvæmd vinnu eða á beinni leið til eða frá vinnu. Atvinnusjúkdómur er sjúkdómur sem á rætur sínar að rekja til starfs viðkomandi.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingarorlof er leyfi frá launuðum störfum fyrir foreldra.

Fæðingarorlof er leyfi frá launuðum störfum til handa móður í þrjá mánuði og föður í þrjá mánuði og þrír mánuðir sameiginlegir foreldrum sem þeir geta skipt á milli sín að vild. Í fæðingarorlofi eiga foreldrar, sem hafa verið samfellt í sex mánuði á vinnumarkaði fyrir upphafsdag fæðingarorlofs, rétt á 80% af meðaltali heildarlauna sl. tólf mánuði og tapa einskis af starfstengdum réttindum. Nær slíkt bæði til foreldra sem eru launamenn og sjálfstætt starfandi. Réttur til fæðingarorlofs stofnast við fæðingu barns en einnig við frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Í báðum tilvikum þarf barnið að vera átta ára eða yngra.

Starfsmaður skal tilkynna vinnuveitanda skriflega um fyrirhugað fæðingarorlof í síðasta lagi átta vikum fyrir orlofið.

Í síðasta lagi átta vikum áður en foreldri ætlar í fæðingarorlof þarf það að tilkynna vinnuveitanda sínum skriflega um fyrirhugaða tilhögun þess. Starfsmaður skal eiga rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi kjósi hann það frekar og er þá vinnuveitanda með öllu óheimilt að breyta þeirri tilhögun.

Foreldri á vinnumarkaði sem fer með forsjá barns á rétt á fæðingarorlofi vegna þess. Það sama gildir einnig um forsjárlaust foreldri ef fyrir liggur samþykki þess foreldris sem fer með forsjá barnsins um umgengni þess forsjárlausa í fæðingar-

orlofi. Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í námi eiga rétt á fæðingarstyrk.

Foreldri sem á rétt á fæðingarstyrk skal sækja um fæðingarstyrk til Tryggingastofnunar ríkisins þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns en foreldri á vinnumarkaði sem á rétt til greiðslna í fæðingarorlofi skal sækja um greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði til Tryggingastofnunar ríkisins sex vikum fyrir áætlaðan fæðingardag barns.

Foreldrar, hvort um sig, eiga rétt á 13 vikna foreldraorlofi.

Foreldrar, hvort um sig, eiga óframseljanlegan rétt á foreldraorlofi í 13 vikur til að annast barn sitt. Rétturinn stofnast við fæðingu barns, eða á þeim tíma þegar barn kemur inn á heimili þegar um ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur er að ræða og fellur niður er barnið nær átta ára aldri. Foreldraorlofi fylgir ekki réttur til greiðslu launa úr Fæðingarorlofssjóði.

Tilkynna þarf fyrirhugaða töku foreldraorlofs með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

Starfsmaður öðlast rétt til foreldraorlofs eftir að hafa starfað samfellt sex mánuði hjá sama vinnuveitanda og skal tilkynna skriflega um töku foreldraorlofs með sex vikna fyrirvara. Foreldri á rétt á að taka foreldraorlof í einu lagi en heimilt er að semja um tilhögun þess við vinnuveitanda, t.d. minnkað starfshlutfall eða skiptingu á tiltekin tímabil. Í undantekningartilvikum getur atvinnurekandi frestað töku orlofs í allt að sex mánuði ef sérstakar aðstæður í rekstri fyrirtækis gera það nauðsynlegt.

Verulegar takmarkanir eru á rétti atvinnurekenda til að segja upp þungaðri konu, foreldrum sem hafa tilkynnt fyrirhugaða orlofstöku og foreldrum í orlofi.

Meðan á fæðingar- og foreldraorlofi stendur, njóta foreldrar tiltekinnar verndar á starfi sínu. Þannig skal ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda haldast óbreytt á þessum tíma og starfsmaðurinn skal eiga rétt á að hverfa aftur að starfi sínu að loknu orlofinu, eða a.m.k. eiga rétt á sambærilegu starfi hjá vinnuveitanda í samræmi við ráðningarsamning. Einnig er óheimilt að segja starfsmanni upp

störfum vegna þess að hann hafi tilkynnt um fyrirhugaða töku fæðingar- eða foreldraorlofs eða er í slíku orlofi, nema gildar ástæður séu fyrir hendi og skal þá skriflegur rökstuðningur fylgja. Sama gildir um uppsögn þungaðrar konu eða konu sem nýlega hefur alið barn.

Ef öryggi og heilbrigði þungaðrar konu, konu sem hefur nýlega alið barn eða konu sem er með barn á brjósti er í hættu samkvæmt sérstöku mati skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef því verður ekki við komið af tæknilegum eða öðrum gildum ástæðum skal vinnuveitandi fela konunni önnur verkefni en að öðrum kosti veita henni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hennar og heilbrigði. Breytingar sem teljast nauðsynlegar á vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma konu skulu ekki hafa áhrif á launakjör hennar til lækkunar eða á önnur starfstengd réttindi.

Sjá nánar: Félagsmálaráðuneytið, www.stjr.is, og lög nr. 95/2000.

Uppsagnir og hópuppsagnir

Uppsögn er tilkynning um slit á ráðningarsambandi frá öðrum aðila þess til hins. Vegna ákvæða í lögum eða samningum um uppsagnarfrest, koma réttaráhrif uppsagnar ekki til framkvæmdar fyrr en nokkru eftir að uppsögn er sett fram, þ.e. í lok uppsagnarfrests.

Tímabundinni ráðningu verður ekki sagt upp nema samið hafi verið um slíkt.

Gera verður greinarmun á því hvort ráðningarsamband er tímabundið eða ótímabundið. Ef um tímabundið ráðningarsamband er að ræða verður því ekki sagt upp nema sérstök heimild hafi verið til þess í ráðningarsamningi.

Réttur til uppsagnar er gagnkvæmur og almennt þarf ekki að tilgreina ástæður.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við næstu mánaðamót eftir að hún er komin til viðtakanda. Réttur til að segja upp starfssambandi er gagnkvæmur og almennt þarf ekki að tilgreina ástæður fyrir uppsögn.

Samkvæmt lögum er uppsagnarfrestur einn mánuður eftir eins árs starf, tveir mánuðir eftir þriggja ára starf og þrjú mánuðir eftir fimm ára starf. Í kjarasamningum og ráðningarsamningum er hægt að semja um lengri uppsagnarfrest.

Meðan á uppsagnarfresti stendur gilda ákvæði ráðningarsamnings, þ.e. starfsmaður vinnur störf sín og atvinnurekandi greiðir laun. Atvinnurekanda er þó heimilt skv. skipunarvaldi sínu að ákveða að starfsmaður þurfi ekki að vinna meðan uppsagnarfresturinn varir. Honum ber þó auðvitað að greiða laun út frestinn.

Ef um verulegar vanefndir á ráðningarsamningi er að ræða getur riftun samnings verið heimil.

Í ákveðnum tilvikum þegar annar hvor aðili vanefnir verulega ráðningarsamning geta starfslok orðið með þeim hætti að samningi sé rift og starfsmaður hætti þegar í stað störfum. Dæmi um slíkt væri ef atvinnurekandi vanrækti að greiða laun eða starfsmaður bryti trúnaðarskyldu sína, t.d. með því að draga sér fé. Yfirleitt þarf viðvörðun eða áminning að vera undanfari þess að grípa megi til riftunar samnings.

Sérstakar reglur gilda um hópuppsagnir stærri hópa starfsmanna.

Sérstök lög gilda um hópuppsagnir en þau leggja kvaðir á atvinnurekanda um samráð við fulltrúa starfsmanna auk tilkynningaskyldu til svæðisvinnumiðlunar. Hópuppsögn telst það þegar 10 mönnum er sagt upp yfir 30 daga tímabil hjá fyrirtæki sem hefur 21 til 99 starfsmenn í vinnu. Aðrar viðmiðanir gilda um stærri fyrirtæki. Hópuppsagnir taka gildi 30 dögum eftir að tilkynning berst svæðisvinnumiðlun en lengja ekki sem slíkar uppsagnarfrest (nema hjá þeim sem eiga rétt á styttri fresti en 30 dögum).

Hafa skal samráð við trúnaðarmann starfsmanna sem felst í því að kynna honum og rökstyðja áform um hópuppsagnir og gefa honum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin af atvinnurekanda. Trúnaðarmaður skal fá þær upplýsingar sem máli skipta, s.s. ástæður fyrirhugaðra uppsagna, fjölda þeirra sem til stendur að segja upp, viðmiðanir við val á þeim sem segja á upp og greiðslur umfram lög eða kjarasamninga.

Markmiðið með samráði við trúnaðarmann starfsmanna er að leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem sagt verður upp og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda flutning í önnur störf eða endurhæfa starfsmenn sem áformað er að segja upp.

Sjá nánar: Lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og lög nr. 63/2000 um hópuppsagnir.

Greiðslur skatta og gjalda vegna starfsmanna

Atvinnurekendur þurfa að sjá um innheimtu ýmissa skatta og gjalda fyrir hið opinbera, lífeyrissjóði eða stéttarfélög. Skulu nefnd nokkur dæmi.

Atvinnurekandi skal standa skil á staðgreiðslu skatta af öllum launagreiðslum.

Fyrir það fyrsta ber að standa skil á staðgreiðslu skatta af öllum launagreiðslum en staðgreiðsla er bráðabirgðagreiðsla tekjuskatts og útsvars launamanna á viðkomandi tekjuári. Fyrirtækjum ber að skila staðgreiðslunni mánaðarlega til viðkomandi skattyfirvalda og fylla út sérstaka skilagrein á eyðublaði frá Ríkisskattstjóra. Við útreikning staðgreiðslunnar ber að taka tillit til persónuafsláttar launamanns ef hann hefur skilað skattkorti til viðkomandi atvinnurekanda.

Öllum launagreiðendum ber að standa skil á tryggingagjaldi.

Sjá nánar: Lög nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, reglugerð 539/1987 um launabókhald í staðgreiðslu, reglugerð 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, reglugerð 13/2003 um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds og www.rsk.is.

Öllum launagreiðendum ber að greiða skatt, svokallað tryggingagjald, sem reiknað er sem hlutfall af öllum greiddum launum. Tryggingagjald skal innheimt og því skilað mánaðarlega á sama tíma og staðgreiðslu af launum.

Sjá nánar: Lög nr. 113/1990 um tryggingagjald, reglugerð 13/2003 um skil á staðgreiðslu útsvars, tekjuskatts og tryggingagjalds og www.rsk.is.

Launagreiðendur skulu halda eftir af launum starfsfólks iðgjaldahluta í lífeyrissjóð og standa skil á mótframlagi.

Atvinnurekendum ber að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess í lífeyrissjóð og standa jafnframt skil á mótframlagi sínu í samræmi við ákvæði laga og kjar- og ráðningarsamninga. Samkvæmt lögum skal lífeyrisiðgjald í heild vera 10% en í kjarasamningum er algengt að samið sé um að hluti launamanns sé 4% af launum en mótframlag 7%. Iðgjaldagreiðslutímabil skal eigi vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíunda næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga.

Að öðru leyti fer um iðgjaldagreiðslur samkvæmt þeim reglum sem settar eru í samþykktir viðkomandi lífeyrissjóðs eða samkvæmt samningum. Launagreiðendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

Sjá nánar: Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Atvinnurekendur ber að innheimta gjöld stéttarfélaganna af launum starfsmanna.

Atvinnurekendur ber samkvæmt lögum að halda eftir af launum starfsmanna félagsgjaldi til viðkomandi stéttarfélags sé um slíkt að ræða. Því skal skila til stéttarfélagsins mánaðarlega og er eindagi venjulega 15. dagur næsta mánaðar á eftir. Jafnframt ber þeim að greiða 1% af útborguðum launum í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema samið hafi verið í kjarasamningum um hærri greiðslu. Að síðustu kann að vera kveðið á um það í kjarasamningum að vinnuveitendur skuli greiða 0,25% af öllum launum í orlofssjóð viðkomandi stéttarfélags. Gjaldsdagi greiðslu vinnuveitanda í sjúkra- og orlofssjóð er venjulega sá sami og vegna stéttarfélagsgjaldsins, þ.e. skil eru gerð mánaðarlega.

Sjá nánar: Lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og lög nr. 19/1979 um greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum.

Samningsbundin skylduþrygging

Samkvæmt ýmsum kjarasamningum er vinnuveitanda skylt að tryggja launþega fyrir dauða, varanlegri örorku eða tíma-bundinni örorku af völdum slyss í starfi eða á eðlilegri leið milli heimilis og vinnustaðar. Hægt er að taka tryggingu hjá hvaða tryggingafélagi sem er og tekur hún gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi hefur störf en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum. Tryggingariðgjald er mishátt eftir því í hvaða áhættuflokki viðkomandi starfsstétt er.

Verktakar

Verksamningur stofnast þegar verktaki tekur að sér, gegn greiðslu, að framkvæma verk og ábyrgjast árangur þess.

Á Íslandi er töluvert algengt að verk séu unnin í verktöku af sjálfstætt starfandi einstaklingum. Með verksamningi er átt við að verktaki taki að sér, gegn greiðslu, að framkvæma

ákveðið verk fyrir verkkaupa og ábyrgjast árangur þess. Með ráðningu starfsmanns er viðkomandi að skuldbinda sig til að vinna hjá atvinnurekandanum og undir stjórn hans gegn tilteknum launum og öðrum starfskjörum.

Verktakar eru í raun sjálfstætt starfandi atvinnurekendur en ekki launamenn. Þeir njóta því ekki réttar til launa frá vinnuveitanda í veikinda- og slysatilfellum, mótframlags í lífeyrisjóði, slysatrygginga, orlofsréttar o.fl. Við gjaldþrot verkkaupa eiga þeir ekki rétt á greiðslum úr Ábyrgðarsjóði launa.

Mikill munur er á stöðu launþega og verktaka gagnvart atvinnurekanda.

Mikill munur er á stöðu launþega og verktaka gagnvart atvinnurekanda. Ef til ágreinings kemur um það hvort um verktakasamning eða ráðningarsamning er að ræða þarf fyrst og fremst að skoða eðli réttarsambandsins en ekki heiti samningsins.¹⁾ Í því efni kann sönnunarbyrðin frekar að vera lögð á vinnuveitanda, enda er hann yfirleitt talinn í betri aðstöðu til að ganga tryggilega frá samningum.

Helstu atriði sem dómstólar horfa á til að meta hvort um sé að ræða verktaka- eða launþegasamning er hvort starfið sé að staðaldri aðalstarf verktaka, hvor aðilinn leggi fram aðstöðu og verkfæri, hvort verkið sé vel afmarkað í tíma, hver sé afstaða samningsaðila gagnvart samningnum, hvort verktaki greiði atvinnurekendagjöld, hvort verktaki beri ábyrgð á verkinu, hvort verktaki beri eigin áhættu af óhöppum og tjónum, hvort verktaki sé aðili að vinnuveitendafélagi eða stéttarfélagi, hvort dreginn sé frá kostnaður á móti tekjum, hvort verktaki standi sjálfur skil á launatengdum gjöldum og hvort verktaki sé með starfsmenn á eigin vegum. Jafnframt er litið til fyrirkomulags greiðslna, þ.e. ef þær eru samkvæmt reikningi og óreglulegar bendir það til að um verksamning sé að ræða.

¹⁾Sbr. Hæstaréttardóm nr. 381/1994.

Skattufirvöld hafa verið að herða reglur um virðisauka-skattsskylda starfsemi og t.d. þurfa þeir sem ætla einungis að vinna fyrir einn verkkaupa að fylla út eyðublaðið RSK 10.31 um könnun á starfssambandi. Í þeim tilvikum sem skattstjórar hafa metið svo að viðkomandi sé í raun launþegi hjá „verkkaupa“, hefur innskattsfrádráttur verið felldur niður og atvinnurekanda gert að standa skil á staðgreiðslu opinberra gjalda. Skattufirvöld hafa þannig heimild til að leggja mat á hvort samningar séu ráðningarsamningar eða verk-samningar í skattalegu tilliti. Ætíð er þó hægt að vísa úr-skurði skattufirvalda til dómstóla sem hafa þá síðasta orðið.

Sjá nánar: www.rsk.is og www.sa.is.

Húsnæði og vinnumhverfi

Staðsetning

Staðsetning fyrirtækis getur verið mikilvæg og jafnvel lykilatriði í samkeppni. Stefnumarkandi ákvarðanir varðandi staðsetningu taka til dæmis mið af nálægð við og aðgengi viðskiptavina og birgja, nálægð við hráefni, kostnað við rekstur og byggingu og hvort hægt sé að fá hæft starfsfólk til vinnu á viðkomandi stað. Umsvifalítill einstaklingsrekstur er oft skráður til heimilis hjá eiganda.

Ganga þarf úr skugga um að húsnæði megi nýta undir starfsemi fyrirtækisins.

Þegar hentugt húsnæði er fundið þarf að ganga úr skugga um að það megi nýta undir fyrirhugaða starfsemi. Þannig þarf starfsemin til að mynda að vera í samræmi við samþykkt skipulag viðkomandi svæðis en sveitarstjórnir annast gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags, sbr. skipulagslög nr. 73/1997. Þá þurfa allar byggingar að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Kröfurnar taka m.a. til brunavarna, öryggismála og hollustuhátta. Ef byggja á nýtt hús, byggja við, endurbyggja, rífa hús, breyta húsi, svipmóti eða notkun þess þarf að sækja um sérstakt byggingarleyfi. Það eru sveitarstjórnir sem fjalla um leyfisumsóknir, veita byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi og annast byggingareftirlit með atbeina kjörinna nefnda og sérhæfðra starfsmanna. Þá getur þurft að huga að leyfum vegna tenginga á lögnum hjá vatnsveitu, rafmagnsveitu og hitaveitu.

Oft þarf að fá leyfi fyrir merkingu á húsnæði atvinnurekstrar.

Þinglýstar kvaðir á húsum kunna að koma í veg fyrir að þau megi nota til atvinnurekstrar. Upplýsingar um kvaðir fást í þinglýsingadeildum hjá sýslumannsembættum. Ef merkja á húsnæði atvinnurekstrar með skilti eða annarri merkingu þarf oftast að fá leyfi fyrir því og þá hjá sama aðila og veitir byggingarleyfi fyrir viðkomandi húsnæði. Leyfisveitingin getur þó heyrt undir aðra aðila, eins og vegagerðina eða jafnvel Náttúruverndarráð eftir atvikum. Frekari upplýsingar má fá hjá sveitarfélögunum.

Öryggi og vinnuumhverfi

Ýmsar skyldur hvíla á atvinnurekanda varðandi aðbúnað, öryggi og umhverfi starfsmanna á vinnustað¹⁾. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 leggja meginlínurnar í þessum efnum en önnur lög og safn reglna fylla síðan út í þann ramma og kveða nánar á um einstaka þætti og starfsemi. Nánari upplýsingar um þessi efni má finna hjá Vinnueftirlitinu, Bildshöfða 16, Reykjavík. Á heimasíðu eftirlitsins er að finna mikið safn upplýsinga og bent skal sérstaklega á svokallaða vinnuumhverfisvísa þar sem teknar eru saman helstu reglur um vinnuumhverfi fyrir mismunandi atvinnustarfsemi (www.vinnueftirlit.is/page-publications).

Vinnuhúsnæði skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi.

Í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 segir m.a. að það skuli innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Þannig þurfa byggingar að vera traustar, umferðarleiðir manna og tækja greiðar og afmarkaðar, rými auðvelt að þrifa og halda við og þannig gengið frá vélum og tækjum, pöllum, stigaopum, gryfjum o.þ.h. að mönnum stafi ekki hætta af.

Aðrar almennar reglur sem má nefna er að lofthæð vinnurýmis skal ekki vera minni en 2,5 metrar, starfsmaður skal njóta minnst 12 m³ loftrýmis við störf sín (lofthæð yfir 4 m ekki tekin með í reikninginn) og minnsta stærð vinnuherbergis sem unnið er í að staðaldri meginhluta vinnudags er 7 m². Gólf skulu rykbundin og gera skal ráðstafanir til að draga úr hálfu þeirra og á þeim mega ekki vera hættulegar upphækkningar, göt eða hallar. Lýsing þarf að vera sem jöfnust og ljósop glugga á veggjum skal að jafnaði vera minnst 10%

¹⁾Vinnustaður er skilgreindur sem húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hjúsa vinnuadstöðu og hvern þann stað innan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.

af gólfleti en 7% á þaki. Hæfilegur hiti er skilgreindur eftir eðli þeirra starfa sem unnin eru í húsnæðinu og þar sem margt fólk starfar og mikill hiti eða annað veldur breytingum á andrúmslofti skal koma fyrir loftræstibúanaði ef gluggar duga ekki. Reglurnar kveða einnig á um að slíkan búnað þurfi að hreinsa reglulega.

Um hávaða á vinnustöðum gilda sérstakar reglur um hávaðavarnir.

Salerni skal að jafnaði vera minnst eitt á hverja 15 starfsmenn og þar sem fleiri en 5 karlar og 5 konur starfa, skulu salerni og snyrting aðgreind. Á þjónustustöðum, þar sem gert er ráð fyrir aðgangi annarra en starfsmanna að salernis- aðstöðu, skal aðstaða starfsmanna vera aðskilin. Ein handlaug fyrir hverja 5 starfsmenn er meginreglan en þó má vera ein handlaug fyrir hverja 10 starfsmenn ef störf valda almennt ekki óhreinindum.

Á vinnustöðum þar sem matar eða drykkjar er neytt að staðaldri skal kaffi- eða matstofa vera í sérstöku rými sem ekki er notað í öðrum, ósamræmanlegum tilgangi. Á fámennum vinnustöðum má innréttu kaffi- eða matstofu án þess að um sérstakt herbergi sé að ræða, enda gæti þar ekki óþrifa eða mengunar. Matstofur eru einnig hugsaðar sem hvíldarstaður fyrir starfsmenn og þurfa þær því að vera bjartar, þægilega skipulagðar og snyrtilegar.

Vinnusvæði utanhúss þurfa að vera þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð.

Vinnustaðir utanhúss skulu skipulagðir þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangandi eða ökutækja. Slíka staði þarf að lýsa ef dagsbirta dagar ekki til. Ef starfsmenn vinna að staðaldri utanhúss þarf að ganga svo frá að þeir séu í skjóli fyrir veðrum, hlutum sem falla, mengun og of miklum hávaða. Þá þarf að tryggja að þeir geti yfirgefið vinnustaðinn í skyndingu ef hætta kemur upp.

Taka skal tillit til þarfa fatlaðra starfsmanna þar sem við á.

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaðinn þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

Öryggisverðir og öryggisnefnd.

Í fyrirtækjum þar sem starfsmenn eru níu eða færri skal vinnuveitandi stuðla að góðum aðbúnaði og öryggi í nánu samstarfi við starfsmenn. Í fyrirtækjum með 10-49 starfsmenn skal atvinnurekandi tilnefna öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi sem öryggistrún-aðarmann. Í sameiningu skulu þessir aðilar svo vinna að því að aðbúnaður og öryggi á vinnustað sé í góðu horfi. Í fyrirtækjum með 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa tvo fulltrúa úr sínum hópi og atvinnurekandi tilnefnir tvo. Nefndin skipuleggur aðgerðir innan fyrirtækisins, annast fræðslu og hefur eftirlit með aðbúnað og öryggi innan fyrirtækisins. Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur er atvinnurekendur óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem slíkir og við uppsagnir skulu þessir aðilar að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Óheimilt er að segja trúnaðarmönnum upp vegna starfa þeirra sem slíkir.

Sjá nánar: Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Sjá einnig heimasíðu Vinnueftirlitsins, www.vinnueftirlit.is.

Félagslegt öryggi atvinnurekenda

Lífeyrissjóðir

Skylda er að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði.

Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs. Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda er ákveðið í sérlægum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti en skal vera lágmark 10% af iðgjaldsstofni. Skipting greiðslu iðgjalds á milli launagreiðanda og launþega fer eftir þeim kjarasamningi sem ákveður lágmarksjör á viðkomandi starfssviði. Yfirleitt skiptist lágmarksiðgjald þannig að launþegi greiðir 4% en launagreiðandi 6 eða 7%. Iðgjald skal greitt mánaðarlega og er gjalddagi tíundi dagur næsta mánaðar.

Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða launþegar þeirra hafa látið af störfum.

Ef kjarasamningar ákvarða ekki aðild að lífeyrissjóði getur greiðandinn ákveðið í hvaða sjóð hann greiðir.

Kjarasamningar ákvarða almennt aðild að lífeyrissjóði en taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða ráðningarbundin starfskjör eru ekki byggð á kjarasamningi getur sá sem greiða á í lífeyrissjóð ákveðið í hvaða lífeyrissjóð hann greiðir.

Lágmarksiðgjald er hlutfall af heildar- fjárhæð greiddra launa.

Lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru en þó skal ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði, eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrk, dagpeninga og fæðispeninga. Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt og upplýsir lífeyrissjóði um iðgjaldastofn og iðgjaldagreiðslur sjóðsfélaga.

Greiðsla í lífeyrissjóð veitir rétt til elli- og örorkulífeyris o.fl.

Lífeyrissjóðir, skv. nánari reglum hvers sjóðs, bjóða sjóðsfélögum upp á ákveðna tryggingarvernd sem í felst ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir og barnalífeyrir. Þeim ber að skilgreina svokallaða lágmarkstryggingarvernd og það hlutfall iðgjalds sem rennur til þess en afgangi iðgjalds má ráðstafa hvort heldur er til sama sjóðs eða annars aðila til myndunar séreignarsparnaðar.

Atvinnuleysisbætur

Réttur á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar sem verða atvinnulausir eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt ákveðnum reglum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

Nauðsynlegt er að atvinnuleysi sé tilkynnt (og skráð) hjá svæðisvinnumiðlun þegar í stað, enda er skilyrði bóta að bótaþegi hafi verið atvinnulaus í þrjá daga samfellt.

Almennt má segja að menn þurfi að vera á milli 16 og 70 ára og hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði.

Sérstakar reglur gilda um sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Sérstakar reglur gilda um þau skilyrði sem sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa að fullnægja til þess að teljast atvinnulausir og njóta bóta. Þær reglur kveða m.a. á um það að rekstur þurfi að hafa stöðvast og að síðustu 12 mánuði áður hafi verið staðið í skilum með greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðsluskatts af reiknuðu endurgjaldi í a.m.k. þrjá mánuði.

Upplýsingar um hámarks- og lágmarksbætur er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is.¹⁾ Bætur skerðast ef bótaþegi fær greiddan lífeyri frá Tryggingastofnun eða lífeyrissjóði.

Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði en sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð.

Sjá nánar: Umfjöllun og eyðublöð á heimasíðu Vinnumálastofnunar, www.vinnumalastofnun.is, lög nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og reglugerð nr. 316/2003, sbr. um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Almannatryggingar

Réttur til bóta úr almannatryggingakerfi er yfirleitt óháður atvinnuþátttöku.

Í lögum um almannatryggingar er kveðið á um ýmsan félagslegan rétt sem allir þeir sem búsettir eru á Íslandi eiga, að uppfylltum ákveðnum almennum skilyrðum. Yfirleitt er réttur til bóta úr almannatryggingakerfinu óháður atvinnuþátttöku en sækja þarf um greiðslur til Tryggingastofnunar. Er helstu bóta getið hér á eftir:

Ellilífeyrir: Greiðist frá 67 ára aldri. Sjómannalífeyrir frá 60 ára aldri. Fullur réttur miðast við 40 ára búsetu hér á landi frá 16 - 67 ára aldurs en réttur til lífeyris stofnast eftir 3 ára búsetu (hlutfallslegur). Eigin tekjur og helmingur fjármagnstekna geta skert ellilífeyri. Greiðslur úr lífeyrissjóði skerða ekki ellilífeyri.

¹⁾M.v. 1. 1. 2005 eru hámarksbætur atvinnuleysistrygginga 4.219 kr. á dag eða 91.426 kr. á mánuði og eru þær greiddar fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Lágmarksbætur eru 1/4 hluti sömu fjárhæðar. Til viðbótar eru greidd 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni sem viðkomandi hefur framfærsluskilyldu með.

Örorkulífeyrir/Örorkustyrkur: Rétt til örorkulífeyris eiga 75% öryrkjar á aldrinum 16 - 67 ára sem búa hér á landi og hafa haft búsetu á Íslandi eða starfað í öðru EES-landi í a.m.k. þrjú síðustu árin áður en sótt er um lífeyri. Búsetutími og tekjur geta haft áhrif til skerðingar.

Heimilt er að greiða örorkustyrk þeim sem eru á aldrinum 16 - 67 ára og hafa samkvæmt mati tryggingalæknis misst 50 - 74% af starfsorku sinni. Óskertur örorkustyrkur er 75% af fullum örorkulífeyri. Tekjur geta haft áhrif til skerðingar.

Sjúkratryggingar: Þeir sem hafa verið búsettir hér á landi undanfarna sex mánuði eru sjúkratryggðir og eiga rétt á ókeypis sjúkrahúsvist. Ef sjúkdómsmeðferð eða -aðgerð er nauðsynleg í erlendri sjúkrastofnun er Tryggingastofnun heimilt að greiða fyrir meðferð erlendis.

Sjúkradagpeningar eru greiddir afturvirkir frá 15. veikinda-degi ef umsækjandi er óvinnufær í a.m.k. 21 dag. Skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga er að umsækjandi sé 16 ára eða eldri, algerlega óvinnufær, hafi lagt niður launaða vinnu og að launatekjur hafi fallið niður.

Slysatryggingar: Ef bótaskyld slys veldur sjúkleika og vinnutjóni er greiddur nauðsynlegur kostnaður vegna lækningar, ýmist að fullu eða að hluta fyrir bæði launþega og atvinnurekendur. Þar getur t.d. verið um að ræða læknishjálp, sjúkrahúsvist, lyf og umbúðir, tannviðgerðir, gervilimi o. fl. Það er þó skilyrði að sjúkleiki eða vinnutjón hafi varað í 10 daga en Tryggingastofnun er heimilt að greiða kostnað vegna styttra tímabils sem fæst eigi greiddur af sjúkratryggingum.

Slysadagpeningar eru greiddir frá og með áttunda degi eftir að bótaskyld slys hefur orðið og hinn slasaði verið óvinnufær í minnst tíu daga. Slysadagpeningar eru að jafnaði ekki

greiddir lengur en í 52 vikur. Slys getur leitt til þess að réttur myndist til örorkubóta.

Fæðingarstyrkur: Fæðingarstyrkur er greiddur foreldrum sem hafa verið utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi. Skilyrði fyrir greiðslu er að foreldri hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði á undan. Sérstakar reglur gilda um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Sjá nánar: www.tr.is og almannatryggingalög nr. 117/1993.

Frjálsar tryggingar

Frjálsar tryggingar eru tryggingar sem atvinnurekandi ákveður sjálfur að taka.

Með frjálsum tryggingum er átt við tryggingar sem atvinnurekandi sjálfur ákveður að hafa til að draga úr áhættu á fjárhagstjóni vegna skyndilegra áfalla. Hvert efni slíkra trygginga er fer eftir samningum við tryggingafélög hverju sinni og er umfang samninga og iðgjöld mismunandi, t.d. eftir því hvaða áhætta er tryggð, líkum á tjóni og hversu háar bætur beri að greiða (t.d. upphæð sjálfsábyrgðar eða þaks). Almennt má skipta frjálsum tryggingum í tvo meginflokka, annars vegar persónutryggingar og hins vegar skaðatryggingar.

Í einstaka tilvikum er skylt að taka tryggingar.

Í ákveðnum tilvikum er aðilum skylt skv. lögum að taka ákveðnar tryggingar, s.s. brunatryggingu húseigna, ábyrgðartryggingu ökutækja og starfsábyrgðartryggingu ákveðinna starfsstétta.

Persónutryggingar eru líftryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar, þar sem líf eða heilsa váttryggingataka eða annarra er tryggð. Slysatryggingar tryggja gegn vinnuslysum eða atvinnusjúkdómum, sjúkratryggingar tryggja gegn veikindum eða heilsutjóni og líf- og heilsutryggingar skiptast ýmist í áhættu- eða söfnunarlíftryggingar þar sem annars

vegar er greitt út við dauða eða frá tilteknum aldri og hins vegar þar sem tryggt er gegn heilsumissi eða líkamstjóni.

Skaðatryggingar eru váttryggingar gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum, váttryggingar gegn skaðabótaábyrgð eða kostnaði og aðrar váttryggingar sem ekki teljast persónutrygging. Undir þetta falla m.a. eignatryggingar, þ.e. tryggingar gegn skemmdum á eignum, s.s. fasteignum, bifreiðum eða farmi, greiðslu- og efndaváttryggingar, þ.e. tryggingar gegn vanefndum eða vanskilum skuldunauts og fjárhagslegar váttryggingar, þ.e. tryggingar gegn tapi af völdum atvinnuleysis, tekjutapi almennt, s.s. vegna rekstrarstöðvunar, ábatamissis eða óbeins taps í viðskiptum. Jafnframt falla undir þennan flokk ábyrgðartryggingar sem snúa að tjóni sem hinn váttryggði kann að valda á hagsmunum annarra. Í sumum tegundum af atvinnustarfsemi getur verið skylt að hafa sérstaka ábyrgðartryggingu, s.s. hjá lögmönnum, fasteignasölum, verðbréfamiðlurum og ferðaskrifstofum.

Sjá nánar: Lög um váttryggingasamninga nr. 7/2004 (gildistaka 1. janúar 2006), heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, heimasíðu Sambands íslenskra tryggingafélaga, www.sit.is, og heimasíður tryggingafélaganna.

Stuðningsumhverfi fyrirtækja

Víða er hægt að leita fanga varðandi fræðslu, menntun og þekkingu um ýmislegt sem viðkemur stofnun og rekstri fyrirtækja. Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri bjóða allir nám þessu tengt, auk þess sem endurmenntunardeildir háskólanna bjóða upp á úrval námskeiða varðandi ýmsa þætti tengda fyrirtækjarekstri.

Símennt Háskólans í Reykjavík býður upp á ýmis námskeið fyrir frumkvöðla í samstarfi við Þekkingarsetur Iðntæknistofnunar. Þar á meðal er námskeiðið *Stofnun og rekstur smáfyrirtækja*. Þá stendur Impra nýsköpunarmiðstöð fyrir námskeiðum undir merkjum *Brautargengis* og *Frumkvöðla-skólans*.

Impra nýsköpunarmiðstöð á Iðntæknistofnun er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Þar er megináhersla lögð á að styrkja atvinnulíf með því að auka þekkingu og hæfni. Verkefni Impru greinast m.a. í Frumkvöðlasetur, Evrópumíðstöð, stuðning við frumkvöðla og uppfinningamenn og stuðning við starfandi fyrirtæki. Stuðningur við frumkvöðla felst m.a. í handleiðslu við stofnun og rekstur fyrirtækja, frumkvöðlastyrkjum og fræðslu.

Á heimasíðu Impru eru upplýsingar um þá þjónustu sem þar er í boði og helstu verkefni. Þar eru einnig hagnýtar upplýsingar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki, bæði fyrir þá sem þegar stunda fyrirtækjarekstur og þá sem eru að hefjast handa. Einnig eru þar ýmis tæki eins og áætlanagerðarlíkan, sem er gagnlegt hjálpartæki við gerð viðskiptaáætlana, líkan til að meta arðsemi fjárfestinga, virðistré, líkan sem er notað til að meta raunhagnað fyrirtækja út frá breytingum í rekstrar- og efnahagsþáttum og bókhalds- og uppgjörslíkan, sem er gagnlegt til að auka þekkingu á bókhaldi og fá innsýn í uppgjör.

Opinber stuðnings- og átaksverkefni

Ímpra heldur utan um fjölmörg stuðnings- og átaksverkefni sem eiga að koma fyrirtækjum og frumkvöðlum til góða:

Vöruþróun: Vöruþróunarverkefni gefur fyrirtækjum kost á aðstoð við að þróa samkeppnishæfa vöru á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Þátttakendur fá faglegan og fjárhagslegan stuðning við vöruþróun og að koma vöru á markað á skömmum tíma.

Átak til atvinnusköpunar: Ímpra hefur umsjón með styrkveitingum úr verkefni iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, *Átaki til atvinnusköpunar*. Styrkirnir styðja atvinnuskapandi verkefni á vegum fyrirtækja og einstaklinga. Markmiðið er að efla frjóa hugsun, auka atvinnu og sköpun veðmæta og bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og frumkvöðla.

Frumkvöðlastuðningur: Í verkefninu Frumkvöðlastuðningur eru veittir smærri styrkir til stuðnings við nýsköpunarhugmyndir einstaklinga og minni fyrirtækja. Stuðningurinn er veittur á fyrstu skrefum frumkvöðuls við áætlanagerð og mat á raunhæfi viðskiptahugmynda.

Nýsköpun í starfandi fyrirtækjum: Markmiðið með verkefninu er að innleiða hugmyndir og aðferðir nýsköpunar í stefnu og starfsemi fyrirtækja og gera þau hæfari í samkeppni. Fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu fara í gegnum endurskoðun á stjórnkerfi og endurskipulagningu á nýsköpunar- og þróunarferlum.

Skrefi frammar: Skrefi frammar er ráðgjafaverkefni þar sem Ímpra greiðir niður ráðgjafakostnað þátttökufyrirtækja. Markmið verkefnisins er að auðvelda stjórnendum fyrirtækja að bæta rekstur og auka þekkingu innan fyrirtækjanna með utanaðkomandi ráðgjöf og þar með auka veltu og arðsemi.

Styrkir eru einnig í boði hjá fleiri aðilum, eins og t.d. Kvennasjóði Vinnumálastofnunar, atvinnuþróunarfélögum og þróunarsjóðum einstakra sveitarfélaga eða svæða, Bændasamtökunum o.fl. Stuðningsverkefni og styrkir geta tekið breytingum eftir fjárveitingum og starfsáætlun hverju sinni. Upplýsingar um verkefni og styrki má finna á lista yfir stuðningsaðila á heimasíðu Impru, www.impra.is.

Frumkvöðlasetur

Impra starfrækir *Frumkvöðlasetur* á Iðntæknistofnun. Þar er mögulegt að fóstora níu ný fyrirtæki sem byggð eru á sérstöðu og nýsköpun. Aðstoðað er við stofnun fyrirtækjanna og rekstur þeirra í allt að fimm ár, m.a. með aðstöðu og sérfræðipækkingu. Sérstakir skilmálar gilda fyrir þau fyrirtæki sem vistuð eru á Frumkvöðlasetrinu.

Markmið frumkvöðlaseturs er að skapa þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun og veita frumkvöðlum faglega þjónustu og stuðning við framgang hugmynda sinna.

Auk Frumkvöðlaseturs Impru eru starfrækt Frumkvöðlasetur Norðurlands, www.fn.is, Frumkvöðlasetur Austurlands, www.hornafjordur.is/fruma og Klak, sem kemur að mótun, mati og útfærslu viðskiptahugmynda sem byggja á upplýsingatækni, www.klak.is.

Sókn á erlenda markaði

Hvort sem íslensk fyrirtæki ætla að koma vörum sínum á markaði erlendis eða komast í samstarf við erlend fyrirtæki er víða hægt að leita aðstoðar.

Evrópumiðstöð Impru: Aðstoðar íslensk fyrirtæki við að koma á tæknisamstarfi við evrópska aðila. Evrópumiðstöð er aðili að stærsta samstarfsneti heims sem miðlar tækni og þekkingu. Þar er hægt að finna nýja tækni til að nýta í fyrirtækjum og einnig koma nýrri tækni, sem þróuð hefur verið, á framfæri við önnur fyrirtæki álfunnar. Evrópumiðstöð veitir einnig upplýsingar um möguleika á þátttöku í 6. rammaáætlun ESB. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Impru, www.impra.is.

Útflutningsráð Íslands: Hefur það meginmarkmið að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að selja vörur sínar, þjónustu og þekkingu erlendis. Það veitir íslenskum fyrirtækjum upplýsingar um ýmis tæknileg atriði er lúta að útflutningi, s.s. varðandi tolla, lög, reglugerðir, viðskiptaskilmála og framleiðslukröfur. Þá veitir ráðið erlendum aðilum upplýsingar um íslensk fyrirtæki, vörur þeirra og þjónustu og hefur frumkvæði að því að koma á viðskiptalegum tengslum milli innlendra og erlendra fyrirtækja. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Útflutningsráðs, www.utflutningsrad.is.

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins, VUR: Hefur m.a. það hlutverk að leysa úr vandamálum sem upp koma í samskiptum fyrirtækja við erlend stjórnvöld, veita íslenskum fyrirtækjum faglega þjónustu á mikilvægum mörkuðum og styrkja íslenska útrás með víðfeðmu neti sendiráða og ræðismanna Íslands á erlendri grundu. Nánari upplýsingar má finna á www.vur.is.

